flestir¹, meðalmaðr at vexti, hann var bæði [vel hærðr ok skeggjaðr², atgervismaðr mikill um flesta hluti, talaðr³ vel, djúpráðr, þolinmóðr, grimmr úvinum bæði með opinberum rœðum⁴ ok leyniligum vélum, langrækr, mildr af fé. Á einu hausti váru þessi tiðendi með Danakonungi, at til hans kom bróðursunr hans, sá er hét Haraldr, hann var sunr Knúts [hins danska⁵, Gormssunar; hann kom or viking með [mikit fé⁶, fyrir því⁷ var hann kallaðr Gullharaldr. Þenna vetr váru þeir Hákon báðir [i hirð Danakonungs.⁸ Hákon sékk sótt hætliga ok lá lengi vetrarins. Með þessum hætti var mein hans, at hann neytti lítt matar ok drykkjar⁹ ok svaf lítit; ekki hafði hann stóra¹⁰ verki. Ein saman vildi hann jafnan vera eða með [fá menn, nema þá sem¹¹ hánum höfðu lengi þjónat. Svá kom at menn tóku þat at ráða¹², at hann myndi [vixtr vera ok eigi svá vitandi sem hann skyldi¹³. Konungr kom at finna hann, ok varð [lítit um þeirra rœðu¹⁴, fyrir því at Hákon vildi fátt mæla. Gullharaldr kom ok at finna hann fyrir sakar hans vizku ok djúphyggju¹⁵, er allir¹⁶ sögðu, at hann væri hinn vitrasti maðr, ef hann hefði heilsu sína. Hann tók þá at rœða fyrir hánum sinn vanda, þviat¹⁷ hann var konungs sunr ok þóttisk eigi vera verr til kominn ríkisins en Haraldr konungr, föðurbróðir hans. En er Hákon heyrði þessa rœðu, þá svaraði hann ok kallaði¹⁸ hann eigi vera verr til fallinn at njóta síns faðernis¹⁹, ok sagði ef Knútr hefði lifat, at Gormr ok allir Danir myndu vilja hann konung, en eigi Harald, en nú er hans sunr görr²⁰ einn vikingr, en ef þetta ráð²¹ kemr fyrir Dani, þá munu þeir vilja²² Knúts sun fyrir konung.

38. Haraldi sýnisk nú eigi annat ráð en beiðask af konunginum²³ landa ok ríkis, rœddi þetta mál fyrir konunginum frænda sínum eptir ráði Hákonar, ok vildi vita fyrst ef þat mætti gangask²⁴ með vild. Við þessa rœðu váru fáir menn. Konungr tók þungliga at skipta [sínu veldi undir aðra menn²⁵, slitu svá sínu tali at báðir váru reiðir. Þá²⁶ spurðisk at Háconi böettisk. Litlu síðar þá kom konungr á fund Hákonar, [berr upp sinn vanda, ok spyrr ráða, hver svör hann skyldi hafa, ok sagði hvers kraft var.²⁷ Hákon svaraði mœðiliga ok

1) menn aðrir tilf. 2) saal. B; harðr maðr ok vel siðugr A 3) saal. B; talaði A 4) rœðum 5) Danaástar 6) ofsa fjár 7) þá sök 8) saman með Danakonungi 9) drykks 10) stranga 11) fámenni ok þá er 12) rœða 13) vixtr verða eða óvitandi 14) lítil þeirra viðrœða 15) djúpræðis 16) menn tilf. 17) ok þat at 18) taldi 19) en Haraldr konungr tilf. 20) sem tilf. 21) udel. 22) hafa tilf. 23) föðurbróður sínum tilf. 24) verða 25) við hann ríki eða landi 26) því næst 27) ok bar upp fyrir hánum hvers hann var krafðr, ok spyrr ráðs, hver svör hann skyldi hafa um þetta mál.

hörmuliga, ok sagði at hann harmaði mjök þetta mál ok lézk ilt¹ þykkja, ef þá skyldi minka ríki konungsins, er² hann var með hánum; en þó sagði hann Gullharald³ til rétts kalla. „Gef til heilt ráð,“ sagði konungr, „fyrir því at ek sé, at þú ert mér velviljaðr ok lætr þér illan þykkja várn vanda.“ „Gefið mér stund til, herra! at [ihuga svá mikit vandamál⁴“ sagði Hákon. Ok skiljask at svá búnu. Hér eptir má [njóta tals⁵ Hákonar [ok skiljask⁶ um þá hluti er mestu þótti varða.

Gullharaldr kom nú á fund Hákonar, kærir [sinn skaða⁷: faðir 39. hans var dauðr, en sjálfur hann eignalauß⁸, ok föðurbróðir hans reiðr⁹, bað nú [mjök heilræða¹⁰. Hákon svaraði hánum ok lézk talat hafa mál hans við konung, ok lézk¹¹ eigi vel hug um segja, at nökkut myndi af konungi fá. Aðra tölu gerir hann til huggnar Haraldi, ok sagði at hann myndi konungr verða, ef hann vildi fylgja sínu málí¹², ok lét¹³ mest myndu til skorta, ef eigi hlýddi¹⁴ kapp ok þrályndi ok harðræði. Þá þóttisk Haraldr skilja at Hákoní sýndisk þat ráð, at hann létti eigi tilkallinu¹⁵, ok sagði at eigi skyldi harðraeði skorta, ef hann kœmi í fœri. En [nökkurri stundu¹⁶ siðar kemr Danakonungr sjálfur til Hákonar at vita, hvárt hann hefði nökkut hugsat¹⁷ hans mál. Hákon svaraði svá, at um hans mál [hefði hann vakat nött ok dag ok mart sinn¹⁸ hugsjúkr verit. „Ek hefi,“ sagði Hákon, „talat þetta fyrir vitrum mönnum ok yðrum góðum vinum, lízk öllum því meiri yðarr vandi, er [erendi er djúpara sét¹⁹; yðarr frændi Gullharaldr er þrálundaðr²⁰ á mál sitt²¹. En einn hlutr harmar oss mest ástvini yðra: Gormr faðir yðarr varð svá mikill maðr í [sinni aett²², at hann eignaðisk margra konunga veldi, nú verði þér þat miðla í tvá staði; hvern man [finna mega ráð til þess²³, at þér haldið veg yðrum fullum ok ríki ok löndum, en frændi yðarr²⁴ Gullharaldr féngi þau svör, at²⁵ hánum væri svarat eptir lögum ok réttendum?“ Þá svaraði konungr með áhyggju 40. mikilli: „Mart mælir þú, Hákon! Hversu má þetta vera at ek [miðli hálfu²⁶ Danaveldi²⁷ ok eiga þó einn alt?“ Þá svaraði Hákon: „Hvern man litit vinna til mikils; þat væri höfðingja bragð, at eiga sjálfur ríki sitt Danaveldi, en gera frænda sinn svá mikinn mann, at hann hefði

1) illa 2) meðan 3) tilkominn ok tilf. 4) hyggja at svá miklu vandamáli
 5) ná málí 6) udel. 7) sitt mál, at 8) ríkislauss 9) ræðr 10) heilla
 ráða 11) lét sér 12) hánum 13) á þat tilf. 14) fylgði 15) kallinu
 16) nökkuru 17) ihugat um 18) haði hann vakat bæði nætr ok daga
 ok opt 19) optar er um rætt 20) þrályndr 21) ef þér varnið hánum
 rétts tilf. 22) saal. B; í æru sinni A 23) saal. B; þat finna megu A
 24) þín 25) er 26) miðla hálft 27) við Harald tilf.

- annat veldi eigi minna; svá myndi gera yðarr frændi¹ Gormr, at minkask eigi af göfgum frænum sínum, œxla heldr þeirra megin² ok taka þar til [annarra eign³.“ Þá svaraði konungr: „Satt [mæli þér⁴, Hákon, [þat væri víst höfðingja bragð⁵; en hvar er nú laust eða falt ríki?“ Þá svaraði Hákon: „Noregs veldi⁶ er falt öllu landsfólkini⁷, ok Norðmönnum⁸ er mikit úhapp at sínum konungum, svá eru þeir
41. ok makligir at deyja fyrir [mörg sín illvirki⁹.“ Þá svaraði Dana-konungr: „Synir Eiriks eru hreystimenn miklir ok sigrsælir, en Noregr illr¹⁰ at sökja með hernaði.“ Þá svaraði Hákon: „Haraldr man ekki varask at koma til Danmarkar, ef þér sendið hánum orð¹¹; þá má Gullharaldr drepa hann.“ Þá mælti Danakonungr: „Ef Haraldr konungr [er dreppinn, þá er¹² farit ríki Gunnhildar suna.“ Gengr þá í brott¹³ ok er kåtr. Litlu eptir þetta reis Hákon upp ok taldisk¹⁴ vera heill maðr. Kemr saman tala¹⁵ þeirra frænda, Haralds konungs ok Gullharalds, ok [þar var hann sjálfur við; þeir røddusk við marg a daga¹⁶, ok vissi engi maðr nema þeir¹⁷, hvat í ráðagerð var.
42. Haraldr konungr Gormssunr sendi menn með¹⁸ skipi í Noreg á fund Haralds fóstrsunar síns með þeim orðum, at Danakonungr hafði spurt ánauð ok hallæri af Noregi, ok þat at konungi var kostnaðarsamt at halda hirð sína, fyrir því at boendr máttu eigi gjalda landskyldir sinar [fyrir féleysi¹⁹; bað Haraldr fóstrsun sinn koma til Danmarkar, ok bauð hánum Jótland til vetrsetu ok yfirferðar með tvau hundruð manna. Þetta mál bar Haraldr konungr fyrir ráðgjafa sína, sýndisk hánum ráðligt at þiggja svá mikil lén af fóstrfeðr sínum, en sumir sögðu at [vera myndu²⁰ svik. En boendr [fýsti mjök ok alla alþýðu²¹, ok telja at vera munu en mestu heilræði, ok eigi konungligt at þora eigi at sökja vináttu þviliks höfðingja²². Ok fyrir þá sök at Haraldr konungr var áhlýðinn ok eigi djúphugaðr, þóttisk engan hafa skaða gört Danakonungi nema þat er hann rak nauðsyn til, þá ferr Haraldr til Danmarkar ok hafði þrjú langskip ok 80 manna á hverju skipi. Kom suðr til Limafjarðar [ok var þar staddir sem heitir Háls²³.
43. Gullharaldr var þá búinn með niu skip at fara í hernað; hann kemr með þessu liði öllu á fund Haralds Eirikssunar. Þá fanr Haraldr

1) faðir 2) magn 3) ríkis sem væri 4) segir þú 5) saal. B; mgl. i A
 6) ríki 7) saal. B; landsbúinu A 8) Noregsmönnum 9) illræði sín
 ok ill verk 10) ilt 11) herra! tilf. 12) væri dreppinn, þá væri 13)
 braut 14) sagðisk 15) tal 16) røddusk þeir við marg a daga ok var
 Hákon með þeim 17) einir tilf. 18) skipuðu tilf. 19) féleysis sakar
 20) þat myndi vera 21) fýstu hann mjök ok öll alþýða til 22) sem
 Danakonungr var tilf. 23) tilf. B; mgl. i A.

konungr Gunnhildarsunr¹, at hann var svikinn með ráðum² Hákonar ok tilsetningu Haralds Gormssunar ok framkvæmd Gullharalds. Haraldr konungr hét þá á lið sitt, bað þá bregða sverðum sínum drengiliga ok verja sik, brá hann sjálfr sverði ok stóð fyrir framan merki, svá sem segir Glúmr Geirasunr:

Mælti mætra hjalta
málmóðinn, sá blóði,
þróttarorð, er þorði
þjóðum völl at rjóða:
víðlendr um bað vindu
verðung Haraldr sverðum
(fragt þótti þat flotnum³
fylkis orð) at morði.

Heinþyntan lét hvína
hryneld at þat brynu
foldarvörðr, sá er forðum⁴
fjörhardan sik varði.

Eptir þetta tóksk snörp⁵ orrosta, ok veittu þeir Haraldr mikit viðnám, ok þó [ekki lengi⁶, fyrir því at Gullharaldr bar þá ofrliði, ok féll þar Haraldr konungr Gunnhildarsunr ok mestr hluti⁷ liðs hans, ok vann konungrinn⁸ áðr mikinn skaða á Dönum í manndrápi. Þessi orrosta var á landi, svá sem hér segir:

Hjoggusk hvártveggja
heggir mækis eggja,
vardi í gegn at ganga
geirdrott Haraldr þeirri;
sendir féll á sandi
sævar báls at Hálsi,
ollí jöfra spjalli
ordheppinn því morði.

Í öðrum stað talask þeir við Haraldr Danakonungr ok Hákon Sigurðarsunr. Þá hafði Hákon búit skip sin⁹ til hernaðar, svá sem hann var vanr. Þá mælti Hákon til Haralds konungs: „Herra! hversu geti þér fara munu Gullharaldi frænda yðrum? hvárt man Haraldr Eiríkssunr várr frændi dreppinn [eða eigi¹⁰? Hann er vist góðr drengr ok hreystimaðr mikill¹¹, ok eigi myndi hann þessarrar vélar af yðr vara.“ Þá svaraði Danakonungr: „þat er satt, at vist er þetta ilt verk at drepa

¹⁾ udel. ²⁾ ráðagerð ³⁾ saal. Sn.; flótt A og B ⁴⁾ fyrðum ⁵⁾ hörð
⁶⁾ eigi langt ⁷⁾ hlutr ⁸⁾ hann þó ⁹⁾ sitt ¹⁰⁾ tilf. ¹¹⁾ ok mikill
vinr yðarr tilf.

- knésetning minn¹.⁴ Þá mælti Hákon: „Herra! hversu trúan ætlið þér yðr munu vera Gullharald, ef hann sezk í Noregs veldi ok tekr konungs nafn? kann vera at vér róim leiðangrimm ok gjaldim vitit með várum ráðum, en sjám vér þat enn ráð, at koma mætti Noregs ríki undir yðr, herra! Gormr² eignaðisk mikit ríki, þat er eigi hafði hans faðir; hvert ríki skulu þér þat fá, sem³ svá mikit sé eða meira en Danmarkar ríki, er faðir yðarr vann undir sik? þat væri höfðingja bragð at eignask Noreg en hefna fóstrsunar síns.“ Konungr svaraði: „Eigi byrjar oss at drepa vårn bróðursun.“ Hákon svaraði: „[Vér megum⁴ yðr launa friðland ok mikit⁵ yfirlæti ok góðar gjafar⁶ með því, at vinna Noreg á einum degi allan undir yðr; en þér, herra, gefið [oss til forrædis, ok hefðið þvílikan skatt af, sem vér sættimk⁷ á, ok gerðumk ek maðr yðarr?“ Þetta ráð líkar vel Danakonungi, ok binda þeir [með fastmælum sin á milli⁸. Siðan ferr Hákon með sifntán skipum, þeim⁹ sem hann var vanr at hafa í hernaði, á fund Gullharalds, ok fundusk þeir litlu síðar en Haraldr Eiríkssunr hafði fallit¹⁰. Hákon leggr þegar at Gullharaldi, ok varð þar hörð orrosta, ok fellr þar Gullharaldr ok mart lið hans, en sumt flýði. Hákon tók þar gull þat alt ok lausafé, er Gullharaldr hafði átt ok hann hafði fengit á útlöndum, ok var svá mikit, at eigi våru dœmi¹¹ at einn maðr hefði [i Norðrlönd jafnmikit flutt¹².
45. Eptir þetta fór Hákon á fund Danakonungs ok sættisk við hann auðveldliga [af drápi¹³ frænda hans. Þat sama sunnar fór Haraldr Gormssunr [til Noregs¹⁴ með allan Danaher, ok fyrir hánum stukku¹⁵ or landi Gunnhildr ok synir hennar vestr á Skotland. Þá eignaðisk Haraldr Gormssunr alt Noregs veldi¹⁶, ok setti Hákon til landsgæzlu¹⁷ austr til Liðandisness ok gaf hánum jarls nafn, bað hann taka veizlur ok dœma landslög, en gjalda Danakonungi¹⁸ skatta. Eptir þetta fór Haraldr heim til Danmarkar, ok skiljask þeir Hákon góðir vinir. Hákon jarl hafði þá rekit sinna harma, fyrir því at af hans ráðum var dreppinn Haraldr Gunnhildarsunr¹⁹; sem Einarr skálaglam sagði:

Hvarfat aptr áðr en erfðan
óðstafur²⁰ föður hafði,
-herforðaðr²¹ réð herða²²-
hjörveðrs -konungs fjörvi-;

1) vårn 2) faðir yðarr tilf. 3) er 4) ek má 5) gott 6) er þér hafði mér veitt tilf. 7) mér til forrædis landit ok hafði slíkan skatt af sem vér sættumk á 8) nú með sér fastmæli 9) udel. 10) var fallinn 11) til tilf. 12) jafnmikit átt á Norðrlöndum 13) um dráp 14) í Noreg 15) stökk 16) ríki 17) gæzlu landsins 18) af tilf. 19) Eiríkssunr 20) saal. rettet; óstafr A; oddastafr B. 21) hervörðuðr 22) harða

vardat Freyr sá er færi
fólkskíðs né man síðan
(því bregðr öld við aðra)
jarls ríki fram slíku.

Hákon var ríkr ok tók at efla blót með meiri freku en fyrr hafði verit, þá batnaði brátt árferð¹, kom aptr korn ok sild, [grœr jörðin með blóma². Svá sem segir Einarr:

Ok herþarsfir hverfa
Hlakkar móts til blóta,
randbríkar³ fremsk rækir
ríkr ásmegni⁴ slíku.
Nú grœr jörð sem áðan,
aptr geirbrúar haptar
auðrýrir lætr áru
óhryggva vé byggva⁵.

Þá var friðr góðr með árinu, sem enn segir Einarr:

Engi varð á jörðu
ættum góðr nema Fróði
gætinjörðr, sá er gerði,
geirbríkar, frið slíkan.

Í annarri drápu segir Einarr á þessa lund:

Bygði lönd -en lunda
lék orð á því- forðum
Gamla kind sú er granda
-gunnborðs- véum þorði.
Nú er afrendra jöfra
Ullr geirvaðils þeirra
sóknarhvatr at⁶ setri
settr⁷ hverjum gram betri.

Hér má þat heyra, at synir Eiríks brutu niðr blótin, en Hákon hóf upp annat sinn⁸.

Þá er Hákon hafði ráðit einn vetr fyrir Noregi, kom Ragnfröðr Eirikssunr ok beiddisk ríkis i Noregi; í móti hánum kom Hákon jarl með her, ok börðusk svá sem Einarr segir:

ENN REIÐ ÖÐRU SINNI
JARL BORÐMÖRUM NORÐAN,
SÓKNHERÐIR LÉT SVERÐA
SÓTT RAGNFRÖÐI Á⁹ MÓTI.

¹⁾ tilf. B; mgl. i A ²⁾ gréri jörðin með blómi ³⁾ rauðbríkar ⁴⁾ rettel;
ásmegri A; at meger B ⁵⁾ saal. B; byggja A ⁶⁾ á ⁷⁾ saal. B; setrs A
⁸⁾ sinni ⁹⁾ at

Hákon hafði lið meira ok skip smærri, ok fyrir þá sök lét hann siga¹ at landi, ok gékk upp af skipunum ok bauð Ragnfröði at berjask á landi við sik, en hann vildi eigi ok hræddisk landsher. Svá sem Einarr segir:

Hóf und hyrjar kneyfi
(hraut unda fjöld) þundar
(þat sleit víg á vági)
vandar dýr at landi;
né fjölsnerrinn fyrrí
fémildr konungr vildi
(vægðit² jarl fyr jöfri,
Yggs niðr) friðar biðja.
Búinn lézk valdr, ef vildi
valmey konungr heyja,
haulda morðs³ at halda
(herr féll of gram) velli.

Skiljask at svá búnu. Þá var Ragnfröðr um vetrinn í Sogni, en Hákon í Þrándheimi. Um várit eptir bauð Hákon út almenning um allan Þrándheim ok Hálogaland ok um öll fylki fyrir norðan Stað, ok yarð allfjölmennr⁴. Svá er sagt at sjau tignir menn fylgdu hánum, svá sem Einarr segir:

Hitt var meir er Mœra
morðfíkinn lét norðan
fólkverjandi fjörya
för til Sogns of görva;
ýtti Freyr af sjórum
fólklandum (sá branda
Ullr stoð af⁵ því) allri
yrþjóð Heðins byrjar.

Ok til móts á⁶ meita
mjúkhurðum fram þurðu
með spörgæli svarfa⁷
sjau landrekar randa⁸.

Kómu at Gunnhildar sunum inn í Sogni ok börðusk við þá, hafði Hákon sigr⁹, ok drap af sunum Eiriks Þrjú hundruð manna, svá sem hér segir:

Ströng varð guðr áðr gunnar
gammi nás und hramma
þróngvimeiðr um þryngvi
þrimr hundruðum lunda.

¹⁾ sígask ²⁾ rettet; vægði at *B*; vægðez *A* ³⁾ Njörðr ⁴⁾ hann mjök fjölmennr ⁵⁾ saal. *Sn.*; á *A* og *B* ⁶⁾ at ⁷⁾ saal. *Sn.*; sarpa *A*; aurgva *B* ⁸⁾ saal. *Sn.*; handan *A*; höndum *B* ⁹⁾ í þeirri (*d. e.* orrostu) *tilf.*

Knátti hafš at höfðum
 (hagnaðr var þat) bragna
 fólkfjandi fylkir
 fangsæll þaðan ganga.

Svá mikit varð mannfall, at hér segir at jarlinn géngi at manna höfðum af þessum fundi. Eptir þessa orrostu flýðu synir Gunnhildar ok hon með þeim vestr um haf á Skotland. Réð þá Hákon Noregi eptir, sem Danakonungr hafði hann til settan, ok var þar mikil vingan þeirra á meðal.

A hinu þrettanda ári rikis Hákonar jarls kómu boð or Dannörku, 46. at jarlinn skyldi koma með her at veita styrk ok lið Haraldi konungi Gormssyni í móti Otta keisara. Bauð Hákon jarl út hálfan almenning [alt af sínu¹ ríki, fór á fund Haralds konungs eptir hans boði, ok er hann kom til Danmarkar, þá sendi konungr Hákon með miklu liði suðr til Danavirkis, ok var hann hertogi yfir liðinu, en konungrinn skyldi sjálfr fara at gæta lands [með skipaliði². [Móti hertoganum Hákon kom Otti keisari³ með her Saxa, Frakka, Frísa ok Vinda. Þá varð hörð orrosta. Lauk svá at keisarinn flýði ok alt lið hans; svá sem hér segir:

þrymr varð⁴ logs er lögðu
 leikmiðjungar Þriðja
 -arngreiddir varð- odda
 -andvígr- saman randir.
 Sundsaxa kom Söxum
 sokiprótr á flóttu;
 þá⁵ er svá, at gramr með gumna
 garð yrþjóðum varði.

Í þessarri ferð Otta keisara urðu mörg stórtíðendi, áðr en hann féngi sigrat ok unnit Danakonung⁶. Hann fór svá langt norðr í Danmörk sem heitir Marsey i Limasírði. Þar hitti hann Harald Danakonung með sínum her, ok varð áðr farflótti⁷ fyrir keisaranum, þá er hann hafði áðr unnit Danavirkí, sem heyra má í þeirri frásögnum, hversu með miklum krapti þat varð⁸ unnit af guðs fulltingi. Þá bað keisarinn Harald konung taka [við rétti⁹ trú. Hann neitaði, ok taldi¹⁰ sér þat byrja, at hafa þann sið sem hans foreldri hafði. Keisari létt telja trú fyrir konunginum¹¹ ok segja mörg stórmerkir frá guði; þar kom um síðir, at Danakonungr bað sýna sér nökkut mark, at sá siðr væri betri, er keisari bauð, en sá er Danir höfðu áðr. Þá gékk fram Poppo biskup

¹⁾ um alt sitt ²⁾ við skipaher ³⁾ Otti keisari kom í móti Hákonni hertoga
⁴⁾ var ⁵⁾ þar ⁶⁾ með sínum her *tílf.* ⁷⁾ forflótti ⁸⁾ var ⁹⁾ rétta
¹⁰⁾ kvað ¹¹⁾ hánum.

ok bar járn glóanda á¹ hendi sér, ok sýndi Danakonungi óbrunna hönd
 47. sina. At sénum þessum jartegnum tók Danakonungr skírn ok trú
 rétta, ok alt lið hans. Eptir þetta sendi Haraldr konungr orð Hákon
 jarli at koma til sín. Hann var enn eigi norðr sigldr þá er þetta var².
 Fór jarlinn á fund Danakonungs með lítit lið ok var leyndr erendumum
 áðr en hann kvæmi³ til konungs. Ok er þeir finnask þróngvir konungr
 jarlinum at taka skírn, varð hann ok því at heita, at láta þat boða um
 alt sit ríki. Fékk þá konungr hánum kennimenn, ok skiljask þeir síðan.
 Þá lágu á vestanveðr, en Hákon þóttisk þá cerit lengi verit hafa i
 Danmörk, ok vildi gjarna verða á brotta, setti á land upp presta ok
 lærða menn, dregr upp segl sín, sigldi⁴ austr í gegnum Eyrarsund, ok
 herjaði á hvártveggja land⁵, brendi bœi⁶ ok drap menn, tók fé þar⁷
 sem hann mátti i Danakonungs ríki.

48. Þá er Hákon kom austr fyrir Gautland, þá feldi hann blótspón,
 ok vitraðisk svá sem hann skyldi hafa dagráð at berjask, [sér á⁸ hræfna
 tvá, hyversu gjalla ok fylgja alt liðinu. Svá sem hér segir:

Flóttu gékk til fréttar
 fellitýr á velli,
 draugr gat dólga ságu
 dagráð Heðins váða;
 ok haldboði hildar
 hrægamma sá ramma,
 Týr vildi sá tíra⁹
 teinlautar fjör Gauta.

Þá [lét Hákon jarl spilla skipum sínum¹⁰, gékk upp á land með öllu liði
 sinu, fór herskildi yfir alt Gautland, ok brendi bœi ok rænti hvar sem
 hann kom. Þá kom i móti hánum Óttarr jarl Gauta, börðusk¹¹, ok
 lauk svá [at hann¹² flýði, en dreppinn [hinn mesti¹³ hlutr liðs hans.
 En Hákon tók fé mikit at herfangi, fór hann um Smálönd ok alt [til
 Vestrgautlands¹⁴, skattar alt fólk, kom við svá búit aptr í Noreg; svá
 sem hér segir:

Háði jarl, þars¹⁵ áðan
 engi maðr und ranni,
 hyrjar þing, at herja,
 hjórlautar, kom sörla;
 barat maðr lyngs enn lengra
 loptvarðaðar barða¹⁶

¹⁾ i ²⁾ varð ³⁾ kom ⁴⁾ siglir ⁵⁾ landit ⁶⁾ bygðir ⁷⁾ hvar ⁸⁾ ok
 hann sér þá ⁹⁾ rettet; týna A og B ¹⁰⁾ fyrirlét Hákon jarl skip sín ok
 11) ok börðusk þeir ¹²⁾ með þeim at Óttarr ¹³⁾ mestr ¹⁴⁾ í vestra
 Gautland ¹⁵⁾ rettet; þar A og B ¹⁶⁾ saal. Sn.; garða A og B

(alt vann gramr um gengit
Gautland) frá sjó randir.

-Valföllum hlóð völlu-
varð -ragna konr- gagni
hriðar¹ áss at hrósa
(hlaut Óðinn val) Fróða.

Hákon fór ofan í Vik austr, ok váru þar komin boð Danakonungs um rétta trú, bauð hann, at hafna skyldi blótum ok láta skírask, ok fyrir sakar rikis hans þá reis engi maðr því i móti, ok létu mjök margir skírask. Hákon jarl snéri aprí til blóta öllum þar sem hann kom, en hann hét þeim trausti sínu, ok blótuðu margir þeir er áðr höfðu skírn tekit; svá sem hér segir:

Öll lét senn himm svinni
sönn Einriða mönnum
hverjum² kunn of herjuð
hofsland³ ok vé banda.

Eptir þetta fór Hákon norðr í lönd ok hélt því riki, er Danakonungr hafði fengit hánum, skattlausu⁴ þaðan ifrá, ok gerði Vikina sér at herlandi, er þá lá undir Danakonungi, svá sem segir Einarr skálaglam:

Nú liggr alt und jarli
-ímunborðs- fyr norðan
-veðrgædis fremsk víða-
Vík -Hákonar riki-.

ok svá Eyyvindr skáldaspillir:

þeim er alt austr
til Egða býs
brúðr valtýs
und bœgi liggr.

Litlu siðar bauð Haraldr Gormssunr út leiðangri um alla Dan-
mörk ok fór með allan Danaher norðr til Noregs. Ok þá er hann
kom [um Liðandisnes⁵ í riki þat, er menn höfðu haldit skatt⁶ fyrir
hánum, þá brendi hann bœi ok lét drepa menn, hvar sem hann kom,
ok eyddi alt með sjónum⁷, nema fimm bœir stóðu⁸ í Sogni í Læradali.
Haraldr konungr fór alt norðr til Staðs, en Hákon lá þar með miklu
liði fyrir norðan Stað. Þá er Danakonungr spurði til fjölmennis Hákonar
ok viðrbúnaðar, vendi hann ferð sinni suðr til Danmarkar, ok hittusk
þeir jarl⁹ ekki [í þat sinn¹⁰.

49.

¹⁾ saal. B; hildar A ²⁾ rettet; herjum A og B ³⁾ hofs lönd A og B
⁴⁾ skattalaust ⁵⁾ fyrir Liðendisnes ⁶⁾ skatta ⁷⁾ sjó ⁸⁾ udel. ⁹⁾
udel. ¹⁰⁾ at því sinni

Hér er um Jómsvikinga.

50. Haraldr konungr¹ herjaði á Vindland ok lét² gera borg mikla, þá er heitir at³ Jómi, ok er sú borg kölluð síðan Jómsborg. Þar setti hann yfir höfðingja ok fór sjálfr heim til Danmarkar. Var þá úfriðr mikill lengi [á milli⁴ Vinda ok Dana, ok herjuðu hvártveggja í annarra land⁵. En á ofanverðum dögum Haralds Gormssunar setti hann yfir Jómsborg Sigvalda sun Strútharaldr jarls, ok gaf Danakonungr Sigvalda jarls nafn. Þá fóru margir höfðingjar af Danmörku til Jómsborgar: Þorkell hávi bróðir Sigvalda jarls, Búi digri ok Sigurðr hvíti⁶ bróðir hans, Vagn Ákasunr, hann var systursunr Búa. Jómsvikingar unnu mikit af riki Burizleifs konungs, er þá réð fyrir Vindlandi.
51. Litlu eptir þetta gerðusk þau tiðendi í Danmörku at Haraldr konungr tók sótt, ok andaðisk hann. Strútharaldr faðir Sigvalda andaðisk ok á þeim misserum, [ok var Sveinn Haralds sunr tekinn til konungs í Danmörku⁷. En þá er Sigvaldi spurði andlát Haralds Gormssunar, þá sættisk Sigvaldi við Burizleif [Vinda konung, ok fékk Ástriðar dóttur Burizleifs ok hét því til⁸, at koma Sveini Danakonungi til Vindlands [á vald⁹ Búrizleifs. Litlu síðar bjó Sigvaldi skip eitt ok fór á því til Danmarkar ok kom við Sjóland, skamt frá því er Sveinn konungr var á veizlu. Þá brá Sigvaldi sér sjúkum ok sendi konungi orð, at hann kvæmi¹⁰ á fund hans, ok lézk eiga við hann skyldarerendi¹¹ þau, er hann vildi at aðrir menn væri leyndir. Konungr trúði orðsending Sigvalda ok fór með fá menn á skip til Sigvalda, ok þegar er Sveinn konungr kom á skip jarlsins, þá bað Sigvaldi taka upp akkeri ok vinda segl, fyrir því at byrr var góðr undan landi, ok [sigldi með Svein konung¹² til Jómsborgar.
52. Eptir þat sendi Sigvaldi orð Burizleifi mági sínum, ok sagði at Sveinn Danakonungr var kominn til Jómsborgar, ok lézk hann dœma vilja millum þeirra, eða láta Svein konung fara apr til Danmarkar. Í annan stað taldi hann fyrir Sveini konungi, at hann skyldi sættask við Vindakonung at því er Sigvaldi dæmdi¹³, ok sagði, ef hann vildi þat eigi, at þá mundi hann koma á vald Burizleifs. At¹⁴ þessu sættusk þeir, at hvártveggja konunganna játaði dómi Sigvalda jarls, ok er þeir höfðu þetta fastmælum bundit sín á millum, þá sagði jarlinn [upp atlan
- ¹⁾ Gormssunr tilf. ²⁾ þar tilf. ³⁾ saal. B; nafni tilf. A ⁴⁾ millum ⁵⁾ lönd ⁶⁾ udel. ⁷⁾ taget af B; mgl. i A ⁸⁾ konung af Vindlandi ok fékk dóttur hans þeirrar er Ástrið hét, ok hét því hánum ⁹⁾ á fund ¹⁰⁾ kæmi ¹¹⁾ skylt erendi ok ¹²⁾ sigldu með Sveini konungi ¹³⁾ millum þeirra tilf. ¹⁴⁾ af

sina, ok sagði þat fyrst í sættargerð sinni¹, at Sveinn Danakonungr skyldi fá² dóttur Burizleifs konungs, ok skyldi henni fylgja heiman sá hluti Vindlands, er Danir höfðu unnit af riki Vindakonungs; í annan stað skyldi Burizleifr fá Þyri³ dóttur Haralds konungs, systur Sveins konungs. Hon hafði fyrr verit gipt Styrbirni syni Olafs Sviákonungs; þá lífði Haraldr konungr faðir hennar, hamn hafði gefit henni eignir miklar á Fjóni ok suðr í Falstri ok í Borgundarhólmi.

Sigvaldi jarl skipti á þessa lund, at Burizleifr konungr skyldi hafa þann hluta Vindlands, er áðr var skildr til eignar Gunnhildar dóttur Burizleifs konungs, er Sveinn konungr skyldi fá, ok þat skyldi eiga Þyri Haralds dóttir. En Gunnhildr dóttir Burizleifs konungs skyldi eignask allar þær eignir, er Þyri hafði átt í Danmörku, ok þar taka alla tilgjöf sína í Danmörk, en Þyri alla sína⁴ í Vindlandi, nema jarl [skyldi fá⁵] Jómsborg ok öll þau heruð á Vindlandi, er hann skildi þar til. Þá létt Burizleifr konungr ok Sigvaldi jarl búa mikla veizlu í Jómsborg, ok var sú veizla brullaup Sveins konungs en festaröl Burizleifs konungs. Eptir þat fór Sveinn konungr heim til ríkis síns með Gunnhildi konu sína; þau áttu síðan tvá sunu, ok var hinn eldri kallaðr Knútr hinn ríki, annarr hét Haraldr. Þá er Sveinn konungr kom aptr af Vindlandi, sendi hann orð Þyri systur sinni, létt segja henni alt þat er hann hafði [sýst í⁶] Vindlandi við Burizleif konung. Þyri varð þessum tiðendum úfegin, fyrir því at hon var vel kristin, ok sagði svá, at heldr vildi hon deyja með kristnum mönnum en koma á vald heiðins konungs ok spilla kristni sinni. Sat hon at búum sinum ok gætti eigna sinna nökkura vetr⁷.

Um erfí eptir Harald Danakonung ok heitstrengingar Jómsvikinga.

Litlu síðar sendi Sveinn konungr orð Sigvalda jarli ok þorkeli bróður⁸ hans, ok segir at hann vill gera veizlu, erfí Haralds konungs föður síns, eptir fornum sið, ok bað þá brœðr til koma ok gera erfí Strútharalds jarls, síns föður, ok lézk skyldu til bjóða öllu stórmenni í ríki sínu, ok vildi at [þessar] manna⁹ erfí væri bæði í einum stað, ok lézk mundu sjálfr halda starf fyrir veizlunni, ok taka kostnað af konungdómi sínum ok af jarls ríki á Skáni, er átt hafði Strútharaldr faðir Sigvalda jarls. Bað Jómsvikinga koma svá marga sem jarlinn vildi haft hafa með sér. En er sendimenn kvámu til Sigvalda, þá löttu sumir menn

¹⁾ sættargerð þeirra, ok sagði fyrst ²⁾ Gunnhildar tilf. ³⁾ saal. B; þuriðar her og fremdeles A ⁴⁾ tilgjöf tilf. ⁵⁾ skildi undan ⁶⁾ ráðit á ⁷⁾ síðan tilf. ⁸⁾ brœðr ⁹⁾ þessi tvinni

hann¹ þeirrar ferðar, ok töldu úvarligt at [leggja sik svá mjök undir vald Danakonungs², en sumir fýstu³ ok báðu jarlinn fara með svá mikit lið, at Danir hefði ekki vald á Jómsvíkingum, ok þat ráð var tekit. Bjó jarlinn or Jómsborg 60 skipa, ok hafði alla hina ríkustu menn í þessa ferð, þá er i Jómsborg váru.

55. Sveinn konungr lét þessa veizlu gera á Hringstöðum á Sjólandi, ok lagði á mikla stund, at ekki [skorti þat til er fá mætti⁴, at þá væri hon ríkari ok betri en áðr. Jómsvíkingar kvámu þann dag er at var gengit erfinu, ok fagnaði Sveinn konungr með mikillu bliðu Sigvalda jarli ok öllu hans föruneyti. Þá er erfi váru gör at fornum sið⁵, þá skyldi þat skylt at gera þau á því ári, er sá hafði andazk er erfit var eptir drukkit⁶, en sá er gera lét⁷ erfit, hann skyldi eigi fyrr setjask í þess⁸ sæti, er hann erfði, en menn drykki erfit. Hit fyrsta kveld er menn kvæmi⁹ til erfis, þá skyldi skenkja upp full mörg [með þeim hætti sem nú eru minni, ok eignuðu þau full hinum ríkustu frændum sínum eða þór eða öðrum guðum sinum, þá er heiðni var. En síðast¹⁰ skyldi uppskenkja Braga full; þá skyldi sá er erfit gerði strengja heit at Bragafulli, ok svá allir þeir er at erfinu væri, ok stíga þá í sæti þess er erfðar var, ok skyldi þá fullkominn vera til arfs ok virðingar eptir himm dauða, [en eigi fyrr¹¹.

56. En fyrsta kveld er þeir Sveinn konungr ok Sigvaldi jarl drukku erfi feðra sinna, þá setti konungrinn til þess menn at byrla höfðingjum Jómsvíkinga [þann drykk er sterkastr var, ok þeir yrði sem mest drukknir af¹². En þá er bragafull var upp skenkt, ok áðr en Sveinn konungr hafði upp stigit í hásæti föður síns, þá strengði hann heit at áðr en [þriði vetr væri liðinn¹³ skyldi hann fara með her til Englands ok drepa Aðalráð konung eða reka or landi, eða hafa sjálfr bana, ef eigi géngi þetta fram. Eptir þat at konungr hafði sezk í sæti Haralds konungs föður síns, þá strengði Sigvaldi jarl heit, at áðr en þrír vetr væri liðnir skyldi hann hafa drepit Hákon jarl í Noregi eða [elta hann¹⁴ or landi, eða hafa sjálfr bana elligar. Þá mælti konungr: „Þetta er vel mælt ok mjök mannliga, ok unnum vér þér [mikit betr at hafa þat ríki¹⁵ en Hákon eða Eiríki syni hans.“ Þá strengði þorkell heit

¹⁾ mjök ²⁾ eiga svá mikinn trúnað með Danakonungi ³⁾ saal. B; fýstusk A
⁴⁾ skærti (d. e. skyrti) þat til er fá mætti ⁵⁾ eptir fornum siðum ⁶⁾ görta
⁷⁾ létí ⁸⁾ manns tilf. ⁹⁾ kómu ¹⁰⁾ saal. B; A har dette noget for-
kvaklet; minni með þeim hætti sem nú eru minni full horn hinum ríkustum
frændum sínum eða öðrum góðum vinum sinum. En síðan ¹¹⁾ udel.
¹²⁾ saal. B; þá var drukkit hit sterkastra ok þeir urðu mjök drukknir A
¹³⁾ þrír vetr væri liðnir ¹⁴⁾ eltan ¹⁵⁾ miklu betr þess ríkis.

bróðir Sigvalda, at hann myndi fylgja brœðr sínum norðr til Noregs ok flýja eigi fyrr en um skut væri skip Sigvalda [jarls tvær skipplengðir¹ ef vér berjumk á skipum, en merki hans [á brautu ef vér berjumk á landi².[“] Þá stóð Búi upp ok strengði þess heit, at hann skyldi fara í Noreg ok berjask með Sigvalda við þá Hákon ok Eirik feðga, ok flýja eigi fyrr en færri³ standa upp en fallnir eru, ok halda þá⁴ við meðan Sigvaldi vill berjask. Næst Búa brœðr sínum strengði Sigurðr hvíti þess heit, at hann skyldi fylgja Búa norðr í Noreg, sem hánum endisk drengskapr til, ok flýja eigi at Búa lifanda. Þá strengði Vagn heit, at hann skyldi fara með Búa frænda sínum ok vera í bardaga með Sigvalda ok flýja eigi, ok þat lét hann fylgja, at hann skyldi eigi koma fyrr til Danmarkar en hann hefði verit í rekkju Ingibjargar, dóttur Þorkels leiru mikils höfðingja í Noregi, at úvilja Þorkels, eða Vagn skyldi hafa drepit hann ella. Björn brezki strengði þess heit, at fylgja Vagni föstrsyni sínum. Hávarðr höggvandi ok Áslákr hólmskalli, skósveinar Búa, strengðu þess heit, at flýja eigi frá hánum, hvárt sem hann væri lífs eða andaðr, þá er bardaga væri lokit. [At liðnum heitstrengingum fóru þeir til svefn⁵. Um morgunin spurði Sveinn konungr, hvat Sigvaldi myndi af heitstrengingum mamma, en hann mundi fátt af ok þóttisk of mælt hafa, en svá búit varð at vera. En þegarifrá þeirri veizlu ætla Jómsvikingar ferð sína norðr í Noreg, þvíat þeir vilja [enga njósn láta fyrir sér koma⁶ í Noreg, at Hákon jarl mætti við búask eða Eiríkr jarl sunr hans.

Um Jómsvikinga ok Hákon jarl illa i Noregi.

Þá er Jómsvikingar hafa búit ferð sína af Danmörku með öllu því liði, er þeir höfðu or Jómsborg, [fara þá⁷ norðr til Noregs, ok höfðu 60 langskipa ok flestöll stór ok vel búin at vápnum ok góðum drengjum. Þeir kómu her sínum jólánótt at Jaðri, féngu veðr mikit ok gátu þó haldit öllum skipum sínum. Þeir gera þegar upprásir, ræna ok drepa menn, alt [þat er þeir máttu⁸. Landsfólk flýði undan, tók sumt til skipa en sumt til fjalla eða á markir. Geirmundr hét ríkr bóni, hánum kom engi njósn; þar kómu víkingar um nött [í hans herbyrgi⁹, ok flýr hann undan í lopt eitt ok fáir menn með hánum; þá tóku víkingar ok hjoggu loptit. En þeir Geirmundr vörðusk, ok

¹⁾ mér ²⁾ á bak er vér berjumk á landi uppi ³⁾ saal. B; fleiri A ⁴⁾

þó ⁵⁾ En at loknum heitstrengingum fara menn at sofa ⁶⁾ eigi láta

fara njósn fyrir sér ⁷⁾ nú fara þeir ⁸⁾ þar sem þeir kómu ⁹⁾ at

hánum

þá er hann sá at þeir myndu sóttir verða, þá hljóp hann or loptinu ok kom standandi á jörð. Vagn var þar nær ok hjó á hönd Geirmundi fyrir ofan úlflið, ok þegar [um leið hljóp Geirmundr¹ til sjóar, ok fær sér skútu ok menn með ok [ferr undan. Hann² kom á fund Hákonar jarls. Geirmundr hafði heyrt nefnda Jómsvikinga, þá er hann hljóp undan, ok Vagn, ok sagði at hann³ var smábeitr, er hann hjó ekki meir en hönd af manni [þeim er fyrir stóð⁴. Geirmundr hitti Hákon jarl at veizlu þar sem á Skugga heitir, ok þar var Eiríkr sunr hans. Þá gékk Geirmundr fyrir jarlinn, [þar hann sat⁵ yfir bordum ok [heilsaði hánum⁶. Jarlinn spurði hann tíðenda. Geirmundr svaraði: „Eru⁷ tíðendi! Jarlinn mælti: „Lát góð vera.“ „Vist eru eigi góð ok þó sönn,“ sagði Geirmundr: „herr er kominn í land vårt sunnan or Danmörku, 58. ok unnu mikinn skaða á yðru ríki⁸.“ Hákon jarl svaraði reiðr ok mælti: þessi tíðendi eru illa login, ok fyrir löngu myndi Noregr auðr, ef Danir hefði herjat hvert sinn i Noreg er þér segið, ok eigi munu þér fyrr af láta, en nökkurr hangir uppi sá er⁹ segir“. Geirmundr svaraði: „Fár vikur munu líða héðan, þá munu þér reyna brátt.“ Ok [brá upp handarstúfinum, ok lézk með því mega sanna sögu sína ok fleirum sárum¹⁰. Nú fær Hákon jarli áhyggju ok öllu hans ráðuneyti; var þat fyrst til ráðs tekit at skjóta upp vitum [ok örvarskurðum ok skipferðum¹¹, stefndi¹² til sín hverjum manni, er þorði at verja sik ok fé sitt. Hákon jarl sjálfur ferr einskipa út ok inn eptir hverjum firði, vissi engi hans náttstað ok [engi hans örvaen¹³. Liðit samnask saman [í stórflokka, þat alt er fyrst var komit ok first var víkingunum¹⁴, en þeir er næstir váru úfriðinum¹⁵ flýja undan ok til at esla landsherinn með Hákon jarli ok syni hans. Jómsvíkingar sökja norðr með landi ok fá ekki viðrnám, þeir kvámu öllu liði sínu norðr um Stað, sigla fyrst til Hereyja ok hafa þaðan fréttir ok njós af Hákon jarli, ok fregna ekki annat en hann sé í fjörðum inn af þjóðleið, stundum norðr en stundum suðr. Þeir leggja herinum inn af þjóðleið ok utan at ey þeirri er Höð heitir, töku þeir strandhögg á skip. Bú digri með sveit sinni hafði upp gengit, ok ráku þeir til skipa bú mikít fyrir sér. Til þeirra kom einn gamall bóndi ok kallaði á víkinga: „þér farið eigi hermannliga i¹⁶ ókunnu landi ok

¹⁾ af. Geirmundr hljóp ²⁾ fór til þess er hann ³⁾ Vagn ⁴⁾ saal. B; er
hann stóð fyrir A ⁵⁾ þá sat jarl ⁶⁾ kvaddi hann ⁷⁾ ill ⁸⁾ herra!
tilf. ⁹⁾ slíkt tilf. ¹⁰⁾ saal. B; lézk mega sanna sögu sína með sárum
sínum A ¹¹⁾ saal. B; or báðum skipreiðum A ¹²⁾ bauð ¹³⁾ saal. B;
hvergi hans örvaena A ¹⁴⁾ saal. B; ok stórir flokkar, þat alt er fyst var
víkingar urigt. A ¹⁵⁾ saal. B; herinum A ¹⁶⁾ á

langt til sótt, eruð þér áburðarmenn [miklir ok¹ vilið nú auka nöfn yður í þessi för; þér takið kið ok kálfa ok geitr ok kýr, væri meiri frami at láta vera búit ok taka heldr björninn, er náliga man nú kominn [at bjarnbásinum², ef þér fáið tekinn³.“ Þá svaraði Búi: „frá hverjum birni segir þú [þar, sem⁴ oss man happ at veiða?“ Þá svaraði bóndinn: „sá hinn sami björn, ef nú veiði þér hann eigi, þá man hann alla yðr í munni hafa, [er eigi liðr langt ifrá⁵.“ Þá svaraði Búi: „heyr, bóndi! seg oss frá tiðendi góð ok sönn, þau sem oss er skylt at vita, vér skulum vel launa þér.“ Þá svaraði bóndi: „Vilið þér vel launa mér⁶, þá má ek segja yðr til Hákonar jarls, hvar hann liggr inn á [Álm und hamrinum⁷, ok veit ek eigi hvárt hann hefir eitt skip eða tvau, eigi eru fleiri en þrjú, ok í dag var hann eigi norðr róinn til liðs síns, ok ætlum vér, at vera man feigr, [er hann ferr svá úvarliga, ok vist hefir hann ekki til yðar fregit⁸, eigi föri hann svá ella.“ Þá mælti Búi til sinna manna: „Ofan hart til skipa, ok verum næstir sigrinum, nú sem fyrr njótum vér þess at vér höfum fyrst njósnina!“ Þá hljóp sá mest er fóthvatastr⁹ var, [ok bóndi fékk mikit fé eptir á eynni¹⁰. Búi bað sína menn slá festum ok leggja út skipin frá landi, lét blása [lúðri at liðit samnaðisk ok skundaði¹¹. Sigvaldi jarl kallaði á hann ok spurði hvort Búi vildi róa, eða [hvárt hann hefir nökkt¹² fregit til Hákonar jarls. Búi svaraði, biðr þá alla róa, lézk ætla, at þann dag skulu þeir fá tekit [í hala¹³ refinum, er nú dregr skaufit¹⁴ inn hér með landinu [fyrir oss¹⁵.“ Þá svaraði Sigvaldi jarl: „eigi hefir þu enn tekit í halann hánum, ok vænna þykki mér at þú mant vera gintr.“ Þá svaraði Búi: „eigi mant þú þora at berjask við Hákon jarl, ef þú finnr hann með her sinn, ef þú þorir eigi at leggja til hans með 60 skipa, [þar sem hann hefir hit mesta þrjú skip fyrir¹⁶. Búi hétt fast á menn sína at róa skyldi. Vagn var ok alþúinn. Þá bað Sigvaldi slá festum, ok fóru öllu liðinu inn fyrir norðan eyna Höð. Þá var lítil vindr¹⁷. Þá mælti Sigvaldi: vera kann at hann Búi hinn digri gangi sjálfr á björnbásinn þann, er hann hugðisk veiða myndu Hákon jarl; svá ferr hann sem feigr maðr.“ Búi ferr fyrst með sinu liði, þá Vagn, þá Sigvaldi. Þeir fóru inn með eyjunni alt til þess er þeir kvámu í Hjörungavág, þar hittið þeir fyrir Hákon jarl, eigi einskipa, heldr með hálft annat hundrað skipa, þat váru snekkjur ok skeiðir¹⁸,

¹⁾ saal. B; mgl. i A ²⁾ á bjarnbásinn ³⁾ stiltan ⁴⁾ maðr! þeim er
⁵⁾ fyrr en langt sé héðan ⁶⁾ eðr engu ⁷⁾ Elfstrum ⁸⁾ tilf. B; mgl. i A
⁹⁾ fimastr ¹⁰⁾ en bóndinn veik aprí búnus um eyna. ¹¹⁾ í lúðr at liðit
 skyldi skynda. ¹²⁾ hvat hann hefir ¹³⁾ í halann á ¹⁴⁾ skaptit ¹⁵⁾ mgl.
¹⁶⁾ ok hefir hann nú et flesta ein þrjú skip ¹⁷⁾ lítit veðr á ¹⁸⁾ skeiðar

knerrir ok kaupskip, er Hákon jarl hafði fengit, er há váru borði ok öll vel skipuð af mönnum, vápnum ok grjóti.

59. Þar var með hánum hinn [fyrsti maðr¹] Eirikr jarl sunr hans, ok Sveinn, Sigurðr ok Erlingr synir Hákonar jarls ok þó eigi sam-mœðra² við Eirik; þeir stýrðu þá allir skipum. Þetta segir Þórðr Kolbeinssunr í kvæði því er hann orti um Eirik jarl:

Mjök lét margar snekkjur
-mærðar örr- sem knörru
-óðr vex skálds- ok skeiðar
skjaldhlynur á brim dynja;
Þá er ólitill utan
oddherðir fat gerða
(mörg var lind fyr landi)
lönd síns föður röndum.

Setti jarl, sá er atti
ógnfróðr á lög stóði
hrefnis, háfa stafna
hót³ Sigvalda á móti.
Margr skalf hlummr, en hvergi
huggendr bana ugðu,
þeir er gátu sjó slíta,
sárgamms, blöðum ára.

En í gegn at gunni
glæheims skriðu mávar⁴,
rendi langt með landi
leiðangr, Dana skeiðum⁵.

60. Þá létu jarlarnir Hákon ok Eiríkr kveða við lúðra sína, ok settu upp merki sín, ok skipa til atróðrar. Hákon skipar sveit er hánum skyldi fylgja í orrostu, [á sitt bord hvárr, ok eru⁶ þessir höfðingjar Skopti ok Rögnvaldr or Ærvík⁷. Þeir venda þar til atróðri, sem fyrir var Sigvaldi jarl, ok mœtask þeir jarlarnir í orrostu. Á stjórn Hákon jarli er Sigurðr sunr hans, ok með hánum Eyyindr Finnssunr ok Erlendr steik innan or Naumudali, báðir lendir menn ok ágætir, þeir lögðu í móti Sigurði hvita bróður Búa digra. En út í arminn var Eiríkr jarl ok með hánum Þorsteinn miðlangr, er allra víkinga var ágætastr, ok Þórir hjörtr norðan or Vágum, lendr maðr; þeir lögðu móti Búa, ok varð þar hörð orrosta með þeim. Á bakborða fylking Hákonar jarls lögðu þessir fram: Erlingr sunr hans ok með hánum Járnskeggi af Yrjum af Upphaugi ok annarr Styrkárr af Gimsum, er

¹⁾ fyrstr ríkr maðr ²⁾ sammœddir ³⁾ hót ⁴⁾ rettet; máva A; mgl. i B

⁵⁾ rettet for skeiðar ⁶⁾ saal. B; á hvárt bord A ⁷⁾ saal. B; Vætvík A

ágælastir váru lendra manna fyrir norðan Stað. Þeim kom í mótt Porkell hávi bróðir Sigvalda. Í utanverðum armi fylkingar lagði fram sínu skipi Sveinn Hákonarsunr, ok með hánúm Gizurr hvíti lindr maðr ofan af Valdresi, ok annarr Porkell leira æzkaðr austan or Vik; þessir þrír höfðingjar halda upp orrostu við Vagn Ákasun.

Þessi var hin harðasta orrosta ok hin ágætasta¹. Þessir váru 61. íslenzkir menn með Hákon jarli: Skúmr ok Þórðr er kallaðr var örvhönd², synir Porkels auðga vestan af Mýrum i Dýrasírfi, ok Vigfuss Vigaglúmssunr, [Tindr Hallkelssunr³, hann orti drápu um Hákon jarl, ok í þeirri drápu er mart sagt frá Jómsvíkingum⁴ ok þeirra orrostu; frá þessarra manna orðum hafa menn minni haft á því landi frá þeima⁵ tiðendum, sumir⁶ með kveðskap ok sumir⁶ með frásögn annarri. Vigfuss orti þetta áðr en barzk væri, ok sveið hann klubbu eina, þá spurði Hákon jarl hvat þat skyldi; hann svaraði á þessa lund:

Hefi ek í hendi
til höfuðs görva,
beinbrot Búa,
böl Sigvalda,
sjá skal vera,
ef vér lifum,
eikiklubba⁷
óþörf Dönum.

þá kvað hann ok þetta:

Oss er leikr (en lauka
liggr heima vinr feimu)
þryngr at Viðris veðri
vandar, góðr fyr handum;
hlýs kveð ek hæla bosa⁸,
(hann væntir sér annars
vífs und vörmum bægi)
vér skreytum⁹ spjör, neytu.

Þessi orrosta hefir verit mjök ágæt ok aldrigi hafa Danir [þvílikan bardaga átt¹⁰ við Norðmenn¹¹, fyrir þá sök at þeir höfðu meira lið en Danir¹², en [þó létu þeir um hríð á hömlur¹³ síga Sveinn Hákonarsunr ok hans menn fyrir Vagni, ok var þá at komit flóttta, áðr en Eirikr jarl lagði til járnbarðanum, ok létt Vagn þá undan aka, svá at þá lágu skipin svá frammi hvártveggja¹⁴ sem verit hafði í fyrstu. Þá er Eirikr

¹⁾ mesta ²⁾ örþöndr ³⁾ mgl. i B ⁴⁾ Jómsvíkinga orrostu ⁵⁾ þessum
⁶⁾ sumt ⁷⁾ saal. B; alriklubba A ⁸⁾ saal. B; hlæso bælis A ⁹⁾ saal.
B; skeytum A ¹⁰⁾ saal. B; þvílikar orrostur borit A ¹¹⁾ fyrr né síðan
tilf. ¹²⁾ hálfu minna tilf. ¹³⁾ langa hríð höfðu þeir betr, ok á hömlu létt
¹⁴⁾ hvárratveggja

kom aptr í sína fylking, hafði Búi fengit [sigr¹] ok höggvit tengsl ok leyst flotann; þá lagði Eiríkr barðanum at skipi Búa, svá at þeir tengðu saman [hvártveggja stafna²] ok borð við borð, ok vildu hvárgir leysa fyrr en annathvárt væri hroðit. Þá varð mikit mannsfall³, er hvártveggja vágu höggvápnum. Þar var ilt [bleyðimanni innanborðs, þar var mikit manndráp á lítilli stundu, ok vissi engi maðr at telja⁴ hversu 62. margir menn þar félle. Norðmenn félleu meir hinn fyrra hlut orrostunnar, en svá lauk, at Danir létu sigrask⁵, ok olli því mest ofrefli liðs ok hörð atsókn, ok hér með var illviðri svá mikit, at [hagl dreif svá stórt, at hvert korn, er þú tókt upp, þá vá eyri, en Danir áttu at horfa í móti því⁶. Þá lét Sigvaldi höggva tengsl ok undan halda, ok þegar eptir þorkell bróðir hans ok Sigurðr hvíti, venda út or váginum. Þat sér Vagn Ákasunr ok mælti: „Hví flýr þú, hinn illi hundr! [or lítilli orrostu, ok selr þína menn við verði; þá skömm mant þú⁷ hafa, er þú mant við lifa allan þinn aldr, ok lengi man uppi⁸.“ Skýtr [snerispjóti til⁹ er skipit snérisk, ok hitti millum herða þeim er stýrði, en þat var annarr maðr, en eigi Sigvaldi, en hann vildi Vagn skotit hafa. [Þá var flýðr allr flestr Danaherr¹⁰, ok þó mikit áðr drepit af. Þá leggr jarl skeið sina á annat borð Búa hinum digra, þar varð hörð viðrtaka: Áslákr hólmskalli ok Hávarðr höggvandi hlaupa upp i skip Hákonar jarls, ok drápu margan mann, en Þórðr ok Skúma¹¹ bróðir hans váru þeim ok nærstaddir, véla þeir nú tveir um Hávarð, höggr hann höndina hægri af Þórði, en Skúma hafði mörg stór sár áðr en Hávarðr misti beggja fóta sinna. Vigfuss Vigaglúmssunr fær einn steðja, er legit hafði á þiljum, ok þar hafði hann hnoðit [við sverðshjölt sín¹²; hann færir steðjann með báðum höndum at Ásláki hólmskalla, kemr geirrinn í höfuðit, svá at haussinn brotnaði ok¹³ heilinn lá úti. Þá kom Eiríkr upp með sína sveit í skip Búa; Þorsteinn miðlangr kom fyrst í fyrir-rúmit¹⁴, höggr til Búa um ennit þvert, svá at fal [báða eggteina á sverðinu. Búi veitir Þorsteini¹⁵ sár undir höndina vinstri, svá at náliga beit [manninn í sundr¹⁶. Þá tók Búi kistur tvær fullar gulls ok kastaði fyrir borð, [ok allir skiparar hans hljópu fyrir borð með kistur sínar

¹⁾ svig á ²⁾ hvártveggja stafnana ³⁾ mannspell ⁴⁾ blauðum mönnum innanborðs, þar urðu mörg stórtiðendi á lítilli stundu í manndrápi, ok vissi engi maðr tal ⁵⁾ sigrask ⁶⁾ dreif því hagli, er eitt haglkorn vá eyri, þar fgegn áttu Danir at horfa ⁷⁾ Sigvaldi svvaraði: „með litlu verði selr þú menn þína til dauða, ok þá skömm mantu heim ⁸⁾ vera tilf. ⁹⁾ snart spjót í því ¹⁰⁾ þá var farit alt afl Danahers ¹¹⁾ skúmr, her og nedenfor B ¹²⁾ sverðshjölt sín með ¹³⁾ saal. B; svá at A ¹⁴⁾ miðrúmit ¹⁵⁾ saal. B; báðar eggjar tennrnar, veitir hánum A ¹⁶⁾ hann sundr í miðju

ok váru allir drepnir¹. Þá [snérisk alt liðit² at Vagni, þeir verjask lengi, fyrir því at skipit var hátt borði, en drengir innanborðs, ok smá skip höfðu næst lagt. Þá bauð Hákon jarl at taka knörr einn³, ok leggja ifrá smá skipin⁴ ok í staðinn en stærri skipin. Um þetta kvað Vigfuss Vigaglúmssunr:

Varðat⁵ høegt, þá er hurðir
hjörklofnar sá ek rofna
-hátt söng Högna- geitis,
-hregg- til Vagns at leggja.
Þar géngu ver -þróngvir⁶
[þunníss- i böð -Gunnar-⁷
(ströng var danskra drengja
darra flaug) til knarrar.

Lauksk svá sem ván var, at þeir urðu ríkari er tignari váru ok aflu-
meiri⁸: varð Vagn handtekinn ok mart hans manna, ok leiddr á land, ok
settir 30 manna með hánum á lág eina, ok rekinn strengr at fótum,
en hendr þeirra váru lausar. Allir aðrir Danir váru flyðir eða drepnir
eða særðir til ólífis. Þá gékk at⁹ þorkell leira at höggva þá. Þá
mælti einn Jómsvikinga: „Nú skal þat reyna er vér höfum [opt þrætt¹⁰],
hvárt höfuðlauss maðr veit nökkut; nú ef ek veit nökkut síðan, þá
man ek stinga knífi mínum í jörðina, er af mér er höfuðit.“ Höfuð
var af þessum höggyvit, ok vissi hann ekki síðan, sem ván var at.
Þá var annarr til höggs leiddr, sá mælti ok hló at:

„Gerða ek jarli
ör at vári¹¹,
þat var mér þá tittr,
en þetta nú.

högg þú nú,“ sagði hann. Þá mælti Eiríkr jarl: „Vilt þú grið, góðr
drengr!“ „Þat skiptir,“ sagði hann, „hverr býðr.“ „Sá býðr,“ sagði
hann, „er vald hefir til, Eiríkr jarl.“ „Vil ek þá gjarna,“ sagði hann.
Þá tók Eiríkr jarl hann til sín. Þá var enn einn til höggs leiddr, sá
mælti: „Hrútr!“ [þeir spurðu: „Hví mælir þú svá?“ Hann svaraði:
Mörg á hefir af yðrum mönnum nefnd verit í dag, ok vil ek því fá

¹⁾ saal. B; allir Búa þegnar hlaupa af borðinu með kistur sínar, menn hans
váru allir drepnir, nema þeir er fyrir borð stíga með hánum A ²⁾ snéru
jarlarnir öllu liði sínu ³⁾ mikinn tilf. ⁴⁾ smáskipum ⁵⁾ var at þar
⁶⁾ Egilssons Conjectur; þróngrar A, þróngan B ⁷⁾ saal. B; þunn um
borð at gunni A ⁸⁾ aft höfðu meira ⁹⁾ til ¹⁰⁾ þrætt um jafnan
¹¹⁾ saal. B; arvare A

hrútinn til¹.“ Þetta þótti mælt hlögiliga ok úhræddliga. Spurði Eiríkr jarl, ef hann vildi grið hafa, ok hann lézk vilja. Þá var einn framleiddr til höggs, sá var vænn ok friðr sjónum [hærðr vel² ok mikill vexti; hann sópar hárinu fram yfir höfuð sér, ok [bað eigi spilla hárinu í blóðinu³. Þá svaraði einn: „Ek man at því gera, at eigi verði hár þitt blóðugt.“ Sá tók sér vönd einn ok snéri í hárit, en hinn er höggva vildi reiddi upp sverðit; Jómsvíkingrinn [hnykkir þeim manni, er i hár hánum hélt, ok kom sverðit á hendr þeim⁴, ok beit sundr báða handleggina. Þá mælti sá er bundinn var ok hnykt hafði höfðinu, þviat hendr váru bundnar: „Lifa enn nökkurir Jómsvíkingar.“ Eiríkr jarl spurði: „Hvat heitir [þessi maðr⁵?“ „Ek em Haraldr⁶.“ „Hvers sunr?“ sagði jarlinn. „Ek em kenningarsunr Búa. Vera má at svá⁷ sé,“ sagði jarlinn; „vilt þú hafa grið?“ „Hverr man nú annarr [til vera⁸,“ segir hann. Þá mælti Þorkell leira: „Skulu allir þessir menn grið hafa, er drepit hafa frændr vára fyrir augum oss, ekki gerum vér þá nýtt at því.“ Jarlinn sagði: „Vissir þú eigi þat fyrr, at ek var rikari en þú?“ Þá svaraði Þorkell: „Þat kann vera at vit rádim ýmsir.“ Hann hafði öxi mikla i hendi sér, reiðir⁹ upp ok hleypr œsiliga at strenginum þar sem Vagn sat¹⁰, ok vildi drepa hann. Skarði vikingr hljóp [or strenginum¹¹, ok [fellir sik fram¹² fyrir feetr þorkeli.

64. Þorkell steyptisk yfir hann, ok varð laus öxin. Þá hljóp Vagn upp, ok tók öxina ok hjó Þorkel um þverar herðar, svá at í jörðu nam staðar. Eiríkr jarl bauð Vagni grið, ok sá at þat var skaði at drepa þvílikan mann. Vagn þá þar grið með öllum sinum mönnum þeim, sem eptir váru. Hákon jarl settisk á lág eina¹³ ok með hánum ráðunautar¹⁴ hans. Því næst gall strengr á skipinu því, er næst var landinu, ok þegar steyptisk af láginni Gizurr hviti, ok var skotinn með örú í gegnum, ok fékk af því bana. Ok þegar var hlaupit til skips ok út á skipit, ok hitti þeir mann, er stóð á knjánum, [ok var þar Hávarðr höggvandi, ok spurði: „Sveinar!“ sagði hann, „lét nökkurr maðr sigask við láginu?“ Þeir sögðu¹⁵ at Gizurr hviti var dauðr. Þá mælti Hávarðr: „Minna happ varð at skotinu en ek hugða.“ Þeir svoruðu: „Œrit er óhappit, ok eigi skalt þú vinna fleiri.“ Þeir höggva hann

¹²⁾ saal. B; svá mörg hefir aín af hrútinum nefnd verit í dag A. ²⁾ tilf. B; mgl. i A ³⁾ mælti: „spillið eigi hárinu, gerið eigi blóðugt ⁴⁾ saal. B; snérisk á hendr þeim er hélt A ⁵⁾ þú ⁶⁾ sagði hann tilf. ⁷⁾ satt ⁸⁾ vænni ⁹⁾ ríss ¹⁰⁾ var ¹¹⁾ upp ¹²⁾ fell ¹³⁾ saal. B; láGINA A ¹⁴⁾ ráðgjafar ¹⁵⁾ saal. B; hann hét Hávarðr höggvandi, ok hann mælti: „spyri þér nökkur tíðendi, Sveinar! lét nökkurr maðr sigrask á láginni?“ þeir segja satt til A

svá smátt, at þó væri hann dauðr, at hann hefði þriggja manna fjör. Hákoni jarli hugnar illa, at [Vagn sékk grið¹, ok lét þeim munu vera þat mikinn ótila. Eirikr jarl segir, [ef hánum líkaði illa, at hann skyldi hafa svá búit², ok skiljask þó³ reiðir. Fór Vagn með Eiríki ok dvaldisk með hánum um hríð; þá sékk Vagn Ingibjargar dóttur Þorkels leiru með miklu fé. Um várit fór Vagn suðr til Danmarkar, gaf Eirikr jarl hánum þrjú langskip vel búin, ok skiljask þeir góðir vinir. Eptir bardagann gékk Hákon jarl at Skúmi Þorkelssyni ok sá hann sáran til ólífis, ok mælti: „Illa hefir þinn faðir haldit⁴, ef þú skalt eigi heim koma til handa hánum.“ Þá orti Skúmr visu:

þat kvað jarl at æri⁵
unnviggs fyr haf sunnan,
þá er á seima særí
sárelda spør⁶ váru:
öllungis hefir illa,
eybaugs, ef skalt deyja,
vist hyggjum þat, viggja
valdr! þinn faðir haldit.

Hákon jarl gat sun, þá er hann var fimbrottað vetrar gamall, ok hét 65. sá Eirikr jarl. Þá er Hákon jarl kom aptr í Noreg, þá kvángáðisk hann ok sékk þóru Skagadóttur, systur Tiðendaskopta, ok hann sékk Ingibjargar dóttur Hákonar jarls. Sveinn var sunr Hákonar jarls ok þóru, ok Bergljót var þeirra dóttir, er átti Einarr Þambarskelfir, Sigurðar váru tveir, Erlingr ok Hemingr ok Erlendr váru synir Hákonar jarls. Þau Skopti ok Ingibjörg áttu sun, þann er Ormr hét ok var jarl, þaðan var kominn Erlingr jarl. Skopti var svá kerr Hákon jarli, at hann skyldi í höfnum leggja næst jarlinum sitt skip, ok engi skyldi annat þora en leggja þegar á braut, er hann kom til. Svá bar til einu⁷ sinni, at Skopti kom svá til fóruneytis jarlsins, at í læginu lá þá fyrir Eirikr sunr hans, ok bað Skopti hann [leggja or læginu fyrir sér⁸; en hann læzk eigi munu á braut leggja. Þat heyrði⁹ jarl, ok bað taka tjöld af sinu skipi, ok kvað engum skulu hlýða at halda¹⁰ læginu fyrir Skopta. Þá váru ok tjöld tekin af skipi Eiríks, ok sá hann, at hann var liðfár, ok lét siga sitt skip or læginu fyrir Skopta. Um haustit eptir fór Skopti millum búa sinna á skútum einni; þat spurði Eirikr ok skipaði jafnmikit skip, ok lagði til fundar við Skopta, ok drap hann ok alla skipsókn¹¹ hans

¹⁾ Vagni væri grið gefin ²⁾ svá, þó at hánum líkaði illa, skyldi hann svá búit hafa ³⁾ þeir ⁴⁾ rettet; haldizk A; udel. B ⁵⁾ orði urigt. B ⁶⁾ rettet; spjorr A, spjöll B ⁷⁾ eithvert ⁸⁾ á braut leggja ⁹⁾ Hákon tilf. ¹⁰⁾ á tilf. ¹¹⁾ skipsögn

með hánum, sem segir í kvaði því, er ort er um Eirík, ok Eyjúlfr orti daðaskáld:

Meita fór at móti
mjök síð um dag skíði
ungr með jöfnu gengi
útvers frónum hersi,
þá er rauðvita reiðir
randvallar lét falla
(úlfsteitir gaf átu
opt blóðvöllum) Skopta.

[Þetta er hit fyrsta verk Eiríks jarls er ort er um¹. Hákon jarl ok Eiríkr jarl váru jafnan síðan úsáttir.

66. Eptir Jómsvikinga orrostu þóttisk Hákon jarl fullkominn vera til ríkis, er hann hafði svá mikla höfðingja sigrat, þóttisk hann ekki þurfa at hræðask Dani um sitt ríki. Þá tók hann at harðna við [sitt landsfólk², ok gerðisk fégjarn ok rekti ekki löggin, ok mest var at því, at hann var vífinn³ um konur, ok þar eptir gerðu menn hans: hvárki var hlíft⁴ frændkonum ríkismanna né eiginkonum manna, hvártveggja⁵ rikra ok úrikra. Þá gerðisk mikit orð á um óvinsæld [jarlsins ok hans liðs⁶, sögðu böndr sem reyndisk, at þeir vildu eigi þola svá búit, ok⁷ gerðu böndr lið at Hákonni jarli ok hans mönnum. Þá var hann staddir í Gaulardali á bœ þeim er Rimul heitir, ok þar var hann dreppinn af skósveini sínum, sá hét Skopti Karkr. Erlendr sunr Hákonar jarls var dreppinn á sundi, þá er hann hljóp fyrir borð, með hjálmurveli⁸, en aðrir brœðr hans stukku or landi. Eiríkr sekir austr í Sviaveldi á fund Ólafs Svíakonungs, var þar í góðu yfirlæti langa hrið, ok herjaði víða um Austrvegu, svá sem segir þórðr Kolbeinssunr:
- 67.

Jöfrum varð (en urðu
allhvast Danir falla)
blóðhelsingja bræðir
bröðir⁹ Sigurðar œðri.

-Meinrennir!- brá manna
(margs fýsa sköp) -varga-
ljóða litlu síðar
læ Hákonar ævi.
En til lands þess, er lindar
láðstafir vegit hafði,

¹) Þetta er talit hit fyrsta fráverk Eiríks í hans sögu ²) landsmenn sína
³) ósiðarmaðr ⁴) þyrmt ⁵) bæði ⁶) saal. B; við jarl ok lið hans
⁷) einum vetri eptir Jómsvikinga orrostu tilf. ⁸) hjálmurveli ⁹) brœðr

hraustr þá er herr¹ fór vestan,
hygg ek kómu sun Tryggva.

Hafði sér við særi
(slíks var ván at² hánum)
auðs en upp um kvæði
Eiríkr í hug meira.
Sótti reiðr at ráðum
(rann engi því manna,
þrályndi gafsk þróendum)
þróenzkr jarl konung sœnskan.

Um Ólaf Tryggvasun ok um hans ævi.

Ólafr digrleggr³, sunr Haralds hins hárfagra, var faðir Tryggva 68. konungs, þess er átti Ástriði dóttur Eiríks bjóðaskalla sunnan af Ofra-slöðum⁴; þeirra sunr var Ólafr er [á barns aldrí⁵ fór með móður sinni í ókunn lönd frá⁶ hánum ok öllum ættmönnum sinum, nam fóstr ok uppfoði⁷ austr í Hólmgarði með Valdimari⁸ gamla, þróaðisk ok óx hvártveggja með afli ok vetratali, þó mest með vizku ok atgörvi þeirri allri, er prýða má góðanmann⁹. Hann hafði mikinn metnað sem ván¹⁰ var af konungi ok [af öllum¹¹ hans mönnum. Valdimarr konungr setti Ólaf höfðingja brátt innan hirðar, ok svá at stjórna hermiönnum þeim, er varðveittu land konungs ok mikluðu¹² ríki Garðamanna.

Ólafr vann margskyns¹³ frægð i Garðaríki ok viða [í Austrveg¹⁴, 69. í Suðrlöndum ok Vestrlöndum, svá sem segir Hallfreðr vandræðaskáld:

Svá frá ek hitt at háva¹⁵
hörgbrjótr í stað mörgum
-opt kom hrafn at hepta¹⁶-
hlóð valkostu -blóði-.
Endr lét Jamta kindir
allvaldr í styr falla
-vandisk hann- ok Vinda
végrimmr -á þat snimma-.

Hætr var Hörða dróttinn
hjördjarfr Gota fjörvi,
gullskerði frá ek görðu
geirþey á Skáneyju.

¹⁾ hann ²⁾ saal. B; af A ³⁾ tilf. B; mgl. i A ⁴⁾ Oprostöðum ⁵⁾ með barnæsku ⁶⁾ mgl. ⁷⁾ uppfoæzlu ⁸⁾ Valdamari ⁹⁾ höfðingja ¹⁰⁾ vert ¹¹⁾ saal. B; þar með öllum út ifrá A ¹²⁾ saal. B; mildaði A ¹³⁾ margskonar ¹⁴⁾ um Austrvegu ¹⁵⁾ rettet; hávan A og B ¹⁶⁾ hafna

Böðserkjær hjó birki
barklaust í Danmarku
hleypimeiðr fyr Heiða
hlunnviggja bœ sunnan.

Tíðhöggit vann tiggi
Tryggva sunr fyr styggvan
leiknar hest á lesti
ljótvaxin hræ Saxa.
Vinhróðir gaf víða
víssir marga Frísa
blökku brúnt at drekka
blóð kveldriðu stóði.

Hilmir vann at Hólmi
hjálmskóð roðin blóði
(hvati¹ ofdyldi þess höldar)
hörð ok austr í Görðum.
Rógs brá rekka lægir
ríkr valkeru líki,
herstefnir lét hröfnum
hold Flæmingja goldit.

Gerðisk ungr við Engla
ofvægr konungr bægja,
naddskúrar réð nærir
Norðhumbra² sá morði.
Barði brezkrar jarðar
byggendr³, en hjó tiggi
(gráðr þvarr geira hriðar
gjóði) kumbrskar⁴ þjóðir.

Gerði seims með sverði
sverðleik í Mön skerðir,
eyddi úlfa greddir
ógnblíðr Skotum víða.
Ýdrauga lét egin
eyverskan her deyja,
(týr var tjörva⁵ dýrra⁶
tírar gjarn) ok Íra.

Ólafr konungr Tryggvasunr átti tvær konur: Geilu⁷ hina vindversku
ok Gyðu [hina ensku⁸. Ólafr var kristnaðr vestr í Syllingum. Hann
kom í Noreg vestan af Englandi, svá sem fyrr var sagt i kvæði Þórðar
Kolbeinssonar.

¹⁾ hvar ²⁾ saal. *B*; Norðimbra *A* ³⁾ byggvendr ⁴⁾ saal. *Cd. Arn. Magn.*
^{310 4to;} kumbrskar *A*; lumberskar *B* ⁵⁾ rettet; tjorvar *A og B* ⁶⁾ dýran
⁷⁾ saal. baade *A og B*; Geiru *Sn.* ⁸⁾ tilf. *B*; mgl. *i A*

Í þann tíma er drepinn var Hákon jarl¹ kom Ólafr vestan ok sótti 70. norðr í land, ok er hann kom í Þrándheim tóku allir þróendir vel við hánum, ok fyrst² Gauldælir; gerðu þó allir samt sitt félag, fyrir því at hvártveggja höfðu um vant at ráða. Bœindr þurftu höfðingja þann, er þeim væri [bæði söemd at ok traust³, þar sem þeir höfðu gert samnað at Hákon, ok af því [varð hann af lífi tekinn⁴, en eptir hann váru synir ríkir ok harðfengir til hefnnda. Ólafr konungr hafði ok [ofmikinn vanda⁵, þar sem faðir hans var af lífi tekinn ok alt hans ríki hertekit, en hann verit í útlegð frá frændum ok óðulum frá barnesku. Bœindr höfðu konungi at bjóða mikit traust ok fjölmenni, en á móti hafði hann at fá þeim virðuligan⁶ höfðingja ok fullkominn i allri spekt, ok [fyrir því at vant er at ráða svá, at jafnan þykki vel ráðit⁷; dró þetta þó saman þeirra samþykki, ok tóku Ólaf til konungs á Eyrapingi; en hann [svaraði þeim vel ok vitrliga, ok lögbundu⁸ þat fast, at hvártveggja skyldu veita öðrum [lið ok fulltingi⁹ til allra lögsamligra¹⁰ hluta.

Nú ferr Ólafr konungr yfir endilangan Noreg¹¹ norðan frá 71. landamæri ok suðr til Danmarkar; hann gerðisk maðr nú bæði ríkr ok göfugr, ok tók á sik mikit starf ok vandræði, meðan hann var konungr yfir Noregi. Hann hélt fyrstr Noregs konunga retta trú til Guðs, ok af hans stjórn ok ríki varð alt Noregs veldi kristnat¹², ok enn kristnaði hann fleiri lönd: Orkneyjar, Færeyskum, Hjaltland¹³, Ísland ok Grænaland; um þetta kristniboð urðu mörg stórtíðendi áðr en svá mikti [køemi til leiðar um öll þessi lönd¹⁴.

[En þegar vánu skjótara lét Ólafr konungr¹⁵ efla kaupstað i 72. Niðarósi, en þar hafði áðr verit einbæli. Ólafr konungr lét drepa stóra höfðingja, er á móti vildu rísa kristninni, sumum veitti hann ok mikil lén ok stórar gjafir, [þeim sem efla vildu hans¹⁶ erendi. Erlingr Skjálgssunr sékk Ástriðar systur Ólafs konungs, ok hann hafði erendi hans alt austr í land. En á Hlöðum var þá [mest höfuðbæli¹⁷ í Þróendalögum. Ólafr konungr lét gera skip á Hlaðahömrum¹⁸, þat var miklu meira ok virðuligar¹⁹ gört um alla hluti en önnur skip²⁰ í Noregi, þat hafði fjögur rúm ok 30, þar váru á gör drekahöfuð [öll

¹⁾ saal. B; Í þenna tíma er áðr var Hákon jarl drepinn A ²⁾ fyrstir ³⁾ traustr ⁴⁾ hafði hann látzk ⁵⁾ vanda mikinn ⁶⁾ virðiligan ⁷⁾ átti hann opt um vant at ráða ok þó jafnan vel or ráðit ⁸⁾ svarði þeim lög á móti; þeir bundu ⁹⁾ styrk ¹⁰⁾ vegsamligra ¹¹⁾ ok lagði undir sik tilf. ¹²⁾ kristit ¹³⁾ Hjaltland ¹⁴⁾ gott kæmisk á leið ¹⁵⁾ Ólafr konungr lét ¹⁶⁾ til at efla sitt ¹⁷⁾ höfuðbær mestr ¹⁸⁾ saal. B; landhömrum A ¹⁹⁾ virðiligrar ²⁰⁾ langskip

með gulli lögð¹, ok var þat kallat Ormr enn langi; [í þetta skyldi engi maðr koma til ferðar yngri² en tvitugr, en engi eldri en sextugr. Margir hlutir váru þar til varnaðar mæltir ok boðnir þeim mönnum, er á Orminum langa váru; engi skyldi sá vera á þessu skipi, [er eigi³ væri at nökkuru áburðarmaðr, ok þar finnask sönn⁴ dœmi til, at á því skipi váru kappar einir, en engi grey eða bleyðimenn.

Um úscetti annarra höfðingja við Ólaf Tryggvasun.

73. Sveinn Danakonungr þóttisk missa mikilla eigna, þeirra er vera [skyldi tilgjöf⁵ Gunnhildar konu hans, fyrir því at þyri hafði þær eignir, er Haraldr konungr hafði gefit henni, faðir hennar. En Burizleifr þóttisk [þó mjök svikinn at hann hefði tilgjöf þá, sem þyri skyldi hafa, þar sem konan⁶ kom eigi til hans. Af fortölum⁷ Gunnhildar ok áeggjan sendi Sveinn konungr menn eptir þyri, ok lét fylgja henni nauðugri til Vindlands ok á fund Burizleifs konungs; en hann tók með mikilli ást við ok gerði brúðkaup⁸ til hennar, en hon hélt þó fram sínu þrýndi, ok kvazk eigi vilja hafa heiðinn mann heldr en fyrr, ok var svá sjau nætr með konungi, at [hvárki át hon eða drakk með hánum eða hans mönnum⁹. Ok með ráðum fóstrföður síns gat hon [leyznk í brott¹⁰ á skóg einn, ok svá til þess er hon kom til sjóvar, ok þaðan¹¹ féngu þau eitt litit skip, ok fóru svá til Danmarkar. En hon þorði þar eigi vera, fyrir því at hon ugði, at Sveinn konungr bróðir hennar myndi fóra hana aprí til Vindlands, ef hann [hefði vitorð af, at hon væri í Danmörku¹². Fór hon þá leyniliga í Noreg á fund Ólafs konungs, ok bað hann leggja nökkut til hjálpræða, ok gerði hánum kunnigt um sínar atferðir. En konungr tók vel við henni ok scemiliga ok gerði hana sér at eiginkonu [utan ráðs¹³ Sveins bróður hennar. Hon bað opt Ólaf konung, at hann skyldi heimta fé af¹⁴ Burizleifi konungi á Vindlandi, ok sagði, sem satt var, at hon hafði lítit af því er hon átti með réttu¹⁵. Brátt eptir þessa áeggjan býr Ólafr konungr ferð sína or landi, ok bauð út liði miklu ok hafði 60 skipa, fór austr til Vindlands ok í gegnum Danakonungs veldi¹⁶ fyrir utan [hans vilja¹⁷. Ólafr konungr fær mikit fé, ok alt eignask hann þat er hann

¹⁾ gulli hūin ²⁾ á þessu skipi skyldi engi maðr yngri vera ³⁾ nema ⁴⁾ mörg ⁵⁾ skyldu í tilgjöf ⁶⁾ þá mjök svikinn, þó at hann hefði tilgjöf, þá er þyri skyldi hafa, þvíat konan ⁷⁾ atkalli ⁸⁾ brullaup ⁹⁾ hon þá at þeim hvárki mat né drykk ¹⁰⁾ hleypizk á braut ¹¹⁾ þar ¹²⁾ vissi at hon væri þar komin ¹³⁾ án ráði ¹⁴⁾ at ¹⁵⁾ at hafa *tilf.* ¹⁶⁾ ríki ¹⁷⁾ hans þókk ok vilja

beiddi, ok olli því mest liðveizla Ástriðar dóttur Burizleifs konungs, er átti Sigvaldi jarl at Jómi. En þá er Ólafr konungr fór af Vindlandi, þá sigldi hann lítinn byr til Danmarkar ok fagrt veðr, ok fóru þau skipin fyrir er smærri váru, en þau eptir en störrri, fyrir því at þau þurftu meira veðrit [heldr en þau skipin en smærri¹.

Við einn hólma fyrir Vindlandi váru saman komnir margir stórir 74. höfðingjar, en sá hólmni heitir Svoldr. Í þessum flota var Sveinn Danakonungr, er miklar sakir þóttisk eiga við Ólaf konung. Sú var ein, er² Ólafr konungr átti systur Sveins konungs, ok hafði fengit hennar at úleyfi hans; önnur sök var sú, at Ólafr konungr hafði sezk í skattland³ hans Noregs ríki, er Haraldr konungr faðir hans hafði undir sik lagt. Sigvaldi jarl var þar ok með Danakonungi, fyrir því⁴ at hann var Danakonungs jarl. Í þessum samflota⁵ var mikill höfðingi Ólafr svænski⁶, Sviakonungr, er hefna þóttisk eiga [Ólafi konungi miklar svívirðingar⁷: hann hafði slitit festarmálum við ok lostit með glófa sínum móður Ólafs konungs⁸ ok dóttur Sköglartosta; þá sömu Sigriði átti þá Sveinn Danakonungr, ok var hon mjök áeggjandi⁹, at Sveinn konungr gerði Ólafi mein eða svívirðing. En í þessu liði var Eirikr jarl Hákonarsunr, er mestar sakir þóttisk eiga við Ólaf konung ok hans menn, þá er nær höfðu verit drápi Hákonar jarls ok flæmt¹⁰ or landi alla sunu hans, [en Ólafr sezk¹¹ í ríkit eptir.

Ástriðr hafði fengit Ólafi konungi ellifu skip, ok skyldi þat¹² lið 75. fylgja hánum alt til þess, er hann kœmi um Danmörk. En þat [mest var til, at þau Burizleifr ok Ástrið tóku svá vel við Ólafi konungi, at Geila hafði verit¹³ dóttir Burizleifs konungs ok systir Ástriðar, sú er Ólafr konungr hafði átt, þá er hann var í Vindlandi. Ólafr konungr hafði alls eitt skip ok 70, sem segir Halldórr úkristni¹⁴:

-Óna- fór ok einu
 -unnviggs- konungr sunnan
 -sverð rauð mætri at morði
 meiðr- sjau tugum¹⁵ skeiða,
 þá er hún lagar -hánum-
 hafði jarl um krafðan
 -sætt gékk seggja ættar
 sundr- Skánunga fundar.

¹) en þau er smærri váru ²) at ³) skattlönd ⁴) þá sök ⁵) flota ⁶) saal. B; sværki A ⁷) á Ólafi konungi mikillar svívirðingar ⁸) saal. B; sværka A ⁹) fýsandi ¹⁰) flæmta ¹¹) ok sezk ¹²) þetta ¹³) saal. B; var umfram alt hversu Burizleifr ok Ástrið tóku vel við Ólafi konungi, fyrir því at Geila var A ¹⁴) ókristinn ¹⁵) tigum

76. Þessir höfðingjar höfðu úvigan her ok lágu í höfn einni innan at hólmanum, en skip Ólafs konungs sigldu hit ytra fyrir, en höfðingjarnir váru uppi á hólmanum ok sá til, er flotinn sigldi austan. Þeir sá at smáskipin sigldu fyrir. [Nú sjá¹] þeir eitt mikit skip ok glæsiligt²; þá mælti Sveinn konungr: „Fórum til skipa sem skjótast³, þar siglir Ormr langi austan.“ Þá svaraði Eiríkr jarl: „Bíðum enn, herra! fleiri hafa þeir stórskip en Orminn langa einn.“ [Ok svá var⁴.] Þetta skip átti Styrkárr af Gimsum. Nú sá þeir annat skip enn mikit ok vel búit, höfðaskip. Þá mælti Sveinn konungr: „Nú man hér fara Ormr langi, ok [gætum at vér verðim⁵ eigi of seinir í móti þeim.“] Þá svaraði Eiríkr jarl: „Eigi man þetta vera Ormr langi, fá hafa enn farit stórskip þeirra, en mörg munu til vera.“ Svá var þetta sem jarlinn sagði. [Nú sigldi skip með segl stafat⁶, þat var skeið ok miklu meira en önnur skip, þau er siglt höfðu. Þá er Sveinn konungr sá, at þat skip hafði eigi⁷ höfuð á sér, þá stóð hann⁸ upp ok mælti ok hló við: „Hraeddr er Ólafr Tryggvasunr nú, eigi þorir hann at sigla með höfðum dreka síns; fórum nú ok leggjum [til hans⁹.]“] Þá svaraði Eiríkr: „Eigi er þetta Ólafr Tryggvasunr, ek kenni skip, fyrir því at opt hefi ek þat sét: þat á Erlingr Skjálgsunr, ok er betr at vér leggim um¹⁰ skut hánum til þessar orrostu; þeir drengir eru þar innanborðs, er¹¹ vér megum víst vita, ef¹² vér hittum Ólaf Tryggvasun, [en opt er betra skarð¹³ í flota konungs, en þessi skip¹⁴ svá búin.“] Þá mælti Ólafr Sviákonungr til jarlsins: „Eigi skyldum vér æðrask¹⁵ at leggja til bardaga við Ólaf, þó at hann hafi skip mikit, ok er þat skömm mikil ok neisa, [er menn spryrra á önnur lönd¹⁶, ef vér liggjum með her úvigan, en hann siglir þjóðleið hit ytra.“] Þá svaraði Eiríkr jarl: „Herra! lát sigla [þessa skeið ef hon vill, ek man segja yðr góð tíðendi, at¹⁷ eigi man Ólafr Tryggvasunr um oss hafa siglt, ok þenna dag munu þér¹⁸ eiga kost at berjask við hann; nú eru hér margir höfðingjar, ok væntir mik þeirrar hriðar, at allir skulum hafa [yfrit at vinna¹⁹.]“] Þá mæltu þeir enn, er fram kom [skeið ok mikit skip²⁰: „þetta man vera Ormr langi, [ok eigi vill Eiríkr jarl,“ sögðu Danir, „berjask ok hefna föður síns, ef hann vill eigi nú²¹.“] Jarlinn

¹⁾ saal. B; þá sá A ²⁾ glasiligt ³⁾ tíðast ⁴⁾ saal. B; fyrir því at svá var ok A ⁵⁾ verðum ⁶⁾ Nökkur skip fóru þá um aðr en skip sigldi með stöfudu segli ⁷⁾ engi ⁸⁾ saal. B; Sveinn konungr A ⁹⁾ at sem harðast ¹⁰⁾ á ¹¹⁾ at ¹²⁾ at ¹³⁾ betra er oss skarð ¹⁴⁾ skeið ¹⁵⁾ æðra ¹⁶⁾ ok man þat spryrrask á öll lönd ¹⁷⁾ þetta skip, ek man segja þér satt ¹⁸⁾ vér ¹⁹⁾ cerit at vinna fyrr en vér skiljumk ²⁰⁾ eitt mikit skip ²¹⁾ saal. B; en vill Eiríkr jarl eigi berjask um ok hefna föður síns A

svaraði reiðr mjök ok sagði¹, at Dönum mundi eigi úleiðara verða at berjask en hánum ok hans mönnum. Þá var eigi langt at biða til þess þrjú skip allstór sigldu, ok eitt miklu mest, ok hafði drekahöfuð gylt. Þá mæltu allir, at jarlinn hefði² satt sagt, ok þar fari³ nú Ormr langi. Eiríkr jarl svaraði: „Eigi er þetta Ormr langi.“ Ok bað þá þó til leggja, ef þeir vildi. Ok þegar tók Sigvaldi skeið sína ok réri út til skipanna, lét skjóta upp skildi hvítum, en þeir [hlóðu seglum sinum ok biðuðu⁴; en þat it mikla skip er Tranar, ok stýrði þorkell dyrðill⁵, konungs fraendi. Þeir spryrra Sigvalda, hver tiðendi hann segði þeim. Hann læzk kunna at segja þeim tiðendi af Sveini Danakonungi, þau er Ólafi Tryggvasoni er skylt⁶ at vita, [laetr vera sett fyrir hann vélræði, ef eigi varaðisk hann⁷. Þá [létu þeir þorkell fljóta skipins⁸ ok biðu konungsins. Þá sá Sveinn konungr fjögur skip allstór sigla ok eitt miklu mest, ok á drekahöfuð þau er gull eitt var⁹ á at sjá. Þá mæltu allir senn: „Furðu mikit skip ok fritt er Ormrinn langi, ekki langskip man jafnfrítt i veröldu vera, ok mikil rausn¹⁰ er at láta gera þvílikan grip.“ Þá mælti Sveinn Danakonungr: „Hátt¹¹ man Ormrinn langi bera mik, hánum skal ek stýra í kveld áðr¹² en sól setisk.“ Ok hét á lið sitt, at búask skyldi. Þá mælti Eiríkr jarl, svá at fáir menn heyrðu: „Þóat ekki skip hefði Ólaf Tryggvasonr meira, en þat er nú má sjá, þá [stýrir aldri Danakonungr því, ef þeir skulu tveir með sinu liði við skiptask¹³.“ Sigvaldi er hann sá hvar skipin sigldu¹⁴, [þá bað hann þorkel dyrðil draga skipin undir hólmann, en þorkell létt þeim betr standa veðrit at sigla á hafit, heldr en halda undir landit með skip stór ok byr litinn; en þeir heimtusk þó með skipin undir hólmann þessi fjögur, fyrir því at þeir sá sum sín skip undir hólmann róa, ok grunaði þá¹⁵, at vera mundi nökkur ný¹⁶ tiðendi, [ok beittu sem næst¹⁷ hólmanum ok hlóðu seglum sinum, ok tóku til ára sinna; þetta it mikla skip er kallat Ormr skammi. Nú sá höfðingjarnir þrjú skip sigla allstór ok hit fjórða síðast. Þá mælti Eiríkr jarl við Svein konung ok við Ólaf Svíakonung: „Standið nú upp ok til skipa, nú [má engi¹⁸ þrætta at Ormr langi sigli¹⁹, ok þar megu þér nú hitta Ólaf Tryggvason.“ Þá [sló á þögn á höfðingjana, ok mælti engi, ok var á

1) ok lét eigi vera minni ván 2) hafði 3) ferr 4) hlaða seglum ok bíða
 5) nefja 6) saal. B; skylduligt A 7) ok þarf hann þess, at hann varisk
 8) saal. B; skutu þeir í flota skipunum A 9) váru 10) hreysti 11) saal.
 B; mgl. i A 12) fyrir 13) man Sveinn konungr við Danaher einn aldrigi
 þessu skipi stýra 14) stýrðu 15) bað þá þorkel nefju draga Orminn
 undir hólmann, lét veðrit þeim betr standa at sigla á hafit ok at fara land-
 halt við stórskip ok litinn byr. Þeir gerðu svá, heimtu undir hólmann, grunuðu
 at 16) mgl. i B 17) beita á veðr þeim nær 18) man ek eigi 19) siglir

liðinu mikill ótti¹, ok hræddisk þar margr við sinn bana. Ólafr Tryggvasunr sá hvar hans menn höfðu lagt undir hólmann, [ok þóttisk vita, at þeir myndu hafa spurt nökkur tíðendi, vendir ok þessum skipum inn at hólmanum², ok hlóðu seglunum. Sigvaldi jarl stýrði skeið sinni inn með hólmanum á móti liði konunganna, er innan [för or höfninni³, fyrir því⁴ kvað Stefni svá um Sigvalda:

Manka⁵ ek nefna,
nær man ek stefna;
niðrbjúgt er nef
á niðingi þeim⁶,
er Svein konung
sveik or landi,
en Trygga sun
á tálar dró.

77. Sveinn Danakonungr ok Ólafr Svíakonungr ok Eiríkr jarl höfðu gert þat ráð á milli sin, ef þeir feldi Ólaf konung Tryggvasun, at sá þeirra er þessu var⁷ næstr, skyldi eignask skip hans ok alt hlutskipti, þat er féngisk í orrostu; en veldi Noregs konungs skyldi hafa hverr við annan at þriðjungi. Þá sá Ólafr Tryggvasunr ok allir menn hans, at þeir váru svíknir, fyrir því at sær⁸ allr var þaktr með herskipum í nánd þeim, en Ólafr konungr hafði lílit lið, svá sem segir Hallfröðr af því er lið hans hafði siglt frá hánum:

Hygg⁹ ek víst til mjók mistu
(mögð kom drótt á flóttu)
gram þann er gunni framdi
gengis þrænzkra drengja.
Næfr vá einn við jöfsra
allvaldr tvá snjalla
(frægt¹⁰ er til sliks at segja
siðar) ok jarl enn þriðja.

78. Nú lagði í sinn stað hverr þeirra þriggja höfðingja: Sveinn Danakonungr með sitt lið, Ólafr Svíakonungr með sinn her, i þriðja stað bjó Eiríkr jarl sitt lið. Þá mælti við Ólaf konung vitr maðr einn, þorkell dyðrill¹¹: „Hér er mikil ofrefli liðs við at berjask, drögum¹² segl vár ok siglum eptir liði¹³ út á haf, fyrir því þat er engum manni bleyði, at hann ætli hóf fyrir sér.“ Þá svaraði Ólafr konungr með háreysti: „leggið [skipunum saman í tengsl¹⁴, ok herklæðisk menn

¹⁾ þögnumdu þeir allir, ok varð at ótti mikill ²⁾ Fra [tilf. B; mgl. i A ³⁾
fóru ⁴⁾ þessa sök ⁵⁾ mankat ⁶⁾ rettet; þann A og B ⁷⁾ væri ⁸⁾
sjór ⁹⁾ þar hygg ¹⁰⁾ frægt ¹¹⁾ dyrðill ¹²⁾ upp tilf. ¹³⁾ váru tilf.
¹⁴⁾ saman skipin ok tengið

ok bregði sverðum sínum; ekki skulu minir menn á flóttu hyggja!“
Þetta orð váttuði Hallfröðr á þá lund:

Geta skal máls þess er mæla
menn at vánna sennu
dólgafangs við drengi
dáðöflgan bur kváðu.
[baðat hertrygðar¹ hyggja
hnekkir sína rekka
(þess lífa þjóðar sessa
þróttar orð) á flóttu.

Þá spurði Ólafr Tryggvasunr sína menn: „Hverr er höfðingi yfir² þessu 79.
liði, er hér liggr næst oss?“ þeir svoruðu: „Þat hyggjum vér at
Sveinn Danakonungr sé.“ Þá mælti Ólafr konungr: „Ekki skulum vér
óttask þat lið, aldri báru Danir sigr í orrostu, þá er þeir börðusk á
skipum við Norðmenn.“ Ok enn spurði Ólafr konungr: „Hverir liggja
þar út ifrá ok hafa mörg skip?“ Hánum var sagt, at þat var Ólafr
Eirikssunr Sviakonungr. Þá svaraði Ólafr konungr: „Ekki þurfum vér
at óttask Svía hrossætur³, fyrir því at þeim man tíðara⁴ at sleikja
innan blótballa sina heldr en ganga upp á Orminn langa undir ván
vár⁵.“ Enn spurði Ólafr konungr Tryggvasunr: „Hverir eigu þau
skip en stóru, er þar liggja út ifrá [þeim öðrum⁶ flotanum?“ Hánum
var sagt, at þat var Eirikr jarl Hákonarsunr með Járnbardann, er allra
skipa var mest. Þá mælti Ólafr konungr: „Mjök hafa þeir tignum
mönnum í þenna her skipat í mótt oss, ok at⁷ þessu liði er oss ván
harðrar orrostu: þeir eru Norðmenn sem vér, ok hafa oft sét blóðug
sverð ok mart vánaskipti, ok munu við oss þykjkask eiga skapligan
fund, ok svá er ok.“ Þessir höfðingjar fjórir, tveir konungar ok tveir
jarlar, leggja til bardaga við Ólaf Tryggvasun, ok er Sigvalda lítt við
orrostuna getit, [en þó segir Skúli Þorsteinssunr í sínum flokki, at
Sigvaldi var þar⁸:

Fylgða ek Frísa dölgí,
(sékk ek ungr þar er spjör sungu,
nú finnr öld at eldumk,
aldrbót) ok Sigvalda,
þá er til móts við mœti
málmþings í dyn hjálma
suðr fyr Svoldrar myði⁹
sárlauk roðinn bárum.

Nú er þessi orrosta harðla snörp ok mannskœð, ok féllu Danir mest, 80.
því at þeir váru næstir Norðmönnum. Nú haldask þeir eigi við, ok

¹⁾ saal. B; bað hertryggvir ^A ²⁾ fyrir ³⁾ hrossæturnar ⁴⁾ blíðara ⁴⁾
mgl. ⁵⁾ yður ⁶⁾ mgl. ⁷⁾ af ⁸⁾ tilf. B; mgl. i A ⁹⁾ munni

leggja þeir or skotmáli, ok fór þessi herr, svá sem Ólafr konungr hafði sagt, með alls engan orðstír; en eigi at síðr¹ var hörð orrostu ok löng, féll af hvárumtveggja mikit lið ok mest af Svíum, ok þar kom at Ólafr Svænski sá þat at bezta ráði fyrir sér ok sinu liði, at vera sem first, ok lét síga á hömlur aptr undan, en Eirikr jarl lá við sibyrt. Ólafr konungr Tryggvasunr hafði lagt Orminn langa millum Orms skamma ok Trönunnar, en hin smæstu skipin yzt. En Eirikr jarl lét fráhöggyva hvert sem hroðit var, en lagði at þeim, er eptir váru. Nú er smærri skip Ólafs konungs ruddusk, stukku menninir undan ok géngu upp á hin sterri skipin; varð í því mikit mannspjall í hvárm-tveggja flokkinn; en svá sem liðit féll af skipum Eiriks jarls, þá kom annat ekki minna í staðinn af Svíum ok Dönum, en eigi kom í staðinn þess liðs, er féll af Ólafi konungi. Ruddusk þá skip hans öll nema Ormrinn langi eigi, fyrir því at hann var borði hæstr ok bezt skipaðr. En meðan liðit var til, þá hafði þingat á gengit, ok hafði hann haldit sinni fullri skipan at manntali, þó at sumir létsuk fyrir hánum. En þá er hroðinn var Ormr skammi ok Tranar, þá lét Eirikr jarl þau ifrá höggyva, en síðan lagðisk Járnbardinn sibyrðr við Orminn langa, sem segir Halldórr úkristni:

Fjörð kom heldr í harðan²
 (hnitu reyr saman dreyra,
 tungl skárusk þá tingla
 tangar) Ormrinn langi,
 þá er borðmikinn barða³
 bryntagðs reginn lagði
 (jarl vann hjálms und hólmi
 hrið) við Fafnis síðu.

Gerðisk snarpra sverða
 (slitu drengir frið lengi)
 þá er gollin spjör gullu
 gangr um Orminn langa;
 dólgks kváðu fram fylgja
 fráns leggbita hánum
 svænska menn at sennu
 sunnr ok danska runna⁴.

Hykkat ek vægð at vígi,
 vann -drótt- jöfur sóttan
 (fjarð- kom jarl at -jörðu)
 ógnharðan -sik sparðit⁻⁵;

¹⁾ her begynderanden Lacune i B. ²⁾ rettet for harða ³⁾ rettet for borð
 mikill barði ⁴⁾ rettet for í danska ranna ⁵⁾ rettet for sporðu

þá er fjarðmývils¹ færðuð,
fólkharðr! á tröð Barða,
litt var Sifjar sóti
svangr, við Orminn langa.

Þessi orrosta var[ð] nú svá hörð at furða var at², fyrst af sókn drengiligrí, ok þó mest af vörninni, er alla vega lögðu skip at orminum, en þeir er vörðusk géngu svá í móti, at þeir stigu niðr af borðunum ok í sjóinn, ok sukku niðr með vápnnum sínum, ok gættu eigi annars en þeir berðisk á landi ok vildu æ fram. Svá kvað Hallfröðr:

-Sukku niðr af naðri-
naddfárs í böð -sárir-
baugs gerðut við vægjask
verkendr Heðins serkjari.
Vanr man Ormr, þó at Ormi
alldýrr konungr stýri,
þar er hann skríðr með lið lýða,
lengi slíksra drengja.

Þar félru menninir fyrst um mitt skipit, þar sem borðin váru lægst, en fram um stafninn ok aptr í fyrirrúminu héldusk menninir lengst við. Þá er Eiríkr jarl sá at Ormrinn var auðr miðskipa, þá gékk hann upp með sumtán menn; ok er þat sá Úlfr enn rauði ok aðrir stafnbúar, þá géngu þeir or stafninum framan, ok svá hart at þar jarlinn var, at jarlinn varð undan at hrökkva ok aptr á skip sitt; ok þá er hann kom á Barðann, þá eggjaði jarlinn sína menn at seckja at vel, ok géngu þá upp í annat sinn með miklu liði. Var þá Úlfr ok allir stafnbúar komnir at lytingunni, en hroðit var alt skipit fram, sótti þá lið Eiríks jarls öllum megin at þeim Ólafi konungi. Svá sem Halldórr úkristni segir:

Hét á heiptar nýta
hugreifr (með Óleifi
aptr stökk þjóð um Þóptur)
þengill sína drengi,
þá er hafvita höfðu
Hallands um gram snjallan
(varð um Vinda myrði
vápnreið) lokit skeiðum.

Þá sótti Eiríkr jarl aptr at fyrirrúminu með sína menn, ok var þar hörð viðrtaka. Ólafur konungr hafði verit þann dag allan í lytingunni á Orminum, hann hafði gyltan skjöld ok hjálmi, þunga hringabrynu ok svá trausta, at ekki festi á henni, ok er þó svá sagt, at eigi skorti

¹⁾ rettet; fjarðmýkils A ²⁾ Lacune af nogle Ord i Texten, udsyldt efter Odd Munks Saga Ólafs Tryggyasunar, Cd. Arn. Magn. 310 4to.

vápnaburðinn at lyptingunni, fyrir því at allir menn kendu konunginn, af því at vápn hans váru auðkend ok hann stóð hátt í lypting. En i hjá konunginum stóð Kolbjörn stallari með þvilikan vápnabúnað sem konungr hafði. Nú fór þessi orrosta sem ván var, þar sem hvárir-tveggja höfðu hraustir áhizk, at þeir létusk þó, er fámannari váru. Ok þá er alt var fallit lið Ólafs konungs, þá hljóp hann sjálfr fyrir borð ok brá skildinum yfir höfuð sér, ok svá Kolbjörn stallari, en hans skjöldr varð undir hánum á sjónum, ok kom hann sér eigi i kafit, ok þeir menn er váru á smáskipum tóku hann, ok hugðu at konungrinn væri sjálfr; hann fékk þó grið af jarlinum. En eptir þat þá hljópu allir fyrir borð, þeir er eptir lifðu, ok þó flestir sárir, ok þeir er griðin féngu váru af sundi teknir; þat var Þorkell nefja, Karls-höfuð, ok Þorsteinn, ok Einarr þambarskelfir.

81. En eptir þat er orrostunni var lokit, þá eignaðisk Eiríkr jarl Orminn langa ok önnur skip Ólafs konungs ok margs manns vápn, þeirra er drengiliga höfðu borit til dauðadags. Þat hefir Hallfröðr váttat, at Þorkell nefja flýði svá, at öll skip Ólafs konungs váru hroðin:

Ógrœðir sá auða
armgjóts Trönu fljóta
(hann rauð geir at gunni
glaðr) ok báða naðra,
áðr èn hjaldrþorinn héldi
hugframr or böð ramri
snotr á snærír vitni
sunds Þorketill undan.

Þessi orrosta hefir frægust verit á Norðrlöndum, af því at sagt er um vörn drengiliga, þar næst af atsókn ok sigrinum, er þat skip varð unnit á djúpum sæ, er engi maðr ætlaði vápnum sótt verða, en þó mest fyrir sakar þess er þvilíkr höfðingi fíll, er þá var frægastr á danska tungu. Svá mikil gerðu menn sér um at vingask í allri umrœðu við Olaf konung, at mestr hluti manna vildi eigi heyra, at hann mundi fallit hafa, nema létu at hann var í Vindlandi eða í Suðríki, ok eru margar frásögur um þat görvar, en hans ástvinir hræddusk at þat mundi logit vera, ok lýsti Hallfröðr því vandræðaskáld, sá maðr er svá mikil hafði unt konunginum, at menn segja at eptir fall konungs fíkk hann vanheilsu af harmi, þá er hánum vannsk til dauðadags. Þetta vitni bar Hallfröðr:

Veit ek eigi hitt hvárt heita¹
hungrdeyfi skal ek leyfa

¹⁾ rettet for hvor hætta

dynsæðinga dauðan
dýrblíks eða þó kvíkvan :
alls sanuliga segja
(sárr man gramr at hváru,
hætt er til hans at fréttu)
hvártveggjæ mér seggir.

Samr var árr um æfi
oddflagðs, hinn er þat sagði
at lofða gramr lisði,
læstyggis burar Tryggva.
Vera kveðr öld or eli
Ólaf kominn stála,
menn geta máli sónnu
(mjök er verr en svá) ferri.

Ok enn kvað hann þetta:

Mundut þess, er þegnar
þróitharðan gram sóttu
(frá¹ ek) með lýða liði²,
landher ðar sköp verða,
at mundjökuls myndi
margdýrr koma stýrir
(geta þykkjat mér gotnar
glíkligs) or her slíkum.

Ok enn kvað hann:

ENN segir auðar kenni
austr or málma gnaustan
seggr frá sárum tiggja
sumr eða brott um komnum.
Nú er sannfregit sunnan
siklings or styr miklum
-kann ek ei mart við³ manna-
morð -veifunarordi-.

Ok enn sagði hann:

Norðmanna hygg ek nenninn
(nú er þengill framgenginn,
dýrr hné dróttar stjóri)
dróttin und lok sóttan.
Grams dauði brá geði
góðs úsfárar þjóðar,
allr glepsk friðr af falli
flugstyggis sunar Tryggva.

¹⁾ rettet for fær ²⁾ rettet for lífi ³⁾ rettet for at

82. Eptir orrostu áðr en¹ höfðingjar skildusk² jafna þeir með sér Noregs riki: hafði Eiríkr jarl úskerðan þann þriðjung lands, er hánum [hafði til handa borizk³, ok Sveinn konungr veitti Eiríki nökkurn hlut [af sinum hluta í Noregi⁴, ok hafði þó Sveinn konungr Vikina alla austr til Liðandisness. Svá sagði þórðr Kolbeinssunr:

En eptir víg frá Veigu
(vel ek⁵ orð) und⁶ gram norðan
land eða lengra stundu
lagðisk suðr til Agða.
En Sveinn konungr sunnan
sagðr er dauðr, en auðir⁷
(fátt bilar flestra ýta
fár) hans bœir váru.

Ólafr konungr svænski hlaut mikit riki i þessu hlutskipti um Upplönd öll ok nökkut norðr i⁸ Þrándheimi, ok setti hann þar til landgæzlu yfir sinn hlut Svein jarl Hákonarsun, ok skyldi hann gjalda af skatta Ólafl konungi⁹. Eiríkr jarl ok Sveinn [bróðir hans¹⁰ fóru þá til Noregs, ok hafði Eiríkr jarl Orminn langa, svá sem segir Halldórr úkristni:

Hjálmsfaldinn bar hilmi
hrings at miklu þingi
(skeið glestu þá þjóðin)
þangat ormrinn langi¹¹.
En suðr at gný gunnar
glaðr tók jarl við naðri;
áðr varð egg at rjóða
ættgóðr Ilmings bróðir.

83. Eiríkr jarl lagði undir sik Noreg [sem áðr var sagt, ok þeir brœðr váru tveir ok var Eiríkr ríkari¹², hann átti Gyðu dóttur Sveins Danakonungs, þeirra sunr var Hákon. Eiríkr var hermaðr mikill alla ævi ok allra manna sigrsælastr: hann gerði þat hit fyrsta frægðarverk, at hann drap Tíðendaskopta [er fyrr var ritat, ok¹³ annat sinn barðisk hann austr á Gautlandi, ok herjaði þar viða ok drap mikit fólk, ok sumt [handtók hann ok leiddi¹⁴ til skipa, ok var þat leyst út með miklu fé; en hit þriðja sinn barðisk hann við Jómsvikinga; hit sjórða sinn barðisk hann í Eyrarsundi, hrauð þar fjórar skeiðir¹⁵ af Dönum; en hina fimtu orrostu átti hann á Staðri suðr við víkinga, ok drap

¹⁾ her begynder B etter ²⁾ skildisk ³⁾ bar til handa ⁴⁾ Noregs veldis þess er hann átti ⁵⁾ vel ek rettet for vant er ⁶⁾ rettet for um ⁷⁾ rettet; hin er auði A; hinn auðgi B ⁸⁾ af ⁹⁾ hinum svænska tilf. ¹⁰⁾ brœðr ¹¹⁾ rettet; orminn langa A og B ¹²⁾ svá sem áðr var sagt, ok þeir tveir brœðr váru jarlar ok var Eiríkr ríkari ¹³⁾ saal. B; ok fyrr er sagt í riti at A ¹⁴⁾ tók hann höndum ok lét leiða ¹⁵⁾ skeiðar

marga, en suma rak hann á kaf. Þar næst fór hann austr í Garðaríki á hendr¹ Valdimari gamla, herjaði víða um hans ríki, hann braut Aldeigjuborg² ok tók mikit fé, ok enn lengra fór³ hann austr í Garðaríki, ok [herjaði alt sem hann fór⁴, brendi borg⁵ ok kastala, en böndr runnu á markir með byrðar⁶. Enn tók hann í Eystrasalti [um haustit eptir þrjár skeiðir⁷ vikinga, drap alt liðit ok tók [skip þeirra ok hvert fat er á var⁸; Þar næst [fór hann austr á Gautland⁹ ok brendi þar mörg þorp, fór ofan með herfangi miklu; þaðan fór hann herskildi [allar Aðalsýslur¹⁰; Þar næst átti hann orrostu við Ólaf konung Tryggvasun [við Svoldr¹¹. Eiríkr veitti uppgöngu á Skáni, tók þar mikit fé ok menn, ok áðr en hann köemi til skipa, átti hann mikla orrostu við landsmenn ok hafði sigr, þar næst tók hann knörru fjóra fyrir Yggjustöðum¹² af kaupmönnum, hljópu sumir fyrir borð, en sumir váru herteknir ok bundnir, sátu svá ámeðan jarlinn ok hans menn skiptu fótum¹³ þeirra. Þessar orrostur allar taldi Eilifr¹⁴ daðaskáld, þá er hann orti um Eirík kvæði, þat er kallat var Bandadrápa. Í þann tíma herjaði Eiríkr mest um Garðaríki ok veldi Valdimars konungs, en Ólafr konungr Tryggvasunr var þá i Noregi, ok gerði Eiríkr jarl þat til fjándskapar ok til úþokka [við Ólaf konung¹⁵ eptir fall Hákonar jarls föður síns. Þessir jarlar höfðu látit skírask ok héldu þeir kristni, en engum manni þróngðu þeir til kristni, létu gera hvern sem vildi, ok um þeirra daga spiltisk mjök kristnin, svá at náliga var alt alheiðit um Upplönd ok um Þrándheim, en hélkristnin alt með sjónum. Ekki lét Eiríkr jarl halda upp kaupstaðinum í Niðarósi, en halda upp bönum [á Hlöðum¹⁶ eptir þvílikum hætti sem Hákon jarl, ok sat þar optast, þá er hann var í Þrándheimi, ok lét þangat flytja skatta ok skuldir, þær er hann tók í Þrándheimi. Hann lét ok hefja kaupstað at Steinkerum. Friðr var góðr ok ár mikit; vel héldu jarlar lög, ok váru refsingarmenn miklir. Þeir giptu Bergljótum systur sína Einari þambaskelfi, ok var hann þeim af því fulltrúi. Allir lendir menn váru vinir Eiríks jarls nema Erlingr Skjálgssunr. Svá sagði Þórðr Kolbeinssunr:

Veit ek fyr Erling utan
ar at hersar váru
(lofa fasta Tý flestir
farlands) vinir jarla¹⁷.

¹⁾ saal. B; hönd A ²⁾ Eldinguborg ³⁾ sótti ⁴⁾ fór alt með hernaði
⁵⁾ borgir ⁶⁾ á baki tilf. ⁷⁾ í hans ríki þrjár skeiðar ⁸⁾ skipin ok alt fé
⁹⁾ gékk hann upp á Eystra Gautland ¹⁰⁾ um allar syslor ¹¹⁾
^{magl. i B} ¹²⁾ saal. B; Hjástdöðum A ¹³⁾ klæðum ¹⁴⁾ Eyjúlfur ¹⁵⁾ tilf.
^{B; mgl. i A} ¹⁶⁾ tilf. B; mgl. i A ¹⁷⁾ jarli

85. Þá er Eiríkr jarl réð Noregi, fékk Sveinn Danakonungr sótt vestr á Englandi, ok hafði mikit unnit undir sík [i Englandi í¹ ríki Aðalráðs konungs, er þann tíma réð fyrir Englandi. [Danmörk tók þá til forráða ungr konungr², sunr Sveins er Knútr hét; hánum [bjó mikit i hug³, ok fám vetrum eptir andlát föður síns bjó hann her mikinn af Danmörku vestr til Englands. Hann sendi orð Eiríki jarli mági sínum at [veita sér fylgi til Englands ok traust⁴, fyrir þá sök at Knútr var ungr, hann var eigi eldri en þrettán vетra. Eiríkr jarl var orrostumaðr mikill, reyndr at viti ok hamingju. Eiríkr gerði ferð sína vestr til Englands á fund mágs síns, en til landsgæzlu í Noregi setti hann Hákon sunn sinn tólf vetrar gammal, ok skipti í helminga ríkinu með þeim Sveini. En hann fór á fund Knúts konungs. Þeir fóru [ok herjuðu báðir saman⁵ víða um England, áttu margar orrostur, svá sem Þórðr Kolbeinssunn telr⁶ i því kvæði, er hann orti um Eirík jarl, ok kemr samt með þeim Óttari svarta, þar er hann telr í Knútsdrápu, hversu marga bardaga þeir áttu áðr en England yrði unnit. Eiríkr jarl fékk bana á Englandi, þá er hann var kominn frá Rúmi, ok andaðisk af blóðrás, er hánum hafði verit skorinn úfr. Í þenna tíma ráða⁷ Noregi Sveinn ok Hákon jarlar báðir, ok stóð ríkit eptir⁸ sama hætti alt sem fyrr.

Hér hefr um Ólaf konung hinn helga ok um hans ævi meðan hann lifði.

86. Sunr Haralds hárfagra var Björn faðir Guðröðar, en Guðröðr faðir Haralds grenska, þess er átti Ástu dóttur Guðbrands kúlu, þeirra sunr var Ólafr digrí, sá er fór or landi á œsku aldri, ok með hánum Hrani fóstrfaðir hans. Ólafr barðisk hit fyrsta sinn austr við Sótasker, þaðan fór hann í Eystrasalt, ok barðisk næst austr við Eysýslu ok hafði [þá betr⁹, þriðja sinn barðisk hann austr á Finnlandi¹⁰ ok hafði sigr; fjórða sinn barðisk hann í Suðrvík í Dammörku ok hafði gagn, fimta sinn barðisk hann á¹¹ Kinnlimasírfiði við riddaraher, ok hafði Ólafr konungr sigr. Þaðan fór hann vestr til Englands ok barðisk fyrstu orrostu við Lundúna bryggju¹² við Dani, er þá herjuðu ok gerðusk vikingar. Svá segir Sighvatr skáld:

Rétt er at sókn en setta¹³,
snarr þengill bauð Englum

¹⁾ af Englandi ²⁾ í Danmörk tók þá til ríkis ungr höfðingi ³⁾ var þat i hug er faðir hans hafði at hafsk ⁴⁾ fara með sér ok þóttisk þar eiga mikit traust ⁵⁾ báðir saman herskildi ⁶⁾ segir ⁷⁾ réðu ⁸⁾ með ⁹⁾ þar gagn ¹⁰⁾ saal. B; Vindlandi ¹¹⁾ i ¹²⁾ bryggjur ¹³⁾ saal. B; ena settu A

at, þar er Ólafr sótti,
Yggs, Lundúna bryggju¹.
Sverð bitu vólsk, en vörðu
vikingar þá díki,
átti sumt í sléttu
Suðrvirkni lið búðir.

Þá vörðu Danir borgina², en Ólafr sótti at ok veitti Aðalráði konungi³.
Svá segir Óttarr svarti:

Komtu í land ok lendir
láðvörðr! Aðalráði,
þíns naut rekka rúni
ríkis framr at síku.
Harðr var fundr, þar er færðuð
friðlands á vit niðja
-réð ættstuðill áðan-
Játmundar -þar grundu.

Sjaundu orrostu átti Ólafr konungr á Hringmaraheiði, áttandu orrostu
þá er hann vann Kantaraborg. En við Dani barðisk hann ok Vindr,
þvíat þeir váru ok Danakonungs menn. Svá segir Sighvatr skáld:

Veit ek at víga mætir
Vindum hátt inn átta
(styrkr hélt vörðr at virki
verðungar) styr gerði.

Niundu orrostu átti hann við Nýjumóðu⁴. Enn segir Sighvatr skáld,
at hann barðisk við Dani:

Nú hefik orrostur austan
ógnvaldr! níu taldar,
herr féll danskr, þar er dörrum
dreif mest at Óleifi.

Hina tiundu orrostu átti hann við víkinga á Hæli, ok braut kastala
nökkurn; þar váru Danir fyrir. Elliftu orrostu átti hann í Grislupollum⁵.
Þaðan fór hann vestr í Feflafjörð ok átti tólfu orrostu. Þá fór hann
suðr ok átti þrettándu orrostu í Seljupolli, ok þar gékk hann upp í
Gunnvaldsborg⁶ ok tók þar höndum Geirsinn jarl. Þaðan fór hann
suðr í Karlsár⁷ ok herjaði þar tveim megin árinna. Þaðan vildi hann
fara út til Njörvasunda, ok lá til lengi, ok gaf eigi byrina⁸, fékk þar
vitran⁹, at guð vildi at hann kvæmi eigi sunnar, foeri heldr norðr til
Noregs, ættlanda sinna, ok sagði at hann skyldi þar vera konungr at
eilifu. [Nú vendir Ólafr konungr¹⁰ aprí liðinu ok kom til Peitu ok 87.

¹) bryggjur ²) saal. B; bryggjuna ³) lið tilf. ⁴) Nýjamóðu ⁵) Grislupolli ⁶) saal. B; Ginvaldsborg ⁷) Karlsárós ⁸) byrinn ⁹) vitrun

¹⁰) Hann gerði svá, vendi þá

gékk upp með Leiru ok barðisk þar, kauptún þat er Varrandi heitir brendi hann. Þann vetr eptir sat Ólafr konungr í Signu, ok sendi fyrir sér Hrana föstrföður sinn til Englands at efta sik með fégjöfum ok vinmælum¹. Svá gerði hann, fór viða um England, ok kom alt til Lundúna². At vári sigldi Ólafr konungr vestan skipum til Englands, ok átti hina sextándu orrostu við Jungafurðu ok hafði sigr. Sjautándu orrostu átti hann³ fyrir Valdi, ok hafði jafnan sigr.

88. Í þann tíma er Ólafr konungr var vestr í Peitulandi andaðisk Eiríkr jarl Hákonarsunr vestr í⁴ Englandi, áðr en Ólafr kœmi hit síðara sinni til Englands. Á því ári váru liðnir þrettán⁵ vetr frá falli Ólafrs konungs Tryggvasunar. Tveim vetrum áðr hafði Eiríkr jarl farit or Noregi⁶.

Hér kom Ólafr hinn helgi konungr i Noreg.

89. [Nú býr Ólafr konungr ferð sína af Englandi með knörrum tveim⁷, ok hafði 20 menn ok hundrað albrynjanda⁸, ok féngu veðr ilt í hafi ok [sjó stóran, svá at⁹ gékk við bana, ok fyrir sakar liðs¹⁰, er var innan bord, ok hamingju konungs, [er svá mikill vin guðs var, þá kómu þeir af hafi at Staði, ok þar á land upp sem ey heitir Sæla¹¹. Þá mælti konungrinn, [at þeir mundi¹² tímadag hafa land tekit, ok [sagði at þat mundi mikit mark á vera, er þeir váru at kommir¹³ í Sælu. [Nú er þeir géngu á land upp, þá steig konungr svá í leiru nökcura, at hann studdi viðr knénu¹⁴. Þá mælti konungr: „Féll ek nú!“ Þá svaraði Hrani: „Eigi félts þú, Herra! nú festir þú fót í Noregi.“ Konungr hló at ok sagði, [vera mætti svá, ef guð vildi at svá bærisk at¹⁵. Géngu ofan til skipa ok sigldu suðr með landi fyrir Fjörðu, ok lögðusk inn af leið þar sem heitir Sauðangasund¹⁶, ok [lá sínum megin sundsins hváru skipinu¹⁷, ok höfðu millum sín kaðal einn digran. Á þeirri sömu stundu réri at sundinu Hákon jarl Eiríksunr með skeið sinni skipaðri, ok hugði [at vera mundi í sundinu kaupmenn¹⁸. Nú réri jarlinn fram millum skipanna, [ok þegar lét Ólafr

¹⁾ vinmálum ²⁾ ok friðaði fyrir hánum *tilf*. ³⁾ vestr *tilf*. ⁴⁾ á ⁵⁾ fjörtán ⁶⁾ til Englands *tilf*. ⁷⁾ þessu næst bjósk Ólafr sunr Haralds grenska með 2 knörrum vestan af Englandi ⁸⁾ alla brynjanda ⁹⁾ svá stóran sjó, at næsta ¹⁰⁾ liðskostar ¹¹⁾ þá hlýddi; þeir kómu af hafi utan at Staði, ok þar á land sem ey ein lítil er, ok heitin Sæla ¹²⁾ ok lét þá ¹³⁾ taldi þat gott mark, at þeir váru kommir ¹⁴⁾ þeir géngu upp í eyna, ok steig konungrinn öðrum fæti þar sem leir var, studdi niðr knénu ¹⁵⁾ „vera má þat, ef guð vill at svá sé.“ ¹⁶⁾ Sauðungssund ¹⁷⁾ lagði sínum megin sundsins hvárt skip ¹⁸⁾ kaupmenn vera í sundinu

konungr hlaupa til ok vinda upp kaðalinn ok¹ undir miðjan kjöл skeiðarinnar, fyrir því at þeir höfðu til gört vindásá; ok þegar er nökkut festi skeiðina, þá gékk upp skipit apr, en fram steyptisk, svá at særinn² fíll inn um söxin, fyldi skipit ok því næst hvelfdi. Ólafr konungr tók þar Hákon jarl af sundi ok alla þá menn, er þeir náðu, en sumir höfðu týnzk fyrir grjóti ok skotum, en sumir sukku. Nú var jarlinn leiddr upp á skip konungsins. Var Hákon þá 17³ at aldrí ok allra manna friðastr, er menn höfðu sét: hann hafði hár mikit ok fagrt sem silki, bundit um höfuð sér gullhlaði, ok settisk hann niðr í fyrirrúmit. Þá mælti konungr: „Eigi er logit,“ sagði hann, „af yðr frændum, hversu friðir menn þér eruð sjónum, en farnir eruð þér nú at hamingju.“ Þá svaraði jarlinn: „Engi⁴ er þetta úhamingja, er oss hefir hent, þat hefir lengi verit, at ýmsir höfðingjar hafa sigrat aðra; en ek em litt kominn af barns aldrí, ok svá várum vér nú ekki vel viðbúnir [til verndar⁵, ok eigi viðsum vér ván úfriðar, ok kann [enn svá við berask, at oss takisk annat sinn betr en nú⁶.“ Þá mælti Ólafr konungr: „Grunar þík eigi nú, jarl! at þér hafi svá at borizk, at þú munir aldrí héðan ifrá [fa sigr eða framkvæmd⁷?“ Þá svaraði jarlinn: „Þér munuð nú ráða, herra, at sinni.“ Þá mælti Ólafr konungr: „Hvat [vilt þú nú vinna, ef ek lát⁸ þík fara í brott, heilan ok úskaddan⁹.“ [„Hvers beiðir þú¹⁰?“ „Eigi annars,“ sagði konungr, „en þér farið or landi, ok gefið svá upp ríki yðvart, ok sverið eiða, at þér berizk eigi í móti oss¹¹ héðan ifrá.“ Jarlinn lézk þat gera skulu¹². Hann vann þá eiða konunginum, at hann skyldi aldrí berjask í móti hánum eða verja Noreg fyrir [konungi Ólafl¹³. Nú gaf Ólafr grið Háconi ok öllum hans mönnum, [rétti skeiðina upp¹⁴, ok tók jarlinn við skipi sinu, ok réri siðan á braut. Ok um haustit sigldi Hákon jarl til Englands ok fór á fund Knúts konungs, móðurbróður sins, ok sagði hánum hversu [viðrskipti þeirra Ólafs digra hafði verit¹⁵. Knútr konungr tekra vel við jarlinum, frænda sínum, ok setti hann innan hirðar sér¹⁶, ok gaf hánum mikit lén ok ríki, ok dvælsk hann þar langa hrið [í góðu yfirlæti Knúts konungs¹⁷.

En nú byrjar Ólafr konungr ferð sína suðr með landi ok austr 90. í Vik, setr upp skip sin ok ferr um haustit upp í¹⁸ Hringaríki til Sig-

¹⁾ Þá vundu þeir Ólafr upp strenginn ²⁾ sjórinn ³⁾ 14 vetrar ⁴⁾ Eigi

⁵⁾ at verja oss ⁶⁾ vera at oss takisk annat sinni betr til en nú tóksk

⁷⁾ hvárki hafa sigr né ósigr ⁸⁾ viltu til vinna, at ek láta ⁹⁾ ósakaðan

¹⁰⁾ Jarlinn spurði, hvers hann beiddisk ¹¹⁾ mér ¹²⁾ myndu ¹³⁾ Ólafl

konungi ¹⁴⁾ lét rétta upp snekkjuna ¹⁵⁾ þeir Ólafr digri höfðu skilzk

¹⁶⁾ mgl. ¹⁷⁾ vel metinn ¹⁸⁾ á

urðar stjúpföður sín, er þá átti Ástu, dóttur Guðbrand Þórss kúlu ok móður Olafs konungs. Sigurðr konungr tók vel við mági sínum, ok var hann þar til jóla fram, ok veitti Sigurðr þeim með mikilli prýði, gaf þeim annan hvern dag [mjólk at drekka, en annan munngát¹.

91. Litlu fyrir jól fór Ólafr konungr norðr til Þrándheims hit efta með liði sínu ok kom í² jólum inn til Steinkera, þar sem Sveinn jarl hafði þá jólaveizlu, ok vildi Ólafr konungr koma á þá úvara, ef hann féngi. Þá er konungrinn kom í Orkdal með liði sínu, ok hann spurði at Sveinn jarl var inn at Steinkerum, þá fékk hann sér snekkjur þrjár, ok réru þeir inn með firðinum [mikinn andróðr³. [Ok þá er Einari þambaskelfi kómu orð⁴ um ferð Ólafrs konungs, þá sendi hann sina menn [með eina litla róðrarskútum til Sveins jarls, ok kómu þeir at miðri nött með njósnina. Stóð þá jarlinn upp með alla sina menn ok géngu á tvær skútur, er flutu fyrir boenum tjálfaðar, ok réru um nöttina út til Skarnsunds, [ok í dagán mundu þeir metask, ok er jarlinn sá skip konungssins, vendi hann⁶ undir land⁷, þar til er konungr kom umfram, ok réri síðan jarl leið sina út með firðinum.
92. Ólafr konungr tók þá jólavist⁸ þá sem Sveinn jarl hafði búit sér, ok átti þing við Innþrœndi, ok tóku þeir hann til konungs ok sóru hánum eiða. En þegar eptir jólum fór konungrinn út til Niðaróss, ok mintisk⁹ at hans frændi Ólafr Tryggvasunr hafði látit efsna¹⁰ til kaupstaðar, [lét Ólafr konungr fyrir ástar sakir flytja þangat föng, at gera sér herbyrgi¹¹. Litlu síðar á einni nátt kom Sveinn jarl á úvart ok hafði með sér mikit lið ofan af Gaulardali, en Ólafr konungr [kom þá¹² á skip sín ok réri út or ánni, ok létu nökkrum¹³ menn, en jarlinn lét brenna húsaföngin, svá sem segir Þórðr Sjárekssunr:

Brunnu allvalds inni
(eldr hygg ek at sal feldi,
eimr skaut at¹⁴ her hrími)
hálgör við Nið sjálfa.

93. Nú fór Ólafr konungr með skipum sínum til Orkdals, ok þaðan fór hann landvegis á Upplönd ok dró undir sik lið mikit, ok um várit fór hann [til Vikrinnar¹⁵, ok Sigurðr konungr mágr hans með hánum, ok vingaðisk við ríkismenn með fégjöfum. Ólafr konungr hafði látit gera

¹) slátr ok munngát, en annan hvern smjör ok brauð ok mjólk at drekka

²) at ³) ok höfðu andróða ⁴) En er Einarr þambaskelfir varð varr

⁵) á skútu einni ⁶) en í dagán sá þeir til ferðar Ólafrs konungs, ok vendi Sveinn jarl ⁷) skipum sínum tilf. ⁸) jólaveizlu ⁹) á þat tilf. ¹⁰) efta

¹¹) þá lét Ólafr konungr við til flytja ok gera sér herbergi ¹²) komsk

¹³) fá ¹⁴) á ¹⁵) í Víkina

skip¹ um vetrinn ok á framstafninum konungs höfuð, þat skar hann sjálfir; þat skip var kallat Karlshöfði², því stýrði hann sjálfir konungrinn. Nú er skip hans váru búin, þá hélt hann út eptir Vikinni, lagði skipum sínum fyrir Nesjar fyrir innan Grenmar³. Sveinn jarl samnaði sér liði þegar eptir er Ólafr konungr var á brottu or Þrándheimi, bauð út [almenning allan⁴ um Þrándheim ok Hálogaland, ok alt sem hann fór suðr átti hann þing við boendr ok hafði lið mikil, ok fór með her sínum austr fyrir Nesjar, ok lagði þar til hafnar. Ólafr konungr hafði minna lið en jarlinn, ok lagði þó konungrinn til fundar við hann ok i höfnina, [ok lét áðr jarlinn við búask⁵, ok lagði síðan konungr Karls-höfðanum⁶ at skipi jarlsins, ok tengðu saman stafnana ok lögðu bord við bord. Þessi bardagi var pálmusunnudag. Sighvatr segir görst frá þessum bardaga í Nesjavísum:

þat [er oss⁷ kunt, hve kennir
Karlhöfða lét jarli
oddafrsts fyr austan
Agðir nær um lagðan.

[Þessi orrosta varð löng⁸, ok sleizk með því sem guðs forsjó var fyrir⁹, at Ólafr konungr hafði sigr ok [thruðusk mörg¹⁰ skip jarlsins, ok sjálfum [hánun lagði svá nær bana, at skeið hans mundi verða tekin¹¹, fyrir því at menn Ólafs konungs höfðu komit stafnljám á skeiðarkylfuna¹², [ok bað jarlinn höggva af stafninn¹³, ok varð síðan skipit laust. Kom jarlinn svá á brott með dugnaði Einars mágs sins, hann¹⁴ lét kasta streng í skip hans, flyði þá jarlinn ok alt lið hans, nema þat er grið váru gefin. Sighvatr hefr svá Nesjavísur:

Fór or Vík á vári
válaust konungr austan,
(þeir knúðu¹⁵ blá báðir
borð) en jarl kom norðan.
Kann ek sigriðum segja
sunds, hve þeirra fundir,
œrin skil, þeim er, órum,
at bárusk, þar váru.

Hér getr¹⁶ þess, at þá váru þessi tíðendi nýorðin, er kvæðit var ort, ok sá orti sjálfir, er i var bardaganum. Ok í sama kvæði segir hann svá enn:

¹⁾ langskip ²⁾ Karlhöfði ³⁾ Grenjar ⁴⁾ almenningi alt ⁵⁾ mgl. ⁶⁾
Karlhöfða sínum ⁷⁾ erom ⁸⁾ tilf. B; mgl. i A ⁹⁾ mgl. ¹⁰⁾ ruddusk
mjök ¹¹⁾ jarlinum hafði svá nær, at skeið hans myndi vera tekin ¹²⁾
skeiðarkyljuna ¹³⁾ var stafninn höggvinn af skeiðinni ¹⁴⁾ þvíat hann
¹⁵⁾ knýðu ¹⁶⁾ gat

Stöng óð gylt þar er géngum
Göndlar serks und merkjum
gnýs fyr göfgum ræsi
greiðendr í skip reiðir.

Ok enn kvað Sighvatr:

Sjálfur bað svartar kylfur
Sveinn harðliga skeina,
nær var áðr [í óra¹
auðván róit hánum,
þá er til góðs við gjóða
gört fengu² hræ svörtum
Yggs -lét herr um höggvit-
hrafni -skeiðar stafna-.

Hér visar til þess er fyrr var sagt. Ok enn kvað Sighvatr³ þetta:

Frýr eigi oss í ári
innþrænzk, þó at lið minna
(gört hugða ek svá snertu)
snotr mær, konungs væri.
Brúðr man heldr at háði
hafa drótt þá, er fram sóttu⁴,
(fold ruðum skers) ef skyldi,
skeggjum⁵, aðra tveggja.

Ok þetta kvað enn Sighvatr:

Ne hœfilig, hreifa,
hygg ek dróttins svík þóttu,
elds þeim er allvel héldu
orð sín við gram forðum.

Þetta visar til at þrœndir höfðu svarit hánum eiða ok héldu eigi, fyrir
því at þeir börðusk á⁶ mótt hánum með Sveini jarli. Enn kvað Sig-
hvatr þetta:

Hirð Ólafs vann harða
[hríð, en svá varðk biða;
peitneskum félts ek páská
pálmusunnudag hjálmi⁷.

Sveinn jarl fór suðr til Danmarkar⁸, ok þaðan austr til Svíþjóðar á
fund Sviakonungs, ok sagði hánum þessi tíðendi. Ólafr Sviakonungr
tók vel við hánum, ok bauð hánum at vera með sér í Svíþjóðu, [fyrir
því at⁹ hann vildi herja um sumarit [austr um riki, sem hann gerði¹⁰.
Ok er hausta tók, þá var hann kominn¹¹ í Kirjála land, fór þaðan [austr

¹⁾ saal. rettet; í orna A; í oro B ²⁾ féngusk ³⁾ hann ⁴⁾ sóttek (rigt.
sótti) ⁵⁾ skeggi ⁶⁾ í ⁷⁾ tilf. B; mgl. i A ⁸⁾ Danmerkr ⁹⁾ en
¹⁰⁾ í Austrriki, ok svá gerði hann ¹¹⁾ austr tilf.

i Garðaríki¹ með herskildi; tók þar sótt jarlinn ok andaðisk. Einarr Þambaskelsir fór aptr til Svíþjóðar, ok var þar marga vetr í Sviakonungs veldi eða í Helsingja² landi, en stundum í Danmörku. Ólafr konungr enn digri lagði³ undir sik Noreg allan sunnan⁴ frá Elfi ok norðr til Gandvikr. Hann var hinn fyrsta vetr austr við Raumelfi, lét þar gera jarðborg, ok er þat nú kölluð Sarpsborg, ok efnaði þar til kaupstaðar. Á þeim sama vetri lagði Ólafr konungr stefnu við heiðna heraðskonunga⁵ ofan af landi, ok [í] þeirra viðrœðum fann Ólafr konungr, at þeir vildu eigi taka rétta trú; þá setti hann svá ráð til, at hann lét taka⁶ á einum morni níu konunga; lét suma blinda, en suma öðruvíð meiða, suma sendi hann í útlegð. Ólafr konungr lagði svá mikla stund á [at fremja kristnina⁷, at annathvárt skyldi [taka við kristni eða láta líf sitt, þriðja kosti fara or landi⁸, ok var þá engi dalar sá er eigi bygðu kristnir menn í Noregi.

Milli Ólafs konungs Haraldssunar ok Ólafs konungs Eiríkssunar 95. var úsætt mikil: taldi Sviakonungr Ólaf konung hafa tekit af sér skattlönd sin; drápusk⁹ menn fyrir, ok brendu hvárir fyrir öðrum [stór heruð¹⁰. Þetta hugnaði illa hvárutveggja landsfólki, ok gerðu rikismenn¹¹ þat ráð at bera sættarorð á millum konunganna, ok því var áleiðis komit á þá lund, at Ólafr Sviakonungr¹² skyldi gipta Ingigerði dóttur sína Ólafi konungi¹³. [Nú bar svá at einn dag, þá er Ólafr svænski hafði riðit með hauka ok hunda sina, at hann¹⁴ kom aptr fyrir dögurðarmál ok hafði beitt fimm trönum. Konungr gékk til dóttur sinnar Ingigerðar, sýndi henni veiðina ok mælti til hennar: „Veizt þú nökkurn konung hafa beitt meira á einni morgunstundi?“ Hon svaraði¹⁵: „Meiri var veiðr sú, er Ólafr Noregs konungr tók á einum morni níu konunga ok eignaðisk alt riki þeirra.“ Þá svaraði Ólafr konungr reiðr mjök ok sagði: „Ofsnemma ant þú Ólafi digra, þú hefir enn aldri sét hann, ok [viltu þó gera hann¹⁶ meira en mik; fyrir þetta sama skalt þú aldri fá Ólaf digra.“ Eptir þetta rauf Ólafr svænski við Ólaf Noregs konung stefnu ok alt sáttmál. Nú er Ólafr konungr varð 96. þessa varr, þá sendi hann menn sína á fund Sviakonungs ok [lét beiðask

¹⁾ upp í Garða ²⁾ Norðhelsingja ³⁾ þá tilf. ⁴⁾ austan ⁵⁾ saal. B; heraðs menn konunga A ⁶⁾ at þeirra fundi, þá er Ólafr konungr fann þat, at þeir vildu eigi taka við kristni, lét hann taka ⁷⁾ þat at menn skyldu allir kristnir vera í hans ríki ⁸⁾ láta líf eða fara or landi, þriðja kosti taka skírn eptir því sem konungr bauð ⁹⁾ þeir tilf. ¹⁰⁾ saal. B; býja A ¹¹⁾ ríkir menn ¹²⁾ svænski ¹³⁾ Haraldssyni tilf. ¹⁴⁾ Svá barsk á dag nökkurn, at Ólafr svænski hafði út riðit með haukum sínum at skemta sér ok ¹⁵⁾ á þessa lund tilf. ¹⁶⁾ virðir þú hann þó

af hánum hins sama sáttmáls¹, en Sviakonungr svaraði [á þá leið, sagði at enga ván átti Ólafr digri² þess at fá Ingigerðar, er bæði var konungs dóttir ok dróttningar: „ek á,“ sagði hann, „aðra dóttur, ok er sú frilludóttir er heitir Ástrið, þá skal hafa Ólafr digri, ef hann vill, með þvíliku fé ok eignum, sem áðr hafða ek ætlat³ Ingigerði.“ Sendimenn Ólafs konungs fóru aprí [með svá búit ok sögðu sitt erendi⁴. Í þessi ferð hafði verit Sighvatr skáld, ok orti einn flokk⁵, er hann kallaði Austrfararvisur, ok segir í því kvæði mart um þessa ferð.

97. Nú leitaði Ólafr konungr ráðs⁶ við vini sína, hvárt hann skyldi taka þenna kost eða halda vandræðum við Sviakonung. [Nú váru allir fúsir til sættar, fyrir því at þó er órit vandræðavant⁷ við Dani, er langa hríð höfðu haft mikit vald [á þessu landi, sögðu þeir⁸. Ok með ráði vina sinna gerði Ólafr konungr sætt við Sviakonung, ok fékk Ástríðar dóttur hans, ok var þeirra dóttir Úlfhildr, er gipt var Ottu hertoga⁹ í Brúnsvík, [þaðan var Otta keisari kominn sunr Heinreks hertoga¹⁰. En Ingigerði dóttur sína gipti Ólafr svænski Jarizleifi konungi, syni Valdimars konungs í Hólmgarði, ok sendusk þau Ólafr konungr af Noregi ok Ingigerðr margar gersimar sin á milli ok trúnaðar menn. Þá var ok í Garðaríki Rögnvaldr jarl Úlfssunr, frændi Ingigerðar dróttningar; hann var hinn mesti vinnr Ólafs konungs, svá sem sagði Sighvatr, þá er hann var kominn or sendiför¹¹ þeirri, er Ólafr konungr hafði sent hann [til Hólmgarðs¹²:

Fast skaltu, ríkr, við ríkan
Rögnvald, konung! halda
(hann er þýðr at þinni
þörf nátt ok dag) sáttum¹³.
En hvern er austr vill sinna
(jafnmælt er þat) stafni,
þengill! þinna drengja,
par á hald und Rögnvaldi.

98. Í þenna tíma hafði Ólafr mikinn ótta af Dönum, töldu þeir at hann hefði sezk i skattland¹⁴ þeirra Noregs ríki, ok þingat var kaupfriðr af Noregi. Af þessi úsætt varð ekki fyrir þá sök, at allir hinir sterstu Danahöfðingjar váru þá i Englandi vestr, ok [höfðu þeir yfrit starf¹⁵, ok létt nú Ólafr konungr [efldan verða¹⁶ mjök kaupstaðinn í

¹⁾ beiddisk af hánum þess sama máls ok sættar ²⁾ ok kvað enga ván þess vera Ólafi digra ³⁾ gefit ⁴⁾ ok sögðu hánum svá búit ⁵⁾ um tilf.
⁶⁾ ráða ⁷⁾ En flestir fýstu at gera sætt við Sviakonung ok töldu yrit vandræðavænligt ⁸⁾ yfir Noregi ⁹⁾ keisara ¹⁰⁾ syni Heinreks keisara
¹¹⁾ sendiferð ¹²⁾ austr í Garðaríki ¹³⁾ rettet; sóttum A og B ¹⁴⁾ skattlönd ¹⁵⁾ máttu ekki fleira annask ¹⁶⁾ efla

Niðarósi, lét þar kirkju gera [ok lagði til fé; hann lét ok kirkjur reisa¹ í hverju fylki, ok lagði² próvendur til. Þá er Ólafr konungr var orðinn einvaldskonungr i Noregi, þá [lét hann skipa lögum eptir ráði hinna vitrustu manna, ok setti sjálfr eptir því³ sem síðan hafa haldizk. Þá er Sigurðr sýr var andaðr, þá var engi sá maðr i Noregi er konungs nafn bar, nema Ólafr konungr; þat hafði [aldrí orðit fyrr⁴ í Noregi, [síðan um daga Haralds hárfagra⁵, en þess á milli höfðu heraðskonungar verit; en Ólafr konungr lagði undir sik fyrst konunganna⁶ ok tók skatta um Orkneyjar ok Hjatland ok Færeysiar. Svá sagði Óttarr:

Gegg eru þér at þegnum
(þjóðskjöldunga góðra
haldið hœst á veldi)
Hettlendingar⁷ kendir.
Engi varð á jörðu
[ógondjarfr áðr en þér⁸ náðum
austr sá er eyjum vestan
ynglingr undir sik þryngvi.

Sigurðr konungr sýr ok Ásta áttu þrjá sunu, hét einn Guðröðr, 99. en annarr Hálfdan, Haraldr hinn þriði ok var hann yngstr; þeirra dóttir var Gunnhildr, er átti Ketill á Ringunesi. Ólafr konungr var maðr ríkr innan lands ok refsingasamr [með stórmannligri. vizku⁹. Ríkir menn¹⁰ er þeir sá, at hann gaf [jafnan dóm¹¹ ríkum sem úríkum, ok með því at þá váru lendir menn úvægnir ok þó kappsamir, þá tóku at kunna því illa, at þeir skyldu láta sitt mál fyrir konunginum¹² ok jörlum, þóttusk eigi eiga at telja langt fram í ættir til konungborinna manna eða annarra stórra höfðingja, ok stirðnuðu af því ríkir¹³ menn við konunginn; var mest at því þar sem Erlingr var Skjálgssunr, er þá var ríkastr lendr maðr i Noregi. Þórir hundr var ok ríkr maðr, hann hafði farit til Bjarmalands ok drepit þar góðs¹⁴ manns sun, er Karli hét [er farit hafði með hánum. Ólafr konungr sendi menn at taka þóri, ok fékk hann¹⁵ af því nauðuliga sætt¹⁶, ok fór or landi. Margir aðrir lendir menn gerðusk konungi útrúir i ráðum sinum. Þá andaðisk Ólafr Sviakonungr, tók rikit eptir hann Önundr [sunr hans er Jakob var kallaðr¹⁷,

¹⁾ saal. B; udegl. i A ²⁾ gaf ³⁾ skipaði hann lögum með ráðum hinna vitrustu manna, ok setti á þá leið ⁴⁾ eigi verit ⁵⁾ síðan er Haraldr enn hárfagri hafði verit í ríkinu ⁶⁾ Noregs konunga ⁷⁾ Hettlendingar ⁸⁾ ógnbráðr áðr ⁹⁾ vitr maðr, stórmenni mikil ¹⁰⁾ ríkismenn ¹¹⁾ saal. B; góð dœmi A ¹²⁾ konungum ¹³⁾ ríkis ¹⁴⁾ riks ¹⁵⁾ saal. B; ok farit hafði í sendiferð Ólafs konungs at taka þóri, ok fékk þórir A ¹⁶⁾ grið fyrir illvirkit ¹⁷⁾ saal. B; Jakob A

hann var hinn mesti vinr Ólafs konungs, mágs síns, ok sendu þeir menn á millum sín ok gerðu ráð sitt.

100. En i þann tíma er¹ stýrði Danaveldi Úlfr, sunr Þorgils spraka-leggs, er átti Ástriði dóttur Sveins tjúguskeggis, þá² bauð Ólafr konungr leiðangr út or Noregi, ok fór suðr með landi með miklu liði ok til Danmarkar, herjaði um Halland ok Skáni ok Sjáland³. Önundr Svía-konungr fór með Svíu her⁴ austan í móti ok herjuðu [báðir þar sem þeir fóru, ok vildu⁵ leggja undir sik alla Danmörk. Þetta spurði Knútr konungr vestr í Englandi, at herjat var í Danmörk, ok fór hann vestan með miklu liði af Englandi. Svá segir Sighvatr skáld í ersídrápu, er hann orti um Knút gamla:

(Knútr var und himnum)

-Herr austan ferr,
fríðr fylkis niðr⁶
fráneygðr Dana;
skreið vestan viðr⁷,
var glæstr⁸ er bar
út andskota
Aðalráðs þaðan.

Ok báru í byr
blá segl við rá
(dýr var döglings fór)
drekar landreka;
ok þeir er kómu
kilir vestan til
um -leið liðu
Limasfjarðar brim-⁹.

[Ok enn í þeirri¹⁰ sömu drápu sagði Sighvatr¹¹ frá norðanferð Ólafs konungs:

(Knútr er und himnum)

Hygg ek ætt at frétt
Haralds í her
hug vel¹² duga;
lét lýrgötu¹³
lið suðr or Nið
Ólafr jöfurr
ársæll fara.

¹⁾ mgl. ²⁾ Eitt sumar ³⁾ Sjóland ⁴⁾ ok Gauta tilf. ⁵⁾ þeir alt þar sem þeir kómu ok bjoggusk at ⁶⁾ saal. Sn.; himn er austan frá frið fylkis lið B ⁷⁾ saal. Sn.; skriðu vestan ver B ⁸⁾ saal. Sn.; hvert B ⁹⁾ Viserne mgl. i A. ¹⁰⁾ í þessi ¹¹⁾ tilf. B; mgl. i A ¹²⁾ saal. Sn.; leiks B ¹³⁾ saal. Sn.; lys götu B

þurðu norðan
 (namsk þat) með gram
 til slétt svalir
 Sælunds kilir;
 en með annan
 Önundr Dönum
 á hendr [at há¹
 her svänskan ferr.

Lét um lönd lokit
 lið² gramr saman
 marbeðjum með
 mörg nefbjörgum;
 þar er graðr fyr gnóð
 grám hjálum lá,
 þornheims þrimu
 þunðr! of fundr.

Máttuat dróttnar
 Danmörk spanit³
 [und sik sökum⁴
 snarir herfarar.
 Hafði snarpla
 Skáney Dana
 hlöðr herjaða.
 (Höfuðfremstr jöfurr⁵.)

[Nú fór Ólafr konungr ok Önundr konungr⁶ austr í gegnum Eyrarsund, ok herjuðu um Skáni hit eystra ok um Smálönd. Nú var, [sem áðr visaði til í kvæðinu⁷, Knútr konungr kominn vestan til Limasjarðar ok dregr saman her úvigan, ok fór eptir þeim austr, ok [fundusk þeir á Skáney austanverðri⁸, þar sem áin helga er⁹, ok varð þar orrosta mikil, féllu margir af hvárumtveggja, þvíat hvárigir¹⁰ vildu flýja, [ok af því hefir Sighvatr kveðit¹¹:

Léttat af jöfurr
 -ætt manna fannsk-
 Jótlands etask
 ílendr -at því-.
 Vildi foldar
 fæst rán Dana
 hlífskjöldr hafa.
 (Höfuðfremstr jöfurr.)

¹⁾ saal. Sn.; hánum B ²⁾ saal. Sn.; liðs B ³⁾ saal. Sn.; svana B ⁴⁾ saal. Sn.; áðr sik sviku B ⁵⁾ Viserne mgl. i A ⁶⁾ þá fóru konungarnir Ólafr ok Önundr ⁷⁾ tilf. B; mgl. i A ⁸⁾ finnask á Skáni austanverðum ⁹⁾ heitir ¹⁰⁾ hvárgir ¹¹⁾ svá segir Sighvatr

þessar orrostu mintisk ok Óttarr er hann orti um Knút:

Svíum hnektir¹ þú sókna
siklingr örr, en mikla
ylgr, þar er áin helga,
úlfs beitu fékk, heitir².

[Þórðr Særekssunr orti erfidrápu um Ólaf konung, ok gat enn þessar orrostu:

Átti Egða dróttinn
Ólafr þrimu stála
við ágætan Jóta
öðling þann er klauf hringa.
Skaut nær skarpt at móti
Skánunga gramr hánum,
Sveins varat sunr at reyna
slær, þaut úlfr um hræfi³.

101. Eptir þessa orrostu fór Sviakonungr heim austr í Svíþjóð, en Ólafr konungr lá⁴ með her sinn í Kalmarnum⁵, ok vildi þess biða, ef⁶ Danaherr dreifðisk. En Knútr konungr vendi aprt ok lagðisk í Eyrarsund, ok ætlaði at hann skyldi þar sæta Ólafi konungi, er hann fær til Noregs aprt. Þá er Knútr lá í Eyrarsundi, þá sendu margir lendir menn Ólafs konungs Knúti konungi leyniliga orð, ok báðu sér friðar ok trausts. Ólafr konungr, þá er hann spurði, at Knútr konungr hélt saman [her sínum⁷, þá sýndisk hánum [úföra mikil⁸, at fara með litit lið i þvílikan her, þóat hann væri frœkn ok hefði lið fritt, ok mintisk hann á þat, hversu Ólafi Tryggvasyni [hefði at farizk⁹, þá er hann treysti svá skipum stórum¹⁰ ok liði frœknu, at hann lagði fram fám skipum i her mikinn. Þá tók Ólafr konungr vitrligt ráð: gékk af skipum sínum þar sem Barvik heitir, fór svá [á vestra Gautland ok¹¹ ofan í Vikina. Einn gamall maðr ok vitr höfðingi, er hétt Hárekr í¹² Þjóttu, sunr Eyyvindar skáldaspillis, hann sagði konungi, at hann kvazk¹³ eigi fá gengit svá langa leið ok erfiða, kvazk heldr skulu fara heim með¹⁴ skipi sínu til Noregs. Hann orti visu þessa:
- 102.

Ráðit hefi ek at ríða
-rinleygs- héðan mínum
-láð!- dynmari leiðar
löngum heldr en ganga,

¹⁾ saal. Sn.; vægðir A ²⁾ saal. Sn.; heita A. Visen mgl. i B ³⁾ fra [mgl. i B ⁴⁾ eptir tilf. ⁵⁾ Karlmannum ⁶⁾ er ⁷⁾ liði sínu, ok Danaherr dreifðisk ekki ⁸⁾ ófært vera ⁹⁾ hafti farit ¹⁰⁾ sínum ¹¹⁾ it erfa um Gautland ok um Smálönd ok svá um vestra Gautland ok svá ¹²⁾ or ¹³⁾ lézk ¹⁴⁾ á

þóat leggfjöturs liggi
lundr i Eyrarsundi
(kann þjóð keski minni)
Knútr herskipum úti¹.

Hann lagði út skipi sínu ok réri norðr fyrir Skáni, ok eptir um nótina sigldi hann norðr, ok í dagan þarfði hann mjök sótt sundit², ok lét þá Hárekr [hlaða segli sínu ok lagði niðr³ viðuna, ok tóku tjöld grá ok breiddu á skipit alt stafna á millum, ok lét róa í nökkurum rúnum bæði apríl frammi en [ekki miðskipa⁴, ok heimtusk svá norðr⁵ í sundit fyrir straumi ok vindi. [En skipastóll Knúts konungs lá á bæði borð, sumr við Skáney en sumr við Seland⁶. Þá mæltu varðmenn: „Skip ferr í sundit.“ Þá svaraði annarr maðr: „Þat er fornt skip, sé hversu grátt er [ok skinit⁷, þat man vera sildaferja, þvíat þat er sett mjök ok þó menn fáir á.“ Fór svá Hárekr gegnum Eyrarsundi ok [flota konungs⁸, ok tók þá sól upp at renna, vendi þá Hárekr undir land ok reistu viðuna, ok foerðu upp gullspónu ok veðrvita, síðan drógu þeir upp segl sitt, þat var hvitt sem snjór af háleyskum váðum ok stafat með vendi, ok gékk þá skipit⁹ fram or sundinu, ok þá sá lið Knúts konungs hvar skipit sigldi, ok þótti þeim fritt ók glæsilegt til at sjá. Þá var sagt Knúti konungi, [fyrir því at þeir hugðu at Ólafr konungr hefði siglt í gegnum sundit, af því at þeir sá at skipit var vel búit¹⁰. Konungr svarar: „Þetta man vera af liði Ólafs konungs ok eigi hann sjálfr; kann vera at þar hafi siglt [sá hinn sami karl, er enn sigldi um oss í Beltissundi, er ek þóttumk hafa tekit hann, Hárekr í þjóttu¹¹.“ Hárekr sigldi norðr með landi, þá er hann kom or Eyrarsundi orti hann vísu þessa:

Lætka ek Lundar ekkjur,
-laebaugs- at því hlæja
-skjótum eik fyr utan
ey- né danskar meyjar,
-jörð!- at ek eigi þyrða
-iflaflausts- á hausti
á flatslöðir Fróða
fara aprí vali kræpta.

¹⁾) Visen udel. B ²⁾) sóttu þeir at Eyrarsundi ³⁾) ofan leggja segl ok
⁴⁾) alt var autt at sjá til miðs skipsins ⁵⁾) vestr ⁶⁾) þá lá floti Knúts
konungs á bæði borð, sumr við Skáni en sumr við Sjoland ⁷⁾) skipit
⁸⁾) her Knúts konungs ⁹⁾) skeiðin ¹⁰⁾) at þar myndi Ólafr konungr hafa
siglt í gegnum sundit, er svá vel var búit ¹¹⁾) Hárekr or þjóttu, sá hinn
sami karl sigldi enn um oss í Keltissundi, er vér þóttumk tekit hafa

Ok sigldi svá norðr til búa sinna, ok fann Ólaf konung um vetrinn¹ í Niðarósi, ok var hann þá kominn norðan af Hálogalandi.

103. Á því sama ári um haustit fór Knútr konungr vestr til Englands, ok gerði áðr menn sina til Noregs á vit vinmæla², þeirra er lendir menn Ólafs konungs höfðu sent hánum, ok [gaf Knútr konungr þeim sina vináttu á móti, ok með stórar ok margar gersimar³. Kómu sendimenn Knúts konungs apríl með þeim tiðendum, at alt⁴ stórmenni hafði eiða svarit til þess, at þeir [skyldi Knút konung taka til konungs fyrir Noreg⁵, ef hann kœmi í landit. Um várit eptir bjó Knútr konungr ferð sína vestan af Englandi með mikinn her, var þá með hánum frændi hans Hákon jarl Eirikssunr. Þat sama vár kom af Noregi Sig-hvatr skáld til Englands ok ætlaði ferð sína til Rúms; ok þá er hann spurði ætlan Knúts konungs ok Hákonar jarls, þá orti hann [kvæði þat er kallat var Vestrarfarsvísur⁶:

Örr, tegask Ólaf gerva
alt hefir sá er, fjörvaltan,
(konungs dauða megum⁷ kvíða)
Knútr ok Hákon úti.
Haldisk vörðr, sem vildu
varla Knúr ok jarlar;
dælla er first á sjalli
fundí⁸, ef hann sjálfr kemsk undan.

104. Knútr konungr mintisk margra sakar er hann þóttisk eiga við Ólaf konung, var sú hin fyrsta, er Ólafr konungr tók systursun hans Hákon ok lét sverja sér eiða, ok tók síðan⁹ ríkit ok rak hann or landi; Ólafr konungr [tók ok¹⁰ þat ríki undir sik, er langa hrið hafði verit skattgilt undir Danakonunga; Ólafr konungr hafði ok herjat [í ríki¹¹ Knúts konungs. Nú hefr Knútr konungr ferð sína með [miklum her¹² vestan af Englandi ok til Danmarkar ok kom í Limafjörð, ok sigldi þaðan [í Noreg¹³ með tólf hundruð skipa, fyrir því at hann hafði út boðit allan almenning bæði af Danmörku ok Englandi, ok kom hann með liði sínu at Ögðum, ok sigldi¹⁴ svá norðr með landi ok þingaði við böndr, ok var hann til konungs tekinn hvar¹⁵ sem hann kom, ok létti eigi ferðinni fyrr en hann kom til Niðaróss, þar átti hann [fylkisþing við böndr alla í Þrándheimi¹⁶, ok var hánum þá svarit

1) várit eptir 2) vinmála 3) sendi þeim þá gjafir stórar ok vináttuboð sitt
4) mart 5) myndu Knút til konungs taka yfir Noregi 6) þetta: 7) má
8) Egilssons Conjectur; fundr A og B 9) af hánum tilf. 10) hafði ok
tekit 11) á land 12) her sínum 13) til Noregs 14) fór með öllum
her sínum 15) þar 16) átta fylkna þing við þrændi

landit¹ á Eyraþingi. Frá þessi ferð Knúts konungs segir Þórarinn loftunga²:

(*Knútr er und himnum*)

Hliðnæmr með lið
fór mjök mikit
minn vinr þinnig.
Forði or firði
fimr gramr Lima
út ólítinn
otrheims flota.

Ugðu Egðir
örbeiðis för
svans sigr vána
sökkrammir mjök.
Alt var gulli
grams lið framtíð³,
var sjón sögu
slik s ríkari⁴.

Ok fyr Lista
liðu fram -viðir
Hafdyri haf-
hart kolsvartir.
Lukt var innan
alt brimgalta⁵
suðr sækíðum
sund Eikunda.

En fyr fornan
friðmenn liðu
haug Hjörnagla
hvast griðfastir.
þá er stór fyr Stað
stafnklif drifu,
varð oegilig
örbeiðis för.

Knáttu súðir
svangs mjök langar
byrröm⁶ bera
brimdýr fyr Stim.
Svá liðu sunnan
svalheims valir,
at kom norðr í Nið
nytr herflytir.

¹⁾ alt land ²⁾ í kvæði því er hann orti um Knút konung, *tilf. B, som udelader de fölgende Viser.* ³⁾ saal. Sn.; búit A ⁴⁾ saal. Sn.; likari A
⁵⁾ saal. Sn.; brimgaltar A ⁶⁾ saal. Sn.; byrrókn A

105. [Hér er sögð öll ferð Knúts konungs, hversu hann fór sunnan ok norðan með landi, ok svá um þat er hann gaf¹ Hákoní frænda sínum land², er fyrr hafði verit handtekinn af Ólafi konungi ok svarit hánum eiða³. Fór þá Knútr konungr aprí suðr til Danmarkar með her sínum. En Ólafr konungr hafði verit á Upplöndum, ámeðan⁴ Knútr konungr lagði undir sik Noreg alt með sjónum, ok hafði látit varðveita skip sin í
106. Oslóar⁵ firði. En [brátt eptir þetta spurði Ólafr konungr⁶, at Knútr konungr var farinn [til Danmarkar, ok fór þá⁷ til skipa sinna ok sigldi norðr með landi, ok þá er hann kom fyrir Jaðar, lá þar Erlingr Skjálgs-sunr fyrir með margar skútur ok eitt langskip, er hann hafði átt lengi [ok skeiðin mikla var kallat⁸; hann hafði tekit fé til af Knúti konungi, at hann skyldi halda landi undir Hákon jarl, en berjask í móti Ólafi konungi. Ok þá er [þeir sá Ólafs konungs sigling⁹, bað Erlingr sína menn sigla eptir konunginum ok berjask við hann Ólaf. Ólafr konungr, þá er hann sá sigling Erlings ok þóttisk vita hans vilja, þá mælti hann til sinna manna, at [hálsa skyldi seglín. Þá hafði Erlingr Skjálgsunr heflat á skeið sinni, at eigi skyldi hon ganga hvatara en önnur skip. Þá mælti Erlingr: „Nú lægjask segl þeirra ok draga þeir nú undan oss, slám við öllu segli á skeiðinni.“ Ok svá var gert; gékk þá skeiðin skjótt fram frá skútunum¹⁰. En Ólafr konungr stefndi fyrir innan Bókn ok lagðisk þar í sundit fyrir innan Tungueyjar¹¹. Gékk nú skeið Erlings norðr í sundit, ok fann eigi fyrr en skip lögðu at hánum á bæði borð, var þar viðtaka hörð ok eigi löng aðr en skeiðin ryddisk¹². Var drepit hvert manns¹³ barn, nema Erlingr stóð í lyptingu unni einnsaman. Svá segir Sighvatr:

Öll var Erlings fallin
ungs (fyr norðan Tungur
skeið vann skjöldungr rauða)
skiposku við þróm Bóknar.
Einn stóð sonr á sínu
snarr Skjálgs, vinum fjarri,
í lyptingu lengi
lætrauðr skipi auðu.

þá gékk Ólafr konungr í fyrirrúmit, ok sóttu þá menn hans at Erlingi,

¹⁾ því næst gaf hann ²⁾ alt Noregs konungs veldi fyrir at ráða, þeim ³⁾
at hann skyldi aldrigi í móti Ólafi konungi vera tilf. ⁴⁾ meðan ⁵⁾ As-
lóar ⁶⁾ þá er hann spurði ⁷⁾ or landi, fór Ólafr konungr ⁸⁾ skeiðina
⁹⁾ hann sá sigling Ólafs konungs ok þóttisk vita hans vilja ¹⁰⁾ saal. B;
þeir skyldu láta hálsa seglín. Þá mælti Erlingr Skjálgsunr: „heflið á
skeiðinni at hon gangi eigi undan öðrum skipum“ A. ¹¹⁾ Tungur, eyjar
þær er svá heita ¹²⁾ eyddisk ¹³⁾ saal. B; mgl. i A

en hann varðisk vel ok drengiliga, fyrir því at hann var manna sterkastr ok bezt vigr í Noregi öllum. Þá mælti konungr: „Við horsir þú [í dag nú¹, Erlingr.“ „Já, herra!“ sagði hann, „öndverðir skulu ernir klóask. Vilið þér gefa mér grið, herra!“ Konungrinn svaraði: „Á öndverðum [man þér² þat sjá áðr en vit skiljumk.“ Þá kastaði Erlingr vápnum ok gékk ofan í fyrirrúmit, en konungrinn hafði [litta handöxi³. Nú kastaði Erlingr skildinum ok tók hjálpm⁴ af höfði sér, en konungr stakk öxarhyrnunni á kinn hánum, ok mælti: „Merkja skal dröttins [svikann hvern⁵ at nökkuru.“ Þá hljóp fram Aslákr fitjaskalli ok [hjó með báðum höndum í höfuð hánum⁶, svá at Erlingr féll þegar dauðr á þiljurnar niðr. Þá mælti Ólafr konungr⁷: „Högg þús manna armastr; nú hjótt þú Noreg or hendi mér!“ Áslákr svaraði: „Þat er illa, ef yðr þykkir eigi vel fara; ek hugða nú at ek höggva Noreg i hönd þér, fyrir því at engi hesir verit jafnmikill⁹ fjándmaðr þinn í Noregi sem þessi.“ Nú gékk Ólafr á skip sín, ok festu eptir skeiðina í sundinu, 107. draga þeir upp segl sín ok sigla norðr með landi. Eggjarkálsr ok þeir allir brœðr váru þá með Ólafi konungi, er Erlingr var drepinn. [Svá segir í kvæði því er orti Bjarni gullbrárskáld um Kálf Árnasun:

Vastu, þar er vígs bað kosta
vinreifr, með Óleif,
(kynnisk kapp þitt mönnum)
Kálfur! við Bókn¹⁰ austr sjálfa.
Óðu brún í blóði
borð fyr Útstein norðan,
ljós varð raun at ræsir
ráðinn var frá láði¹¹.

Skútnaherrinn kom þá eptir í sundit, fundu¹² þeir skeiðina ok drepit af hvert manns barn, tóku lik Erlings ok bjoggu til graptar. Synir Erlings ok frændr lágu í samnaði, fóru norðr eptir konungi með miklum her, ok hvar sem tiðendin fóru norðr, at Erlingr var drepinn¹³, þá fór jafnskjótt samnaðrinn hit efta, svá at á Rugalandi ok Hörðalandi sékk eigi¹⁴ Ólafr konungr uppgöngu fyrir bón daher, en skipaliðit fór eptir hánum. Þessi vísa er kend Ólafi konungi:

Lítt man háuldr enn hviti
(hrafn etr af ná getnum)
(vér unnum gný gunnar)
glaðr¹⁵ í nótt á Jaðri.

¹⁾ mjök í dag ²⁾ saal. B; munni, en mátt þú A ³⁾ öxi litla í hendi sér
⁴⁾ hjálminn ⁵⁾ svikarann ⁶⁾ höggr tveim höndum í höfuð Erlingi ⁷⁾ til
Ásláks tilf. ⁸⁾ mgl. ⁹⁾ jafnríkr ¹⁰⁾ saal. Sn.; búinn A ¹¹⁾ fra [
mgl. B ¹²⁾ funnu ¹³⁾ dauðr ¹⁴⁾ hvergi ¹⁵⁾ glaðir

Svá hefir öllungis illa,
gékk ek reiðr of skeiðar,
(jörð veldr manna morði)
mitt rán getit hánum.

Nú fór Ólafr konungr með skipunum norðr á Mæri, ok spurði þá at Hákon jarl [var í Þrándheimi¹ ok þat með, at náliga var landit alt undan gengit². Þá gékk Ólafr konungr af skipum sínum, þar sem heitir Slygsfjörð, ok fór þaðan á Upplönd. Áðr en Ólafr konungr færði or landi, skildi³ Eggjarkálfr við hann ok fór norðr til búa sinna, en allir aðrir bræðr hans fylgðu konunginum, ok með hánum var Rögnvaldr Brúsasunr, er síðan var jarl í Orkneyjum. Menn Hákonar jarls tóku öll skip Ólafs konungs, ok þá hlutuðu þeir skipstjórn með sér, ok hlaut sá maðr at stýra Skeggjanum, er Jökull hétt; hann orti vísu þessa:

Hlaut ek or Slygs (en sæta
siðfregn at ek kvíða,
ván erum hreggs at⁴ hreini
hlýrvégs⁵) skipi stýra,
því er -ýstéttar- átti
Óleifr -funa kleifar!-
(gramr var sjálfur á sumri
sigri ræntr) hinn digri.

108. Þá er þrettán vetr váru liðnir frá Nesjaorrostu, þá fór Ólafr konungr or landi [ok austr á⁶ Neriki, ok dvaldisk þar um hrið með Sigtryggi feðr Ívars, föður Suna, föður Karls jarls⁷. Ok þá er vára tók ok isa leysti, fór Ólafr konungr út í Svíþjóð á fund Önundar konungs mágs síns. Hann gaf Ólafi konungi skip, ok fór hann síðan austr í Garðaríki á fund Jarizleifs konungs, ok fékk hann þar góðar viðtökur, var þar annan vetr ok hafði þar með sér sun sinn, er Magnús hétt; hans móðir hétt Álfhildr⁸. Á þeirri stundu er Ólafr konungr dvaldisk í Garðaríki [fóru margir vinir hans eptir hánum norðan or Noregi, ok spurði hanum öll þau tíðendi er gerðusk i landinu.

109. Á því sama sumri er Ólafr konungr fór í Austríki⁹, fór Hákon jarl vestr til Englands eptir festarmey sinni. Ok þá er hann fór vestan með langskip¹⁰ kom at hánum stormr veðrs ok týndisk jarlinn ok öll skipsóknin, ok kómu þessi tíðendi um haustit til Noregs, ok sama haust aprí til Englands. Þetta sumar fór Eggjarkálfr vestr til Englands

¹⁾ hafði saman samnat í Þrándheimi liði miklu ²⁾ hánum svikit ³⁾ skildisk

⁴⁾ á ⁵⁾ hlýrvágs ⁶⁾ hann var austr í ⁷⁾ Saal. rettet efter Membran-

fragm. i d. norske Rigsarkiv af Olaf d. Hell. Saga; Ívars, ok hans synir
váru Suni ok Karl jarl A; Ívars funa, föður Karls jarls B ⁸⁾ Alvildr

⁹⁾ Fra [mgl. B ¹⁰⁾ langskipi

eptir¹ orðsending Knúts konungs, ok áðr en hann færí vestan önd-verðan vetr, fékk hann þat af Knúti konungi at, [með því at² hann héldi upp orrostu á móti Ólafi konungi, [ef hann kœmi³ aprí i land, ok féngi hann haldit fyrir hánum ríkinu, þá skyldi Kálfr vera jarl yfir landinu, ok halda af Knúti svá sem Hákon jarl hafði haldit af Haraldi Gormssyni. Svá segir Bjarni Gullbrárskáld:

En (of iðnir manna
emka ek tamr at samna
skrökyi) at skilnað ykkarn
skjótt lézt Knút um sóttan.
Þér lét fold, áðr færir
(frest urðu þess) vestan,
[líf þitt erat litit⁴,
Lundúnagramr fundna⁵.

Brátt eptir þetta sendu vinir Ólafs konungs hánum orð, at þá var landit höfðingjalaust, ok báðu hann fara aprí til ríkis síns. Hann skipaðisk við [þeirra orð⁶ ok gerði ferð sína eptir jól, ok setti þar eptir Magnús sun sinn til fóstrs með Jarizleifi konungi. En hann sjálfur ok lið hans fór austan at ísum, [meðan hæstr var⁷ vetrinn, alt til hafss, ok yfir hafit er váraði, ok svá til Sviþjóðar á fund Önundar konungs mágs síns; ok fékk hann hánum lið. Þaðan fór hann til Helsingjaland, ok var þat mikil vásferð ok fór um markir stórar ok vötn, ok báru mörgum stöðum skipin á herðum sér millum vatna, ok kómusk með miklu erfiði fram. Þá er Ólafr konungr var kominn or Sviakonungs veldi, lét hann leita eptir, ok funnusk í liðinu níu hundruð manna heiðinna, ok bað hann alla þá aprí fara, er eigi vildu skírask, ok lézk hann eigi vilja sœkja land sitt með heiðnum her. Tóku þar fimm hundruð við skírn en fjögur⁸ hurfu aprí. Ólafr konungr kom ofan á Súlu í Veradal, fór þaðan [á Stiklastaði⁹. Þar var þá með hánum Haraldr bróðir hans, hann var þá fimbrotta gamall; [svá segir Þjóðólfr:

Skildisk hann ok huldi
hjálmsetr gamall vetra,
tiggi, tólf ok þriggja
trauðr við Ólafr dauðan¹⁰.

Þar var ok Sigurðr biskup ok Rögnvaldr Brúsasunr, Finnur Árnasunr ok Þorbergr ok Árni ok Kolbjörn, [þeir váru allir¹¹ Árnasynir. Dagr frændi konungs var eigi kominn. Þar kom í móti hánum bónkaherr,

¹⁾ at ²⁾ saal. B; mgl. i A ³⁾ saal. B; ok kœmi hann A ⁴⁾ saal. Sn.;
lið af litli stundu A ⁵⁾ Fra: Svá segir Bjarni Gullb. o. s. v. mgl. B ⁶⁾
orðsending þeirra ⁷⁾ um ⁸⁾ hundruð tilf. ⁹⁾ út til Stiklastaða ¹⁰⁾
Fra [mgl. i B ¹¹⁾ ok fjórir

bæði Háleygir, þröndir ok Mærir ok alt fyrir norðan Stað. Þessir váru höfðingjar fyrir bónum: Kálfur Árnasunr, Hárekr or þjóttu, Þórir hundr, Erlendr or¹ Gerði, Áslákr [á Finneyjum², mestr hluti³ lendra manna fyrir norðan Stað. Ólafr konungr mælti til Haralds bróður síns ok bað hann eigi vera í orrostunni, fyrir því at konunginum þótti hann eigi vápnföerr fyrir öesku sakir. Haraldr svaraði á þá lund, kvað vísu þessa:

Þora man ek þann arm verja
(þat er ekkju munr nekkvat⁴,
rjóðum vér af reiði
rand) er ek í⁵ hlýt standa.
Gengra greppr enn ungi
gunnblíðr, þar er slög ríða
(herða menn at mordi)
mót, á hæl fyr spjótum.

Hér var orrosta hörð ok mikil. Þar féll Ólafr⁶ konungr ok [mikit af liði⁷ hans, þar fél Björn stallari, Kolbjörn Árnasunr, margir kómusk nauðuliga undan; Haraldr Sigurðarsunr varð sárr mjök, Rögnvaldr Brúsasunr, Dagr Hringssunr, ok dreifðusk þeir eptir þetta í úkunn lönd. En af bónum fél mikill fjöldi ok margir göfgir⁸ menn. Eptir fall Ólafs konungs var lík hans flutt til kaupangs ok þar jarðat; urðu þegar margar jartegnir hvártveggja af blóði hans ok likama⁹.

Hér er um Svein konung ok Álfifu.

110. Brátt eptir þetta, er Ólafr konungr var feldr norðr í Þrándheimi, kom sunnan Sveinn sunr Knúts konungs ok Álfifa¹⁰ af Danmörku með miklu liði, ok fór þegar norðr í land, ok lagði undir sik alt ríkit þat er Ólafr konungr hafði átt. Einum vetri eptir fall Ólafs konungs var upptekinn [líkamr hans ok skrinlagðr at augsjánum öllum þrœndum¹¹ ok at ráði Sigurðar biskups, ok þar við var ok Sveinn ok Álfifa móðir hans. Sveinn konungr hafði haft með sér mikinn Danaher, þá er hann kom í Noreg; þar var hinn fyrsti maðr Úlfr jarl Sprakaleggssunr, [sem segir þórarinn loftunga:

þat var dullaust,
at Danir gerðu
dyggva för

¹⁾ í ²⁾ í Finney ³⁾ hlutr ⁴⁾ rettet; nökkut *A og B* ⁵⁾ saal. *B*; mgl. *i A* ⁶⁾ hinn helgi *tilf.* ⁷⁾ mart lið ⁸⁾ góðir ⁹⁾ líkami ¹⁰⁾ móðir hans *tilf.* ¹¹⁾ *saal. B*; kista hans ok görr hann sjálfr skrínlægr at augsjón allra þróenda *A*

með döglingi;
 þar var jarl fyrst
 at upphafi,
 ok svá hvern,
 er hánum fylgði,
 annarr drengr
 öðrum nýtri¹.

Sveinn konungr var mikill øeskumaðr ok friðr sjónum, ekki var hann [grimmlundaðr eða illskumaðr². Álfifa móðir hans, er kölluð var hin rika Álfifa, hon réð mestu³ með konunginum, ok mæltu þat margir⁴, at [þat spilti í báða staði⁵. Fór fyrir þá sök stjórnin illa við landsfólk, ok svá mart ilt stóð af hennar ríki⁶ í Noregi, at böndr jöfnuðu þessu ríki við Gunnhildar öld, er verst hafði verit áðr í Noregi. Í 7 111. Álfifu öld leigðu fiskimenn sveinn⁸; mörg [ill dœmi váru⁹ þá gör með mikilli fégirni. Friðr var þá góðr hverjum manni við lífi sínu, hvártveggja hérlenzkum ok útlenzkum, en náliga var hvers manns fé sekt fyrir fégjöldum ok álögum¹⁰. Þessu olli ríki Knúts konungs, at eigi váru rán eða manndráp, ekki kendu menn Álfifu þat, [þóat svá bærisk at¹¹.

Knútr Sveinssunr, er kallaðr var hinn gamli Knútr, var þá 112. konungr yfir Englandi, ok hafði þar stól sinn; var þá¹² hans undirkonungr Haraldr, sunr hans ok Emmu dróttingar Ríkarðsdóttur, annarr sunr hans var Sveinn konungr í Noregi, þriði sunr hans var Knútr konungr, er kallaðr var Hörðaknútr, hánum veitti uppfóstr¹³ Úlfr jarl Sprakaleggssunr, hann réð þá fyrir Danaveldi.

Þat var á einu sumri at Úlfr jarl fór vestr til Englands á fund 113. Knúts konungs. Úlfr jarl ok Emma drótting gerðu ráð á milli sín, ok kom¹⁴ dróttingin at innsigli Knúts konungs, létu gera síðan bréf, þau er jarlinn hafði á braut um haustit með sér. Þá er jarlinn kom vestan, þá stefndi hann þing á Vébjörgum, [þat er¹⁵ til skyldu koma menn um alt Danaveldi. Nú er þingit var sett, berr jarlinn fram innsigli Englands konungs¹⁶, fær til kapalín sinn, [skal hann upplesa bréfít er fylgir¹⁷. Á þessu bréfi váru nefndir allir hinir stærstu höfðingjar í Danmörku, [ok með því at Knútr konungr sendi kveðju öllum Dönum,

¹) ok með hánum hvern annarr drengr öðrum nýtri. ²) grimmhugaðr né ágjarn ³) mest ⁴) allir ⁵) hon spilti í hvern stað. ⁶) ráðum ⁷) um ⁸) sjóinn ⁹) önnur ódæmi ¹⁰) en lífs friðr var gefinn hverjum manni, útlenzkum ok hérlenzkum, en náliga var sem hvers manns fé væri í úfriði fyrir gjöldum ok álögum ¹¹) mgl. ¹²) þar ¹³) fóstr ¹⁴) komsk ¹⁵) at ¹⁶) ok bréf þau er þar fylgðu tilf. ¹⁷) at lesa upp fyrir alþýðu

ok vill¹ at sé tekinn til konungs á Vébjargaþingi Hörðaknútr sunr hans², sé hánum svarit landit at eign ok ysirsókn. En þetta erendi

styrkti Úlfr jarl ok talaði [langt erendi³: hversu þungt þat var at sitja konungslausir, jafnmikit [ríki ok land sem þat var⁴, ok áttu jafnan úfrið við Saxa ok Austrvegsmenn ok enn fyrr við Norðmenn. Svá lauk þessu erendi⁵, at Hörðaknútr var tekinn til konungs yfir Danmörku,

[en þó réð Úlfr jarl öllu ríki⁶. Kómu þessi⁷ tiðendi um várit vestr

114. til Englands, hvat Danir höfðu gert. Nú er Knútr konungr hafði þetta sannspurt, þá gerði hann vestan ferð sína með miklu liði af Englandi, ok kom um summarit til Danmarkar ok kom til Sjálands i Róskeldu. Þar kom í móti hánum Úlfr jarl, ok um kveldit vildi konungr ekki við hann tala. Um morguninn vildi konungrinn enn ekki við jarlinn tala, ok kallaði til sín skósvein sinn, ok bað hann ganga ok drepa jarlinn. Skósveinn fór ok því næst aprí kom. Þá mælti konungrinn: „Draptu jarlinn?“ „Eigi, herra!“ sagði hann. „Hvat bar við?“ sagði konungrinn. „Hann var at óttusöng.“ Þá mælti konungrinn við riddara sinn: „Tak sverð þitt ok gakk ok drep jarl.“ Hann fór ok fann jarlinn í kirkju ok hjó hann þegar banahögg, gékk brott síðan með blóðugt sverðit, ok hirði eigi fyrr en hann kom inn til konungsins. Þá mælti konungrinn: „Draptu jarlinn?“ „Drap ek hann vist.“ „Þá er vel,“ sagði

115. konungrinn. Munkar þeir er staðinn varðveittu, þann er jarlinn var dreppinn í, læstu kirkjunni ok lýstu banni um allan kaupstaðinn ok öll heruð, þau er þangat lágu undir. Nú sendi konungrinn orð til munkanna, ok bað þá taka or banni staðinn ok mennina alla, en hann lézk skulu auka próvendu þeirra ok leggja til kirkjunnar herað mikil, at öllum tekjum þeim er áðr áttu konungar, ok hefir sá staðr með því aukazk. Tóku þá munkar konung í sætt ok alla aðra menn fyrir þessa sök.

116. Brátt eptir þetta þá lýsti Knútr konungr því, at hans bréf ok innsigli hafði tekit verit at úvilja hans, þat er konungs nafn var með gefit Knúti syni hans. Sendir hann nú orð Knúti syni sinum ok Sveini Úlfssyni. Kvámu þeir nú báðir fyrir gamla Knút ok félru til fóta hán-um. Þá seldi Hörðaknútr feðr sinum innsigli sitt, þat er konungs nafn stóð á, ok sættusk þeir þá með því, at Hörðaknútr vann þess eið feðr sinum ok með hánum tólf menn hinir ríkustu í Danaveldi, at hann skyldi eigi halda Danaveldi á aðra lund en í vald föður síns, skyldi hann vera

¹⁾ sendir Knútr konungr þeim kveðju sína ok þarmeð öllum Dönum: Ek vil

²⁾ minn ³⁾ um bæði langt ok snjalt ⁴⁾ land ok ríkt sem þeir höfðu

⁵⁾ þingi ⁶⁾ eptir bréfa tilvisan ok ráði Úlfs jarls, ok réð hann þá öllu ríkinu ⁷⁾ her begynder tredje Lacune i B.

undirkonungr gamla Knúts, ok gaf hann með því syni sínum konungs nafn. Skyldi hann þá svá vera at réttu konungr kallaðr, ef gamli Knútr væri eigi í Danmörku. Sveinn Úlfssunr var löngum í Svíþjóðu, fyrir því at Ólafur svænski var móður móðurbróðir hans, ok hafði hann þar mikit yfirlæti.

En brátt eptir þetta fór Knútr gamli vestr til Englands ok kom 117. eigi síðan aprí til Danmarkar, hann gupti Gunnhildi dóttur sína Heinreki keisara milda. Knútr konungr gerði ferð sína af Englandi suðr um sjá, tók þar staf ok skreppu, ok allir hans menn þeir er þar várur, gékk til Rúms suðr ok kom í mótt hánum keisarinn sjálfr, ok fylgði hánum alt til Rúmaborgar. Knútr konungr setti alt spitala á veginum, ok gaf fé til staða, ok svá er sagt, at hann föddi alla þá menn, er fé þurftu á Rúmavegi, svá at engi þurfti at biðja, er þann veg fór suðr ok sunnan. Knútr konungr hafði haft með sér marga hesta klyfjaða með gulli ok silfri, en af fé keisarans tók hann slikt er hann þurfti. Engi maðr hefir sá farit af danskri tungu Rúmaveg, er með þvilikri tign fóri. Keisarinn fylgði hánum aprí norðanvert sitt ríki. Á þessa lund hefir sagt Sighvatr skáld:

Kómú fylki
farlystir¹, er bar
hervíg í hug,
hafanda staf.
Rauf ræsir² af
Rúmsveg suman
kærr keisara
Clúspetrúsi.

Svá man fár feril
fetum suðr metinn
hringdrífr hafa.
(*Höfuðfremstr jöfurr.*)
Bar kappsamr
Knútr hinn ríki
bjartan seim
und búendr³.

Sveinn Álfifusunr var konungr i Noregi. Þá kom vestan af 118. Englandi Tryggvi sunr Ólafs Tryggvasunar ok Gyðu ensku, ok mæltu sumir, at hann væri prestsunr en eigi konungssunr. Hánum kom í mótt Sveinn konungr, ok börðusk þeir fyrir norðan Jaðar þar sem Tungunes heitir. Tryggvi skaut tveim spjótum senn um daginn, ok mælti svá: „Kendi minn faðir mér at messa svá.“ Höeldisk því at hann væri likari

¹⁾ rettet; farlaust þeim A ²⁾ rettet; ræsar A ³⁾ ok var þat þó til við hinn helga Ólaf konung; tilf. en Afskrift af A.

Ólafi konungi en prestinum. Þar féll Tryggvi, ekki afrek gerði hann meira í Noregi.

119. Nökkuru síðar var þing fjölment í Niðarósi, var á þinginu Sveinn konungr ok Álfifa móðir hans. Var þar enn talat mikit vanrétti bónnum, ok vildi engi hvárki játta eða neita orðum. Þá mælti Einarr þambarskelsfir, svá at mjök margir menn heyrðu: „Ekki var ek vin Ólafs konungs, en þó váru þrændir ekki þá kaupmenn, er þeir seldu konung sinn ok tóku við meri ok fyl með: konungr þessi kann ekki mæla, en móðir hans vill ilt eitt, ok má ok yfrit.“ Nú umdu allir er heyrðu ok hlógu at, sagði hvern öðrum, ok þótti vel mælt. Þá mælti Álfifa: „Setisk niðr böndr, ok hlýði konungs erendi, en kurri eigi svá lengr.“ En því næst þögnumenn. Einarr þambarskelsfir stóð upp ok mælti, at böndr skyldu fara heim, ok hafa menn ill erendi hingat sótt bæði nú ok fyrr til fundar Álfifu, megu menn heldr heima bíða vanréttis, en sökja allir í einn stað, ok hlýða þar einnar konu orðum, þeir þá eigi vildu hlýða konunginum Ólafi, er nú er sannheilagr; hefir þat verit gert mikit niðingsverk, ok hefir nú með illu refst, er svá mart herfilitg hefir þetta fólk þolat, síðan er þetta ríki kom yfir fólkit. Skyldi þat nú guð vilja, at þat væri skamt, ok hefir þó nú verit yfrit langt.“ Gékk þá Einarr af þinginu, ok svá allr mügr fór 120. heim af þessu þingi, ok þótti þá Álfifu mart vantalat. Þann sama vetr var beitt í annat sinn, at þingit skyldi vera, ok vildi þá engi maðr til þings sökja. Nú grunaði vini Sveins konungs, at þrændir mundi snúask annat sinn á svik við konung sinn, ok fór af því Sveinn konungr suðr í land. Knútr konungr hafði sent menn til Eggjarkálfs, at hann skyldi láta gera hánum öxar norrœnar. Kálfr svaraði á þá lund, lézk engar mundu hánum senda, nema fá Sveini syni hans svá margar, at hánum þøtti eigi skorta.
121. Eptir brottferð Sveins konungs or þrándheimi gerðu þrændir ráð á millum sín, völdusk til hinir beztu menn ok rikustu, fóru or landi. Váru þessir enir fyrstu menn: Eggjarkálfr ok Einarr þambarskelsfir. Fóru austr í Garðaríki, biðja Jarizleif konung, at hann mætti fá þeim Magnús, sun Ólafs hins helga. Konungrinn var þess mjök trauðr, hræddisk at þeir mundi svíkja hann með sem föður hans. Þá sóru eiða tólf hinir beztu menn er i því liði váru, sem segir Bjarni gull-bráskáld:

Kendi Kálfr til landa
kapps fúsum Magnúsi
(ollu þeir, at stillir
jörð of fekk) or Görðum.

Hafa léztu unga jöfra
erfð, sem til réð hverfa;
settisk snarr eptir þetta
Sveinn at Danmörk einni.

Þeir sóru þess eið Jarizleifi konungi, at þeir skyldu halda Magnús konung í Noregi ok fylgja hánum af trúnaði ok styrkja hans ríki. Af 122. þessu fóru þeir austan, ok gerðusk þeir Kálfr ok Einarr ráðgjafar Magnúsar konungs ok fóstrfeðr. Þeir váru á ferð um vetrinn alt til hafssins, ok tóku þeir skip ok sigldu yfir til Svíþjóðar. Ok þá er þeir kvámu til Sigtúma, géngu þeir af skipum, ok fóru svá um Svíþjóð ok svá til Noregs sem vegar falla til, ok kómu ofan í Þrándheimi norðr. Svá sagði Arnórr jarlaskáld:

Nú hygg ek rjóðanda réðu¹
rógoðs² (þvíat veitk görva³,
þeygi seimstafir segja)
seggjum hneitis eggja.
Varat ellifu allra
ormsetrs hati vетra,
hraustr þá er herskip glæsti
Hörða vinr or Görðum.

Nú þegar er menn spurðu, at sunr Ólafs hins helga konungs var kominn, 123. Magnús, í Þrándheim, þá kómu menn til hans ok sóru hánum eiða, ok jafnvel þeir er á móti höfðu verit Ólafi. Var þá stefnt Eyráfing, kómu þá til menn⁴ af öllum fylkjum í Þrándheimi. Var þá Magnús til konungs tekinn ok fékk sér hirð ok skip.

Nú spurði Sveinn konungr brátt þessi tiðendi, lét þegar skera 124. upp herörvar ok stefnir þing, bað sér liðs, nefndi leiðangr ok sagði nauðsyn sína⁵, at þá höfðu þrœndir tekit sér konung annan, bað hann böndr gera róm at⁶ máli sínu ok svara. Þá svöruðu margir böndr, at þeir mundu ekki at vilja sínum berjask í móti syni ens helga Ólafs konungs; sumir þögðu, [en allfáir léту skara munu⁷ með Sveini. Konungrinn mælti: „Ek em [bernskumaðr mikill⁸, ok kann ek fátt at mæla, en ekki þarf ek leita eptir vilja þeirra manna, er svá segja, at ek heyri, at eigi vilja berjask við Magnús; sumir þegja, þeir vilja sem hinir, ok er oss ekki þessi herr til bardaga at telja.“ Lauk svá konungrinn sínu máli, at hann mundi eigi berjask við Magnús konung, ef hann féngi sér eigi traustara [her en þá var kominn þar⁹. Þá töluðu

¹⁾ rettet; reiðum A ²⁾ rettet; rógs hyrs A ³⁾ rettet; gnógar A ⁴⁾ her begynder B atter. ⁵⁾ saal. B; nauðsynir urigt. A ⁶⁾ saal. B; á A ⁷⁾ ok þó létu skara munu myndu ⁸⁾ bernskr mjök ⁹⁾ lið en þar var þá komit.

höfðingjar konungs, danskir menn, langar tölur, ok kómu [allir í einn stað niðr, at þeir¹ sögðu, at Norðmenn hefði² nízk á Sveini konungi, ok kölluðu ekki annat ráð en fara suðr aprt til Danmarkar, ok eflask þaðan í annat sinn með trausti Hörðaknúts, bróður Sveins, eða gamla Knúts. Var þat ráð tekit, fór þá Sveinn konungr til Danmarkar ok móðir hans ok allir Danir, þeir er með hánum höfðu verit í Noregi.

Um Magnús konung hinn góða.

125. Magnús konungr lagði undir sik Noreg allan, svá vitt³ sem faðir hans hafði⁴, orrostulaust ok at vild allra⁵ ríkra ok úrikra ok alls múgsins. Vildu þá allir vera frjálsir [ok fegnir⁶ heldr en þola Dönum lengr yfirgang. Um þetta orti Arnórr jarlaskáld:

Flýði fylkir reiði
framr þjóðkonungs rama,
stökk fyr auðvin okkrum
armsvells hati gella⁷.
Létab Noregs njóta
nýtr þengill gram lengi,
hann rak Svein af sínum
sóknndjarfr föðurarfí.

126. Næsta sumar eptir fékk Sveinn Álfifusunr banasótt í Danmörku. Þann sama vetr andaðisk ok gamli Knútr í⁸ Englandi; var hann jarðaðr í Vincestri. Tók ríki eptir hann⁹ Haraldr sunr hans, en í Danmörku var tekinn til konungs Hörðaknútr annarr sunr hans; hann hafði úsætt mikla við Magnús konung, ok [sagði at hann hefði sezk i land hans
127. þat¹⁰, er átt hafði gamli Knútr faðir hans. Nú lézk ok¹¹ Magnús konungr eiga at hefna¹² Dönum ok at upphafi¹³ Knýtlungum svikræða við föður sinn Ólaf konung, svá ok landsrán er gert hafði verit við Ólaf konung, þá er hann stökk or landi fyrir ofriki ok úfriði Knúts konungs; lézk hann alls þess vilja hefna með trausti föður sínus helga Ólafs ok styrk landsmanna sinna, ok gerðu nú hvártveggja mikla skaða á annarra ríki. Þetta leiddisk bæði Dönum ok svá Norðmönnum, völdusk til hinir beztu menn af hvárumtveggja ok leituðu um sættir: var fundr til lagðr, at konungar skyldu finnask við Elfi suðr, þar sem konungar höfðu fyrri 128. stefnu haft¹⁴ ok frið gert á millum sín. Á þessarri stefnu gerðu kon-

¹⁾ allar í einum stað niðr, ok sögðu ²⁾ höfðu ³⁾ víðan ⁴⁾ átt tilf. ⁵⁾ þegna tilf. ⁶⁾ mgl. ⁷⁾ Egilssons Conjectur; gellir A og B ⁸⁾ á ⁹⁾ á Englandi tilf. ¹⁰⁾ ok kallaði hann sezk hafa í sín lönd ¹¹⁾ mgl. ¹²⁾ á tilf. ¹³⁾ á tilf. ¹⁴⁾ hafða

ungar frið Magnús konungr, sunr Olafs hins helga konungs, ok Hörðaknútr. Þenna frið kölluðu þeir veraldar frið; sá friðr skyldi standa allan aldr. Sóru þá báðir konungar eiða, at hvárr skyldi öðrum vera í bróður stað i öllum viðrskiptum, ok sá friðr skyldi standa milli ríkjanna. [En þetta var skilorð fyrir eiðinum¹, ef Magnús konungr andask barnlauss ok lisir Hörðaknútr lengr, þá skal hann eignask ankanna-laust² alt Noregs konungs veldi; þvílikt var skilt ef Hörðaknútr andask barnlauss, þá skal Magnús konungr eignask alt hans ríki ok vera [sannr arfstökumaðr³, sem hann væri hans samborinn bróðir. Tólf hinir ríkstu menn af hvártveggja ríki sóru eiða, at þeir skyldu þessa sætt halda, meðan nökkurr þeirra lifði, ok styrkja þann konung til rikis, er lengr lifði. Var þessi sætt gör eptir því, sem þeir gerðu gamli Knútr ok Eðvarðr⁴ á Englandi⁵.

Magnús konungr gerðisk maðr ríkr, vinsæll ok fullkominn at 129. vizku ok afli fyrr en at vетra tali, ok friðr ásjónum. Þeir menn er vinir höfðu verit Ólafs hins helga töldu mjök á hendr þróendum þeim, er i móti höfðu verit Ólafi konungi; váru til þess nefndir margir göfgir menn, [ok váru gerð af því Magnúsi konungi litilræði, at hann hafði þá at borði sinu ok suma at trúnaðarmönnum, ok gerði ráðgjafa sína⁶, sem var Kálfr Árnasunr, er af hafði tekit föður hans. Nú harðnaði konungrinn mjök við þróendi. Fór þá Kálfr Árnasunr or landi fyrir 130. konungs reiði ok [mart annarra ríkra manna⁷, sumir guldu [ofrefsi fjárs⁸, sumir létu ok allar eignir sínar. Nú rœddu böndr sín á millum: „Hvárt konungr þessi man nökkut⁹ hóf við oss kunna at hafa?“ Kölluðusk opt¹⁰ þá hafa gjört stórræði, er minni sakir váru til, létu vera harm mikinn, ef þróendir skyldu hafa verra rétt en¹¹ annat landsfólk, töldu mjök vera aldaða foreldra sína, þá er eigi höfðu hlýða látit konungum at taka yfir lög fram; sögðu ok, at Þrándheimr hafi alla æfi verit höfuð Noregs, en nú er gert at herlandi: váru fyrst várir frændr ríkastir menn í Noregi, en nú erum vér þrælar konungs¹². Nú heyrðu þessa 131. ræðu vinir konungs, ok óttuðusk ofriki hans, géngu saman nökkurir vitrir menn ok rœddu sín á milli¹³ þetta mál, fýsti nú hverr annan til at segja konungi, hvat mælt var, en engi þorði sjálfr. Var þá gjört ráð þat, at hluta skyldi mann til, ok létu á leið fara hlutinn¹⁴. Nú

¹⁾ þat var ok undir skilt eiðstafinn ²⁾ með sætt ok vild ³⁾ arfstökumaðr hans rétr ⁴⁾ Játvarðr ⁵⁾ ok skildusk þá sáttir tilf. ⁶⁾ var ok sagt Magnúsi konungi, at þat var lítit ráð, at hafa þá at borði sínu, en suma við trúnaðarræður, ok gerði þá sína ráðgjafa ⁷⁾ nökkurir aðrir göfgir menn ⁸⁾ mikil fé ⁹⁾ ekki ¹⁰⁾ stundum ¹¹⁾ aðrir menn eða tilf. ¹²⁾ greifa tilf. ¹³⁾ um tilf. ¹⁴⁾ hlutfallit.

var sá hlutr upptekinn er átti Sighvatr skáld, er fylgt hafði lengi Ólafi konungi, ok var þá handgenginn Magnúsi konungi. Þá orti Sighvatr flokk um Magnús konung. Þar var þetta í:

Hafa kveðask lög, nema ljúgi
landherr, böndr verri,
enr í Úlfasundum
önnur en þú hézt mönnum.

[Þetta er ok þar í¹:

Gjaltu varhuga, veltir!
við þeim er nú ferr héðra,
þjófs, -skal hönd í hófi-
haulda² kvitt -um stytta-.

[Greyp er þat, er hófðum hnepta
heldr ok niðr í felda
(slegit hefir þógn á þegna)
þingmenn nösum stinga.
Hætt er þat, er allir atla
(áðr skal við því ráða)
hárir menn, er ek heyri,
hót skjöldungi at móti³.

[Ok emm þetta:

Hverr eggjar þík höggva,
hjaldrgegnir! búþegna?
ofraun er þat jöfri
innan lands at vinna.
Engr hafði svá ungum
áðr bragningi ráðit,
rán hygg ek rekkum þínunum,
(reiðr er herr) konungr! leiðask.

Hverr eggjar þík, harri
heiptarstrangr! at ganga
-opt reynir þú- þínunum
-þunn stál- á bak málum.
Fاستorðr skyli fyrða
fengsæll vera þengill:
hœfir heit at rjúfa,
hjaldrmögnumuðr! þér aldri⁴.

[En i þvilikri⁵ kenning mátti heyra í kvæðinu við konunginn, at hann skyldi halda lög þau, er faðir hans hafði sett, ok svá hversu hann hafði alla menn í sætt tekit, þá er hánum var gefit konungs nafn, þóat

¹) tilf. B; mgl. i A ²) hölda ³) Fra [mgl. i B ⁴) tilf. B; mgl. i A
⁵) þvilika

Feldu menn, þá er mildan
 mōrg tár, í gróf báru,
 þung byrðr⁴ var sú, þengil,
 þeim er hann gaf seima.
 Deildisk hugr, svá at héldu
 húskarlar grams varla
 (siklings þjóð en síðan
 sat opt hnípin) vatni⁵.

Þat segja allir menn á eina lund, at engi konungr hafi jafnvinsæll verit í Noregi sem Magnús góði, ok váru því þessi tiðendi margs manns harmr.

Nú er Haraldr konungr kom norðr í Þrándheim, stefndi hann þing átta fylkna á Eyrum; var hánum þá eignat alt landit, ok síðan var hann konungr⁶ í Noregi meðan hann lifði. Brátt eptir þetta spurði
 182. Sveinn konungr andlát Magnúss konungs; var hann þá kominn [til hests síns, þat var i Skáni í ánni helgu; vildi þá stíga upp ok ætlaði at riða upp á Gautland⁷ ok skiljask við Danaveldi; þá kom maðr til hans ok sagði andlát Magnúss konungs. Hann svaraði þegar: „Þau eru mikil tiðendi [svá at viða spryrjask⁸, en þat viti guð, ok allir Danir skulu þat spyrja, at annathvárt skal ek fá ríki Danaveldis eða deyja at óöulum mínum!“ [Steig hann á hest sinn ok veik aptr þegar út í Danmörk,
 183. ok dreif alla vega lið til hans. Nú fór Sveinn um haustit suðr i Jótland⁹, stefndi þá Vébjarga þing ok beiddisk af Dönum konungsnafn; var hann þá tekinn til konungs af öllum Dönum, ok þaðan ifrá kalla menn hann konung, en eigi áðr. Porkell geysa gaf hánum þá konungsnafn í annat sinn. [Létusk þá Danir allitt skulu óttask Norðmanna konung, ok var svá spott um gert¹⁰ at dœtr Porkels geysu skáru akkeri af osti ok

¹⁾ Einarr þ. með Þróendaher fór ²⁾ hann at ³⁾ margr dýrligr drengir ⁴⁾ saal. rettet: þing byrðar A ⁵⁾ Frá [mgl. B ⁶⁾ einvaldkonungr ⁷⁾ saal. B; til hers síns, þat var á Skáni helga ok vildi þá stíga upp ok ætlaði til áreiðar á Gautlandi A ⁸⁾ ef þat er satt ⁹⁾ steig á hest sinu, veik aptr þegar út í Danmörk, dreif þá lið til hans, lagði þá Danmörk undir sík, fór um haustit suðr á Jótland ¹⁰⁾ Létu þá Danir háðuligt um Norðmanna konung. Svá mikit spott var um gert

sögdū at þat myndi yfrit traust fyrir skipum Noregs konungs, þeim er hann kvæmi at vinna Danmörk með. Á hinu næsta sumri eptir bauð út Haraldr konungr af Noregi hálfan almenning at liði ok vistum ok fór suðr til Jótlands, ok herjaði þar um sumarit ok brendi víða. Hann lagði¹ í Goðnarfjörð. Þá orti [hann vísu þessa ok Þjóðólfr²:

Látum vér, meðan litlar³
 líneik veri sínum,
 -gerðr- í Goðnar firði,
 -galdrs!- akkerin halda.
 Sumar annat skal sunnar,
 segi ek eina spá, fleini
 (vér aukum kaf króki)
 kaldnefr furu halda.

[Þessar farar getr ok Bólverkr:

Leiðangr bjóttu af láði
 (lögr gékk um skip fögru,
 gjálfrstóð er reistu grœði
 glæst) um ár hit næsta.
 Skokkr lá dýrr á dökkrí
 -Danir váru þá- báru
 (skeiðr sá herr fyr hauðri
 hlaðnar) -illa staðnir⁴.

Þá brendi Haraldr bœ Þorkels geysu; váru ok þá dœtr hans bundnar ok leiddar til skipa. Þá var þetta ort:

Skáru jast⁵ af -ostí
 eybaugs Dana meyjar
 (þat angraði pengil
 þing) akkeris hringa.
 Nú sér mörg -i morgun-
 mær -hlær at því færi-
 øernan krók or járni
 allvalds skipum halda.

Svá segja menn at njósarmaðr mælti, sá er sét hafði skip Haralds konungs, við dœtr Þorkels geysu: „Þat sögdú þér, Geysudœtr! at Haraldr Noregs konungr myndi eigi þora at koma til Danmarkar, eða hversu ætli þér nú vera munu?“ Hon svaraði: „[Svá var í gærna⁶.“ Þorkell geysa leysti út dœtr sínar með miklu fé. [Svá sagði Grani skáld:

¹⁾ skipum sínum tilf. ²⁾ Þjóðólfr vísu ³⁾ lillar ⁴⁾ Fra [mgl. B ⁵⁾ rettet; oss A og B ⁶⁾ saal. B; svá (i) gjárna sám A

Lét aldrigi úti
 úsvífr Kraka drísu
 hlökk í harða þykkum
 Hörnskógi brá þorma.
 Fila drótinn rak flóttu
 fjánda grams til strandar,
 auð varð út at greiða
 allskjótt faðir Dóttu.

183. Svá hét dóttir Þorkels geysu¹. Haraldr konungr herjaði alt þetta sumar í Danaveldi ok fékk ógrynni fjár, en ekki [var hann ílendr í Danmörku á því sumri². En um haustit eptir fór hann aprí i Noreg ok var þar um vetrinn. Ok þegar it næsta sumar eptir herjaði Haraldr konungr aprí³ í Danmörk, ok hvert at öðru, ok gerði mörg stórvirki viða⁴ í ríkinu. Svá segir Stúfr:

Autt varð Falstr at fréttum;
 fékk drött mikinn ótta,
 gladdir var hrafn, en hræddir
 hvert ár böndr váru.

Þá var Sveinn konungr ílendr í Danmörku, sat um kyrt [á vetrunum⁵ en lá úti um sumrunum með leiðangr sinn, ok [lézk skulu⁶ fara með Danaher [til Noregs⁷ ok gera þar eigi [minna ilt⁸ en Haraldr í Danaveldi. Sveinn bauð Haraldi opt um vetrinn at hann skyldi koma norðan með liði sínu, en Sveinn sunnan, ok [berjask við Elfsina⁹ til þrautar, ok skipta svá með sér ríkjumum. Tóku nú hváritveggja allan vetrinn at búa skip sín ok hafa úti almennings her um várit. Þetta sumar kom utan af Íslandi þorleifr fagri ok tók at yrkja flokk um Svein konung, ok spurði, er hann kom til Noregs, at Haraldr konungr var farinn suðr til Elfar í móti Sveini konungi. Þá orti hann þetta:

Ván erumk vísa kœnum
 vígs, á rakna stígum¹⁰
 örr í odda snerru
 Innþrœnda lið finni¹¹;
 þar¹² man enn, hvárr annan
 öndu nemr eða löndum,
 (lítt hyggr Sveinn á sættir
 sjaldfestar) guð valda.

Færir reiðr, sá er rauða
 rönd hefir opt fyr löndum,

¹⁾ Fra [mgl. B ²⁾ varð hann ílendr í D. at því sinni ³⁾ enn ⁴⁾ mgl.
⁵⁾ um vetrinn ⁶⁾ hét at ⁷⁾ norðr i Noreg ⁸⁾ betra ⁹⁾ hittask við
 Elfi ok berjask þá ¹⁰⁾ rettet for stígu ¹¹⁾ saal. B; minna A ¹²⁾ því

breið á Buðla slóðir
borðrökn Haraldr norðan.
En lauks um sjó sækja
Sveins fagrdrifin steini
glæsidýr, þess er geiri
gullmunnuð, rýðr, sunnan¹.

Fjörs man flestum hersi
fengsæll Dana þengill
(reiðr hefir hann fyr hauðri
hábrynuð skip) synja,
er húnferils hreina
hlunntamda rekr sunnan
við Hörðagram harðan
hundruð sex til fundar.

Stýrir Úlfs til Elfar
óskmöggr skipum fögrum,
sá er hrækostu hæsta
hleðr í Gunnar veðri.
Skullu vé þar er völlu
vápnlaðri drífr rauðu,
regn drepr gauts í gögnum
gullmörkuð Hálfserki².

Nú kom Haraldr konungr til, kveðinnar konungastefnu³ með her sinn, 184. ok spurði þá at Sveinn konungr lá suðr við Jótland. Þá mælti konungrimm til Þjóðólfs:

Logit hefir Baldr at Baldri

Þá svaraði Þjóðólfr:

brynpings fetilstinga
-linns- sá er land á sunnar
-láðbrjótr!- fyrir ráða;
sjá man Njörðr inn nerðri
-norðr- glymrifðar borða
-gramr! ertu flestum⁴ fremri-
fastmálarí hála.

Nú skipti Haraldr konungr liði, lét aptr fara almenning bón dahers, fór síðan með hirð sinni ok lendum mönnum sínum⁵, ok hafði þat af bón-um⁶ er næst var landsenda⁷ austr, ok nú fór hann suðr til Danmarkar ok svá suðr um Vendilskaga ok um Þjóðu suðr, ok gékk þar yfir með herskildi ok brendi ok drap menn. [Svá segir Stúfr:

¹⁾ Denne Vise mgl. i A ²⁾ Denne Vise mgl. i A ³⁾ ákveðinnar konungs-
stefnu ⁴⁾ frékn ok ⁵⁾ mgl. ⁶⁾ bónaliði ⁷⁾ landsandanum

Flýðu þeir á þjóðu
þengils fund, á stundum,
stórt réð hugprött hjarta
(*Haralds önd ofar löndum*)¹⁾

Ok alt fór hann suðr til Heiðabœjar², tók kaupstaðinn upp³, rænti ok ok brendi allan. Þá ortu menn hans þetta:

Brendr var upp með endum
allr (en þat má kalla
hraustligt bragð, er ek hugða⁴⁾)
Heiðabœr af reiði.
Ván er at vinnim Sveini
-vark⁵ í nóttr fyr óttu-
(gaus heitr⁶ logi or húsum)
harm -á borgararmi-.

Þessa minnisk ok þorleifr fagri, þá er hann spurði [at eigi hafði tek-izk orrostan⁷ við Elfsina:]

Hve⁸ hefir til Heiðabýjar
heiptgjarn konungr arnat,
fölköggnir getr fregna
fylkis sveit, himn er veitat;
þá er til þengils býjar
þarflaust Haraldr austan
ár (þat er ón um væri)
endr byrskíðum rendi.

185. En nú fór Haraldr norðr apríl í Noreg ok hafði 60 skipa, [ok váru stór⁹ ok hlaðin¹⁰ af herfangi, er þeir höfðu tekit um sumarit¹¹. Ok þá er þeir sigldu norðr fyrir þjóðu, þá kom Sveinn konungr ofan af landi með miklum her, ok bauð Haraldi [at ganga á land ok berjask við sik¹², en Haraldr hafði lið [meir en¹³ hálfu minna, ok bauð þó Sveini konungi at berjask á skipum við sik. Svá segir þorleifr fagri:

Bauð, sá er beztrar tíðar
borinn varð und miðgarði,
ríkri þjóð at rjóða
randir, Sveinn, á landi.
Þó lézk heldr, ef héldi
hyatráðr konungr láði,
á byrjar val berjask
biltrauðr Haraldr vilja.

¹⁾ Fra [mgl. i A ²⁾ saal. B; Heiðarbœjar A ³⁾ mgl. ⁴⁾ saal. rettet efter Kongesagaerne; heyrða baade A og B ⁵⁾ rettet; verk A og B ⁶⁾ hár ⁷⁾ at Sveinn konungr var eigi kominn til móts við Harald konung ok eigi tekizk bardaginn ⁸⁾ saal. efter Kongesagaerne; Hversu B; mgl. A ⁹⁾ saal. B; allstór A ¹⁰⁾ svá hláðin mjök ¹¹⁾ síðir ¹²⁾ at berjask við sik á landi ¹³⁾ mgl.

Eptir þetta sigldi enn¹ Haraldr norðr [á leið² ok veik austr til Limafjarðar, þvíat svá bægði veðr til, ok herjuðu enn hvar sem þeir fóru³, ok tóku [at róa sunnan⁴, ok lögðusk við Sámsey um nóttina. Ok í sólar upprás, þá lá [myrkvi mikill um eyna alla⁵, nú sá þeir annan veg í hafit [sem eldar stórir væri þegar ihjá þeim⁶, ok var þá sagt konunginum. Þá mælti hann: „Látið tjöld af skipum ok tökum norðr með róðri! hér er myrkinn⁷ kominn at oss með landinu, en út í hafit man skína sóllbjart, ok munu þessir eldar ekki vera af öðru en morginsól man skína á skipabúnað, á stafna eða gylta veðrvita!“ Nú 186. var þetta eptir því sem hann sagði: þar var kominn Sveinn Danakonungr með úvigjan her. Nú eggjaði Sveinn konungr fast sitt lið til eptirrörðrar, þegar er þeir sá lið Norðmanna, ok tóku nú Danir eptir at róa, en þeir höfðu skip miklu fljótari ok [sett minnr⁸. Þá sá konungrinn Haraldr, at Danir sóttu þá, ok eigi myndi svá búit hlýða; [í efstu skipa konungsins Haralds þá fór drekinn, er hann sjálfur stýrði⁹, ok hann mælti¹⁰ at kasta skyldi viðum¹¹ ok láta á koma klæði dýr ok aðra¹² góða gripu; en þá var lognveðr¹³ ok hóf þetta fyrir straumi. Nú er Danir sá fē sitt reka á hafinu, viku þeir til er [næstir váru, ok þótti þeim þat mjúkara¹⁴ at taka er laust flaut, en seckja hitt er innanborðs var hjá Norðmönnum, ok dvaldisk með því eptirrörðrinn; þá er Sveinn konungr kom eptir með sínu skipi, eggjaði hann [til eptirferðar ok létt þat skömm mikla¹⁵ ef þeir með svá miklum her skyldu [eigi fá vald Norðmanna, er þeir höfðu lið lítit¹⁶, ok tóku nú Danir í annat sínn at róa. Þá sá Haraldr at meira géngu Dana skip, ok bað þá¹⁷ léttá sín skip; var þá borit fyrir borð malt ok hveiti ok [stóð með því¹⁸ um hrið. Þá létt Haraldr konungr [taka viggyrðla ok verpla, er þeir höfðu niðr hleypt munngáti or, ok köstuðu fyrir borð¹⁹, ok þar með létt hann kasta herteknum mönnum, [ok þat fólk, er fyrir borð var kastat, vildi æ klifra á verplana²⁰, ok hóf alt saman fyrir straumi. En þegar er Danir sá þat, þá réru þeir til ok tóku mennina, ok bar við þat Harald konung norðr undan í hafit, [en Danir hendu menn sína af kafi²¹. Nú venda Danir aptr, en Haraldr konungr fór norðr til Noregs. 187. Um þetta orti þorleifr:

¹⁾ mgl. ²⁾ mgl. ³⁾ váru ⁴⁾ sunnar róðr ⁵⁾ mjörkvi mikill alt um eyna
⁶⁾ hjá sér sem eldar nökkurir væri ⁷⁾ mjörkvinn ⁸⁾ hlaðin miðr ⁹⁾
 síðast fór skip hans, drekinn, er hann hafði sjálfur ¹⁰⁾ þá mælti Haraldr
¹¹⁾ fyrir borð trjám ¹²⁾ annarskonar ¹³⁾ logn fagrt ¹⁴⁾ fyrstir fóru,
 þótti þat dælla ¹⁵⁾ liðit ok taldi skömm vera ¹⁶⁾ láta fara Norðmenn
 í friði, þar sem þeir höfðu fátt lið ¹⁷⁾ enn tilf. ¹⁸⁾ stendr þá í stað
¹⁹⁾ kasta fyrir borð viðgyrðla ok verpla tóma ²⁰⁾ festisk þá fólkit við ok
 upp á ²¹⁾ er hinir viku skipum sínum til at taka fólkit er á hafinu var

[Allopt frá ek¹ hve elti
austmenn á veg flausta
Sveinn, þá er siklingr annarr
snarlundaðr hélt undan.
Fengr varð þrœnda þengils
(þeir léttu skip fleiri)
allr í eli sollnu
Jótlands hafi fljóta.

Sveinn konungr lagði skipum sinum undir Sámsey, hitti þar á 7 skip [Norðmanna, þat var leiðangrs skip or Víkinni²; ok þá er konungrinn kom at þeim, þá báðu þeir sér griða ok buðu fé fyrir sík. Svá sagði Þorleifr:

Sætt buðu seggja dróttni
siklings vinir mikla,
svæfðu hjaldr þeir er höfðu
hugstinnir lið minna.
Ok snarráðir síðan
sókn, er orð um tókuskr,
-önd var ýta kindum
óföl- boendr dvöldu.

Enn um Harald hinn harðráða.

188. Haraldr konungr var maðr ríkr, stjórnsamr innanlands, ok þat var allra manna mál, at engi konungr hafi verit vitrari á Norðrlöndum. Hann var [manna sterkastr³ ok vel vígr, framkvæmd hans verka var svá sem lengi hefir verit frásagt, ok liggja⁴ niðri miklu fleiri úsagðir hlutir hans afreksverka, [ok eigi viljum ver skrá⁵ vitnislusa hluti, þóat vér hafim heyrða, ok þykkir oss betra, at héðan⁶ sé viðaukit heldr en þetta sama þursi aftaka⁷; en saga frá Haraldi er mikil sett í kvæði þau, er íslenzkir⁸ menn færðu hánum sjálfum⁹. Var hann fyrir þá sök mikill þeirra vinr, ok hann hefir verit allra konunga Noregs vinsælastr¹⁰ við Íslendinga: þá er þar var hallæri, þá leyfði Haraldr konungr fjórum skipum [með mjölví¹¹ til Íslands, ok sagði¹² at ekki skippund skyldi dýrra en fyrir hundrað vaðmála; hann leyfði ok utanferð öllum fátækum mönnum þeim er sér féngi vist¹³ um haf, ok [af því¹⁴ noerðisk mjök þat land [fyrir tilflutnings sakar ok afferðar fátøeks fólks¹⁵. Haraldr

¹⁾ alt frá hitt ²⁾ af Víkverjum, þat var leiðangrlið ok böndr ³⁾ sterkr
maðr ⁴⁾ þó tilf. ⁵⁾ kemr til þess úfrœði vár ok þat at vér viljum eigi
skrásetja ⁶⁾ áfrá tilf. ⁷⁾ or at taka ⁸⁾ útlenzkir ⁹⁾ sjálfir ¹⁰⁾
hollastr ¹¹⁾ mjöllseyfi ¹²⁾ kvað á ¹³⁾ vistir ¹⁴⁾ þaðan ífrá ¹⁵⁾
til árferðar ok batnaðar

konungr sendi þangat klukku til kirkju þeirrar, er hinn helgi Ólafr konungr hafði [sent viðuna¹ til, ok sett [á þingvelli þeirra.² Þvílikit³ minni hafa menn þar Haralds konungs, ok margar aðrar stórar gjafir, er hann veitti þeim, er hann sóttu heim; Úlf Úspakssun, íslenzkan mann, gerði hann stallara sinn ok veitti hánum hinn mesta metnað, fékk hánum söemiligt kvánsfang, Jórunnu dóttur Þorbergs Árnasunar; þá hafði ok Haraldr konungr gert brullaup til þóru systur hennar⁴. Úlfr var maðr kynsæll⁵, hans sunr var Jón⁶ faðir Erlends himalda, föður Eysteins erkibiskups.

Haraldr konungr ok þóra áttu tvá sunu, hét hinn eldri Magnús en hinn yngri Ólafr. Haraldr konungr lét gera Mariukirkju norðr í Niðarósi, lagði til prívendur miklar, ok hann efldi ok staðinn mjök⁷ í Niðarósi. Um hans daga váru Arnmœðlingar ríkastir [menn lendir⁸ í Noregi. Haraldr konungr varð úsátr við Einar þambarskelfi fyrir pá sök, at Einarr vildi jafnask at riki við Harald konung [alt at⁹ þróendalögum. Hann kom aldri svá til kaupangs, ok¹⁰ var Haraldr konungr fyrir, at [Einarr hafði minna lið en Haraldr konungr¹¹, ok þat kapp gerði hann í kaupangi, at hann tók af móti þjóf sannan, ok náði engi maðr at dœma hann, þóat sjálfur konungrinn væri á mótinu. Þá mælti konungrinn þetta, svá at mjök margir menn heyrðu:

Rjóðandi man ráða
randabliks or landi
oss, nema Einarr kyssi
öxar munn inn þunna.

þat segja menn, at Haraldr konungr [hefir kveðit¹² vísu þessa, er hann [sat í loptsvöldum nökkurum, en¹³ Einarr gékk með¹⁴ langstrætinu ok hafði ekki minna lið en simm hundruð manna:

Hér sé ek upp hinn örva
Einar, þann er kann skeina
þjálfa¹⁵, þambarskelfi,
þangs, fjölmennan ganga.
Fullaflí biðr syllar
-finn ek opt at drífr minna-
hilmis stóls -á hæla
húskarla lið jarli-.

Litlu héreptir lét konungr drepa Eindriða, sun Einars, ok Einar þambarskelfi, ok var Eindriði manna vaskastr ok görviliðstr. Leið svá at

¹⁾ sendan viðinn ²⁾ er á þingvelli ³⁾ þvílik ⁴⁾ Jórunnar ⁵⁾ stórr ⁶⁾ Jóhann ⁷⁾ norðr tilf. ⁸⁾ lendir menn ⁹⁾ i ¹⁰⁾ þar sem ¹¹⁾ hann hafði eigi mikit lið ¹²⁾ kyæði ¹³⁾ sá út um loptsvalir hvar ¹⁴⁾ eptir ¹⁵⁾ rettet for þjálma

Einari löng heipt, er Haraldr konungr hafði lengi við bundizk, ok stilt sik áðr langa hrið, [svá sem áðr visar til fyrr í þessu máli¹, ok var þó 190. mörg áminning áðr þeirra millum en svá² lykisk. Í þenna tíma váru lendir menn svá kappsamir ok ofskátir, at þegar er þeim likaði [nökkurr hlutr illa³ við konung, þá [hljópu þeir or landi til Danmarkar suðr⁴ til Sveins konungs, ok görði hann þá mikla menn, [en sumum gaf hann góðar gjafir; sem þjóðólfur segir:

Frán hefir sveit við Sveini
sinni skipt -til minna-
dáð ok dróttni góðum
-drengspell er þat lengi⁻⁵.

Þá⁶ fór Finnur Árnasunr frá Haraldi konungi suðr til Danmarkar, ok gaf Sveinn konungr hánum jarldóm.

191. Nú bauð Haraldr út leiðangri af Noregi, ok fór með liði sínu suðr til Danmarkar at herja. Lá hann suðr við Halland í Lófusírði, ok hafði áðr mikit herjat af Hallandi. Þar hafði Haraldr konungr hálft annat hundrað skipa. [Þar kom at hánum Sveinn konungr með 3 hundruð skipa⁷; þá luktu Danir Norðmenn inni í höfninni, áðr en Haraldr konungr yrði varr við. Þá spurði Haraldr sina menn, hvárt þeir skyldu berjask með hálfsu minna liði, eða halda undan? Allir svoruðu á eina lund ok báðu konunginn ráða, ok téðu þat þó allir, at náliga væri úfert at berjask. Þá svaraði Haraldr konungr: „Sé ek at þér vilið biða várð orskurðar⁸, ok svá skal vera; en vér höfum lið svá mikit ok frítt, at engum kosti viljum vér flýja, ok heldr skal hvern várr ligga um þveran annan.“ Svá segir Steinn Herdísarsunr, er þá var á skipi Úlfs:

Sagði hitt er hugði
hauklyndr vera myndu,
þar kvað þengill eirar
þrotna ván frá hánum.
Heldr kvað hvern várn skyldu
hilmir frægr en vægja
-menn brutu upp- um annan
-öll vápn- þveran falla.

Steinn sagði ok, hversu mikit lið hvárir höfðu:

Hitti⁹ hersa dróttinn
hugstrangr, skipa langra

¹⁾ mgl. ²⁾ þessa lund ³⁾ eigi alt at skapi ⁴⁾ hlupu þeir af landi í Danmörk ⁵⁾ sumum gaf hann gull, sumum aðra scemd mikla. ⁶⁾ Í því bili ⁷⁾ mgl. i B ⁸⁾ atkvæðis ⁹⁾ saal. Morkinskenna; heitu A, hætti B

hinn er með hálft beið annat
hundrað Dana fundar.
Næst var þat, er réð rista
reiðr atseti Hleiðrar
þangs láð mörum þangat
þrim hundruðum sunda.

Þá lét Haraldr konungr blása til samlögu skipunum¹, ok lét víkja út í mótt [skipunum Dana í fyrstunni drekanum, er hann sjálfur stýrði, ok þá mælti Úlfr stallari við² sina menn: „Leggið fram várt skip hit næsta konunginum³!“ Svá segir Steinn⁴:

Hét á oss, þá er -úti-
Úlfr, hákesjur skulfa,
-róðr var greiddr á græði-
grams stallari alla.
Vel bað skip með skylja
skeleggjaðr fram leggja
sitt, en seggir játtu
snjalls landreka spjalla.

Lét þá Haraldr konungr saman tengja stafna á sínum skipum, ok þá réru Danir at, ok géngu lúðrar með ópi ok eggjan, ok þóttusk þá Danir hafa vald Norðmanna. Þessi orrosta var Lafranzmessu aptan, ok var tekit at berjask sið um kveldit ok var barzk um⁵ nótina. Var Haraldr konungr í fyrirrúminu á skipi sínu ok skaut. Svá segir þjóðólfur:

Álm dró upplenzkr hilmir
alla nött hinn snjalli,
hremsur lét á hvítar
hlífar landreki drífa.

Var þá orrostan hörd⁶, lagði Sveinn konungr sitt skip ok merki í mótt Haralds merki; [þá var Finnur⁷ á annat borð Sveini konungi. Þessi orrosta var [aðra leið⁸ en Danir ætluðu⁹, en Norðmenn stóðu þykt um Harald konung ok börðusk vel. Svá segir Steinn:

Undr er, ef eigi reyndu
örmóts viðir görva
(börðumk vér ok vörðum
víða grund) um síðir,
hvárt hugfyldir halda
(hrafn fékk gnótt í óttu
nás fyr Nizár ósi)
Norðmenn Harald þorðu.

¹⁾ mgl. ²⁾ liðinu dreka sínum fyrst. Þá kallaði Úlfr stallari á ³⁾ konungs skipinu ⁴⁾ skáld tilf. ⁵⁾ alla ⁶⁾ snörp ⁷⁾ þar var fyrir jarl (Finnr jarl?) ⁸⁾ annan veg ⁹⁾ hugðou

þá veik mannfallit¹ á Dani, ok géngu Norðmenn upp á Dana skeiðir, félum sumir en sumir flýðu; var þá skip Sveins konungs alt stafna í millum hroðit at skilnaði, sem segir Þjóðólfr:

Flest varð hirð, sú er hraustum
hrafns fœði vel tœði,
dauð áðr en döglingr næði²,
dökks, á land at stökkva.
[Skóp furðu þá skerði
skipun öll -var þá- snjöllum
hrings -til heljar genginn
hverr³ fótr konungs⁴ Jóta⁵.

Hér segir at Sveinn konungr flýði á land upp með skútu, er flotit hafði við lyptingina. Í þessum þys hjoggu Danir tengsl ok leggja⁶ ifrá; var [því hverr⁷ fegnastr er [fyrst var brottu⁸, en hroðnar váru Dana snekkjur eigi færri en sjau tugir. Svá segir Þjóðólfr:

Sogns kváðu gram gegnan
glæst, sjau tugu hit fæsta,
senn á svíptu einni
Sveins þjóðar skip hrjóða.

Eftir þetta flýðu Danir brott, en Norðmenn sóttu eptir, [þvíat þeir mintusk á, hversu Danir ráku þá á⁹ Jótlands hafi, ráku þá [suma á land upp, en sumir dreifðusk í fjörðu inn eða út í haf¹⁰. Var þetta svá mikit mannfall, at engi [kom tölu á¹¹, ok alt náliga af Dönum. Finnr jarl var handtekkinn, ok þá náliga orðinn blindr. Hann settisk niðr í lypting sinni¹², þá er flóttinn brast, ok var síðan tekinn ok leiddr fyrir Harald konung. Svá er sagt, at Sveinn konungr hafði til bardaga¹³ með sér sex jarla. Svá segir Þjóðólfr:

Sveinn á sigr at launa
sex, þeim er hvöt vexa
innan eina gunni,
örleiks, Dana jörlum.
Varð sá, er vildit forða
vígþjartr snöru hjarta,
í fylkingu fenginn
Fiðr Árnasunr miðri.

192. Nú var jarlinn settr niðr í fyrirrúmit fyrir Harald konung. Var þá konungrinn allkátr ok mælti svá: „Hér [fundumk vér Finnr, en næsta

¹⁾ mannfallinu ²⁾ náði ³⁾ rettet for hvern ⁴⁾ rettet for konungr ⁵⁾
Fra [mgl. A, og er taget af B ⁶⁾ lögðu ⁷⁾ sá ⁸⁾ er fyrstr komsk
á brott ⁹⁾ minnask þá á röðrinn í ¹⁰⁾ flóttann alt þar til er sumt hljóp
á land upp, sumt dreifðisk í fjörðu inn, en sumt í haf út ¹¹⁾ fékk talt
¹²⁾ sína ¹³⁾ orrostunnar

sinn¹ i Noregi; ok hefir sú hin danska hirðin eigi staðit fyrir² þér allfast, ok hafa nú Norðmenn ilt at [sýsla, er þeir³ draga þík blindan eptir sér ok vinna þat til lífs þér.“ Þá svaraði jarlinn: „Mart verða Norðmenn ilt at vinna, en þat verst alt er þú býðr þeim.“ Þá spurði konungrinn: „Viltu hafa grið, þóat úmakligt sé?“ Þá svaraði jarlinn: „Eigi af hundinum þínum!“ „Viltu þá af Magnúsi frænda þínum?“ Hann stýrði þá skipi. Þá svaraði jarlinn: „Hvat man hvelpr sá [griðum valda⁴?“ Þá hló konungrinn ok þótti gaman við hann at eiga, ok mælti: „Viltu taka grið af þóru frændkonu þinni?“ Hann svaraði: „Er hon hér?“ Konungr sagði: „Já! hér er hon.“ [Þá mælti Finnur eitt orðskrök, þat er síðan er uppi haft, hversu reiðr hann var, er hann fékk eigi stilt orðum sínum: „Eigi er undarligt,“ sagði hann, „at þú hefir vel bitzk um, er merrin fylgði þér⁵!“ Finni jarli váru þá gríð gefin, ok var hann með Haraldi konungi um hrið. Með Haraldi konungi váru í Nizárorrostu synir hans báðir Magnús ok Ólafr, Eysteinn orri ok Hákon Ívarssunr.

Sveinn konungr flyði upp á land með annan mann, ok kómu til 193. kotbœjar eins, fyrir þá sök at Norðmenn leituðu hans um stórforpain⁶. En þar var ein gömul húsfreyja, hon spurði hvat mönnum þeir væri. Konungrinn bað þann svara, er fylgði hánum, ok fyrir þá mæla. Þá svaraði sá kerlingu: „Vit erum nú [farandi menn⁷ ok [þurftugir beina yðars⁸.“ Þá svaraði kerlingin: „[Munu þit vera⁹ svá miklir menn, sem þit látið ríkuliga, en munu þit kunna at segja tiðendi, hvárt konungar þessir hafa barzk nökkut, eða hverju gegnir [glam þetta, er vér höfum eigi ró fyrir haft í nátt¹⁰?“ Þá svaraði maðrinn, [sá var minni vexti¹¹: „Meiri ván ætla ek, at konungar¹² munu barzk hafa.“ Þá spurði kerling: „Hverr hefir betr haft?“ Þá svaraði maðrinn: „Norðmenn hafa sigrazk¹³.“ Þá spurði kerling: „Er dreppinn várr konungr?“ Hann svaraði: „Á flóttá er hann kominn¹⁴.“ Þá mælti kerlingin eitt mikít fölkskuorð: „Vesöl erum vér [ok væ er oss fyrir¹⁵, at vér eigum konung hvártveggja¹⁶ ragan ok haltan!“ Þá svaraði [maðrinn, sá er áðr hafði verit fámaeltari¹⁷: „Ætlum hitt, kerling¹⁸! er likara¹⁹ er, at konungr man eigi vera ragr, þó er hann eigi sigrsæll.“ [Nú bjoggusk

1) funnumk vit Finnur, en næst 2) mgl. 3) orku at 4) ráða griðum 5) Finnur svaraði: „Eigi er undarligt, at þú hefir vel bitzk í dag, er merrin hefir fylgt þér!“ Nú var Finnur svá reiðr, at hann fékk eigi stilt orðum sínum 6) stórbœina ok um þorpin 7) leiðarmenn 8) þursum beina yðarn 9) Eru þit 10) um brak ok hlamm þat, er vér höfum heyrt í alla nót?“ 11) mgl. 12) þeir 13) fóstra! tilf. 14) en eigi dreppinn tilf. 15) fyrir því 16) bæði 17) sá er áðr hafði færra mælt: 18) fóstra! 19) líkligra

þeir til dögurðar, ok¹ tók kerling þeim handlaug, ok þósk þá sá fyrri er síðar gékk, tók síðan miðjan dúkinn ok [vildi þerra sik á². Kerlingin þegar þreif til ok hnykti af hánum, „tak,“ sagði hon, „endann handklæðisins, ok ger eigi alt³ vátt!“ En [hann svaraði⁴: „Þetta má enn vera⁵, ef guð vill, at vér fáim svá mikinn sóma, at vér þerrim oss á miðjum dúki.“ Þetta er í gamans frásögn ok eigi mjök söguligt nema fyrir þá sök, at hér er lýst [speki konungsins ok úvizku kerlingarinmar⁶, ok í annan stað er sagt ifrá Haraldi konungi ok Finni jarli: þar vægði sá er valdit átti, var hánum ok þat vegr ok eigi lítilræði. [Finnr jarl sýndi þat, hversu úvæginn hann var, hann mælti þá ekki annat í því en jafnlyndi sitt, fyrir því at hann mælti vel til Sveins konungs, er þá hafði hann þjónat, en harðliga til þeirra, er þá barðisk hann í gegn⁷; en konungrinn virði þetta sem barns orð, hafa ok allir svá virt síðan.

194. 195. Nú fór um haustit Haraldr konungr aptr til Noregs með sigri ok herfangi. Nú efldisk ok Sveinn konungr ok fékk riki sitt. Litlu síðar fór til Danmarkar mikill höfðingi, Hákon Ívarssunr jarl, er þá átti Úlfhildi dóttur Magnúss góða, ok dvaldisk þar um hríð með Sveini konungi. Hann barðisk í móti Haraldi konungi suðr á Jótlandi, þá hafði Hákon merki þat, er átt hafði Magnús góði. Fékk þar Haraldr sigr, en Hákon kom á flóttu ok týndi mestum hluta liðs síns.

Nizárorrosta var á 16^{da} ári rikis Haralds konungs. Litlu áðr en Nizárorrosta væri, varð Haraldr konungr úsátr við Upplendinga: töldu⁸ þeir, at Ólafr konungr hafði gefit þeim réttarbætr í mörgum stöðum [meiri en⁹ öðrum landsmönnum í Noregi bæði um útgerðir ok [aðrar álögur, ok marga hluti aðra þeim til söemdar mælt ok gört umfram aðra landsmenn sínar¹⁰ fyrir þá sök, er Upplendingar höfðu veitt hánum lið, þá er hann vann undir sik allan Noreg, ok [af því stökk Sveinn jarl¹¹ or landi. En þetta likaði eigi Haraldi konungi, [at eigi skyldi einn¹² konungsréttir um allan Noreg vera. Svá segir þjóðólfr:

Létu¹³ lystir sleitu
landkarlar gram varla

¹⁾ áðr en þeir færi til matar ²⁾ þerði sér ³⁾ senn *tilf.* ⁴⁾ þá svaraði sá hinn þögli maðrinn ⁵⁾ fóstra! *tilf.* ⁶⁾ grein speki ok óvizku ⁷⁾ Jarlinn sýndi þat, hversu hann var í skaplyndi, en eigi mátti hann þá annat en mæla vel til Sveins konungs, er áðr hafði hann þjónat, ok hart til þeirra er áðr hafði hann á móti verit ⁸⁾ sögðu ⁹⁾ fyrir ¹⁰⁾ mörg landráð undir bœndr mælt, þau er eigi váru öðrum stöðum í landi. Töldu Ólaf konung hafa veitt sér þessa söemd eptir Nesjaorrostu ¹¹⁾ Sveinn jarl stökk or landi ¹²⁾ ok sagði, at einn skyldi ¹³⁾ *saal.* *B;* létuð *A*

(gerði öld á jörðu
óðæmi) lög scema.
En, því ráði þjóðar,
þeim brutu troll, er ollu,
hæls í hleypikjóla
hrís andskotum¹ vísa.

Haraldr fór² upp á Raumaríki ok brendi víða bygðina. Svá segir
þjóðólfr:

Tók hólmbúa hneykir
harðan taum við Rauma;
þar hygg ek fast ins frægsta
fylking Haralds gingu.
Eldr var górr at gjöldum³,
gramr réð; en þá téði
hár í hóf at föra
hrotgarmr bœndr arma.

Þaðan fór hann upp á Hringaríki ok brendi þar. Frá því segir enn
þjóðólfr, hversu þeir vikusk undir konunginn:

Lífs báðu sér liðar;
logi þingaði Hringum
nauðgan dóm, aðr næmisk⁴
niðrfall Hálf galla.

Eptir þetta sættusk bœndr við konung, ok héldu lög eptir konungs
orðum ok öll hans boð. Svá segir þjóðólfr:

Lýtr folkstara feiti
-fött er til, nema játta
þat, sem þá vill gotnum-
þjóð öll -konungr bjóða-.

Á hinu þriðja ári eptir Nizárorrostu gerðisk sætt í milli Haralds 196.
konungs ok Sveins konungs með ráði [hinna vitrustu manna í Noregi
ok Danmörku með þeima hætti, at hvárr skyldi hafa frið ok frelsi í
sínu ríki, ok ágirnask hvárgi á annars eign⁵, ok skyldi þar hvárgi
öðrum böta, skyldi þar hernaðr leggjask sem [upp hafðisk⁶, ok sá
[hafði þar⁷ happ er hlotit hafði; en þessi friðr skyldi standa, meðan
þeir væri konungar. Svá segir þjóðólfr:

Færði fylkir Hörða
(friðr namsk) árit þriðja
(rendr bitu stál fyr ströndu)
starf til króks at hvarfi.

¹⁾ saal. B; andskota A ²⁾ með liði tilf. ³⁾ gjaldi ⁴⁾ næði ⁵⁾ allra
Norðmanna ok Dana með því, at hvárr konunga skyldi stjórna sínu ríki
ok hafa í frelsi, Haraldr konungr Noreg, en Sveinn konungr Danmörk ⁶⁾
hafszk hafði ⁷⁾ hafa

197. Á nítjánda ári rikis Haralds konungs andaðisk [Eðvarðr konungr
 i¹ Englandi simta dag jóla, ok tóku Englar til konungs Harald sun Goðvina Úlfnaðrssunar² ok Gyðu, dóttur Þorkels sprakaleggs. Hann var vigðr til konungs í Lundúnum í Páls kirkju áttanda³ dag jóla. Eðvarðr⁴ konungr átti⁵ Gyðu Goðvina dóttur, ok áttu þau ekki barn; þá hvarf konungdómr í Englandi or ætt Aðalsteins góða. Tostí jarl, hann var sunr Goðvina ok þóttisk eigi vera⁶ verr til kominn ríkisins en Haraldr, ok vildi hann vera í kosningi fyrir öllum landsmönnum við bróður sinn, beiddisk hann, at allir landshöfðingjar ok allr lýðr skyldi kjósa þann til konungs, er þeir vildu heldr hafa, ok var þat margra manna mál, at Tostí væri vitrari maðr ok eigi verr til konungs fallinn; en Haraldr þóttisk nærmeir konungdóminum, er hann hafði nafnit ok stólsetningina⁷ þegit ok konungs vígslu; hann hafði hallir ok féhirzlur konungs, ok vildi hann fyrir því eigi láta rikit, at hann hafði alt afl landsins.
198. Nú fann Haraldr úþokka⁸ bróður síns, þá þróngði hann hánum or landi, ok fór Tostí jarl til Danmarkar á fund Sveins konungs frænda síns, ok bað hann fá sér traust ok afl at fá söemd sína. Sveinn konungr bauð hánum at taka af sér ríki í Danmörku. Þá svaraði Tostí: „Vili þér eigi fá oss styrk ok afl til af yðru ríki, at vér fáim vára söemd? ok viljum af yðru alli ok várri forsjá vinna England, sem Knútr gerði móðurbróðir yðarr, ok þat ríki er oss er hollast í Englandi.“ Þá svaraði Sveinn konungr: „Svá miklu minni em ek ráðamaðr en várr frændi gamli Knútr, at varla fæ ek haldir Danaveldi fyrir Norðmönnum, en gamli Knútr eignaðisk at erfð alt Danaveldi, en með her ok hamingju England, ok var um hríð eigi þat úvænna, at hann myndi þar eptir liggja, en Noreg sékk hann orrostulaust; nú kunnum vér ætla oss hóf meira eptir váru lítilræði en eptir framkvæmd vårs frænda, gamla Knúts.“ Þá mælti Tostí jarl: „Frændr várir gerask oss fjándr, þeirra fjándmenn skulu þá vera várir frændr!“ Skildisk jarlinn svá frá Dana-konungi, at þeir váru báðir reiðir. En nú vendir Tostí ferðinni aptr til Noregs, ok hittir þar Harald konung ok kærir fyrir hánum sinn vanda, ok bauð hánum sína þjónustu ok sitt samlag; finnask þar nú miklir spekingar, talar hvárr til annars bliðliga; talaði konungr um mikla hörmung jarlsins, at⁹ hann skyldi frá vera spryndr sínu ríki at saklausu. Jarlinn hóf þar upp, er Hörðaknútr sunr gamla Knúts stýrði Englandi, ok hversu farit hafði svardagi milli Magnúss konungs ok Hörðaknúts, ok þar næst at Magnús konungr var orðinn réttl arfi

¹⁾ Játvarðr góði á ²⁾ saal. B; Ulmarssunar A ³⁾ átta ⁴⁾ Játvarðr ⁵⁾ hafði átta ⁶⁾ her begynder fjerde Lacune i B ⁷⁾ saal. Morkinskinna; stólsettr A ⁸⁾ áhuga Morkinskinna ⁹⁾ rettet; ok A

Hörðaknúts, ok hversu hann gerði mikla miskunn við Eðvarð konung, er hann heimti eigi eign ok riki þat er var í Englandi, svá sem þat er var í Danmörku; „nú hugðum vér engan annan arfa Magnúss konungs alinn en yðr, herra, eða hversu æthi þér at satt sé,“ sagði jarlinn. Í þessa rœðu hugði Haraldr konungr vandliga, áttu þeir margar stefnur ok lauk svá þeirra tali, at Tostí jarl sór sik í vald Haralds konungs ok hétt konungi fylgð ok förumeyti vestr til Englands. Konungr hét hánnum í móti ríki ok ysírlæti því meira, er ríki efldisk hánum meira. Þessi rœða var í hvers manns húsi ok þó optast í konungs hirð, hversu ferð Haralds konungs myndi verða til Englands; telja membrum þat upp, hversu mörg stórvirkir Haraldr konungr hafði unnit, ok sögðu at hann myndi nú sem fyrr engan hlut finna úföran fyrir sér. Sumir mæltu þat, at England er ríki fjölment, þar var ok þat lið er kallat var þingamenn, þat hafði valzk af mörgum löndum ok þó mest af danskri tungu, ok svá eru þeir reyndir ok vanir við orrostu, at eins lið þingamanns var betra en tveggja Haralds manna.

En á því sumri andaðisk Úlfr stallari, ok þá er konungr gékk 200. frá grepti hans, þá mælti hann þat er dýrligt vitni var Úlfí: „Hér liggr nú sá er drenglyndastr var ok dröttinhollastr!“ Þá gerðisk Styrkárr stallari einn, en aðr höfðu þeir báðir verit.

Um vetrinn ofanverðan á móti várinu sendir Haraldr konungr 201. boð um alt ríki sitt, at herr skal búask or landi um sumarit at liði ok skipum, nefndi or hverju fylki hverir fara skyldu. Nú segja svá allir þeir, er þessi frásögum ok ferð var kunnig, at eigi hafi betra mannaval verit búit til einnar ferðar or Noregi. Konungr lét búa byrðinga ok svá skútur með ótal vista; en Magnús sun sinn setr hann eptir til landsgæzlu, en Ólaf sun sinn hafði hann með sér. Þá er Haraldr konungr bjósk til þessar ferðar, þá urðu mörg vísendi sýnd mönnum í draumum. Nú er Haraldr konungr hafði lagt til hafs með albúnum skipum ok her, þá dreymdi hann sjálfan, at hánum þótti maðr koma at sér, ok þóttisk hann kenna Ólaf bróður sinn. Sá maðr kvað vísu þessa fyrir konunginum:

Gramr vá frægr til fremdar
flestan sigr hinn digri,
hlaut ek, því at heima sáum,
heilagt fall til vallar;
uggi ek at, tiggi!
yðr er feigð um byrjuð;
trolls gefið fákum¹ fylli
fíks; veldrat guð² slíku.

¹⁾ rettet; fræknum A ²⁾ rettet; gerð A

En þá dreymdi stafnbúa hans, at hann þóttisk sjá konu eina ok meiri en mennskir menn, hon reið vargi ok hafði rauðan skjöld ok kvað þetta:

Skœð lætr skína rauðan
skjald, en dregr at hjaldri,
brúðr¹ sér Aurnis jóða
úför konungssins görva.
[sviptir í sveiflandkjapta²
svaðni holdi manna,
úlfs munn litar innan
óðlát konan blóði.

202. Nú sigldi Haraldr konungr fyrist til Orkneyja, létt þar eptir Ellisif konu sína ok Mariú dóttur sína; hann hafði þaðan með sér Pál jarl sun þorfinns jarls ok Ingilbjargar, dottur Finns jarls Árnasunar. Þaðan hélt Haraldr konungr suðr herinum til Englands, kom at svá, at hann hóf landgöngu þar sem heita Kliflönd, flýði alt undan; hann tók af landinu gisla ok skatta, ok fór svá suðr til Skarðaborgar, vann hana með eldi, lagði undir sík alt land norðan. Þaðan hélt hann flotanum suðr til Humru, ok lagði upp eptir ánni til Úsu. Þar kómu ímóti hán-um Norðumbra jarlar, [Morokári ok Valþjófr jarl or Hundatúni³ ok höfðu her úvigjan, er saman hafði dregizk alt haustit. Haraldr konungr veitti viðrtóku ok gékk upp á árbakkann ok fylkti þar, ok létt horfa fylkingararminn at ánni en annan at diki nökkuru, en þat var djúpt ok fult af vatni. Þeir jarlarnir létu síga fylking með öllum mág- inum með ánni fyrir ofan konungsmerkit; var þar þykkvast, en þunnast með díkinu. Þá er litla hrið hafði verit barzk, þá veik sá fyrir armrinn, er til dikisins vissi, á fylkingu Haralds, ok sóttu þá fast enskir menn at, í því er þeir ætluðu at Norðmenn mundu flýja. Haraldr konungr með sína fylking gékk at svá fast, at alt stökk fyrir á tvá vegu, gerðisk þá flótti í landsherinum, ok veik þá armrinn út í dikit er næst var. En Morokári⁴ hafði farit með því merki er næst var díkinu, en Valþjófr jarl flýði or orrostunni ok upp með ánni, ok þat eitt kom undan er hánum fylgði. Þar féll Morokári ok svá þykt um hann, at dikit var fult af dauðum mönnum. Svá segir Steinr:

Þjóð forsök mörg í móðu,
menn druknuð sokknir,
drengr lá ár um ungan
úfár Morokára.

¹⁾ rettet; breiðr *A* ²⁾ rettet; svift hefir sveifland gæsta *A* ³⁾ rettet;
Motokari oc Handatuni *A*. ⁴⁾ Motokari fremdeles baade her og neden-
for *A*

Firða dróttinn rak flóttar
framr, tók herr á ramri
rás fyr röskum vísa;
ríklundaðr hélt undan.

Þetta orti hann um Ólaf, ok var þetta Matheusmessu aptan, ok stóð hon þá á þórðegi. Þeir Morokári ok Valþjófr váru brœðr Haralds Goðvinasunar.

En eptir þessa orrostu gékk undir Harald konung lið alt um 203.
hin næstu heruð, en sumt flyði. Nú byrjar Haraldr konungr ferð sína
at vinna borgina Jork, ok lagði hann herinum skamt ífrá Stanfurð-
ubryggju, fyrir því at konungr hafði unnit svá mikinn sigr við stóra
höfðingja, at mesti hluti hers hafði orðit svá hræddr¹, at eigi þorði
gagnstöðu at veita, ok gerðu borgarmenn þat ráð fyrir sér, at senda
boð Haraldi konungi með liði at bjóða í vald hans sjálfa sik ok svá
borgina. Var þetta alt boðat svá, at sunnudaginn játtuðusk allir hinir rík-
ustu undir Harald konung ok séngu hánum gísla, sunu tiginna manna,
fyrir því at Tostí jarl kunni þeirra allra skyn, er í váru borginni. En
um kveldit eptir fór Haraldr konungr til skipa með sjálfgórvum sigri,
ok allir þeir váru þá í mikilli kæti. En um morguninn, 204.
mánadaginn, var stefnt þing í borginni; skyldi þá Haraldr skipa staðinn með rík-
ismönnum ok gefa réttu ok lén. En kom sunnan þat sama kveld at
borginni Haraldr Goðvinasunr með úvígjan her, ok reið þegar í borg-
ina at vild ok þokka allra borgarmanna; váru þegar tekin öll borgarhlíð
ok allir vegir, fyrir því at eigi skyldi njósn koma Norðmönnum, ok var
þessi herr um nóttina í staðinum. Mánadaginn, síðan er Haraldr
konungr hafði matazk at dögurði, þá létt hann blása til landgöngu, ok
býr þá ok skiptir liðinu, hverir fara skyldu eða hverir eptir vera; lætr
hann upp ganga or hverri sveit tvá, þar sem einn var eptir. Nú býr
Tostí jarl sik til uppgöngu með Haraldi konungi, ok sveit sína, en eptir
váru til skipagæzlu Ólafr konungssunr ok Eysteinn orri, sunr þor-
bergs Árnasunar, er þá var ágætastr ok í mestu ysirlæti konungsins
allra lendra manna; þá hafði Haraldr konungr heitit hánum Mariu, dóttur
sinni. En þann dag var veðr heitt af sólu, ok lögðu eptir brynjur, en
géngu upp með skjöldum ok sverðum, hjálbum ok spjótum, en sumir
höfðu boga, ok váru allir í mikilli kæti. Nú er þeir váru næsta at 205.
komnir borginni, þá sá þeir riða í móti sér lið mikit, ok sá þeir þar
marga fagra hesta ok undir fagra skjöldu ok hvítar brynjur. Nú staddi
konungr lið sitt ok létt kalla til sín Tosta jarl, ok spurði hvat liði þat
mundi vera. Jarlinn svaraði ok lézk þykkja meiri ván úsfriðar, sagði

¹⁾ rettet; hrætt A

- ok at vera mundu nökkurir frændr hans, eða þeir er leita vilja með vægð ok vináttu til konungs „ok bjóða yðr í móti traust ok trúnað.“ Þá mælti konungr: „Vér skulum halda kyrru liði váru, fyrir því at oss forvitnar at vita hvat liði þetta sé.“ Nú sýndisk þeim þetta lið þess at meira er nálægra kom, ok var alt at sjá sem á ísmöl, er vápnin glóðu. Þá mælti Tosti jarl: „Tökum nú nökkut gott ráð ok vitrligt, fyrir því at ekki er at dyljask, at úfriðr er, ok man vera konungr sjálfur.“ Þá spurði Haraldr konungr: „Hvert er yðart ráð?“ Jarlinn svaraði: „Þat hit fyrsta, at snúa aprt til skipa sem skjótast eptir liði váru ok vápnum, ok veita þó viðrtöku eptir efnum, en at öðrum kosti gæta skipanna at eigi eigi riddarar þeirra vald eða vár.“ Þá svaraði konungrinn: „Annat ráð viljum vér hafa: setjum hina skjótustu hesta undir þrjá vaska drengi, ok riði þeir sem hvatligast ok segi sem fallit er, ok man oss þá koma lið af várum mönnum; fyrir þá sök at Englar skulu enn eiga snarpar hriðir, áðr en vér berim lægra hlut!“ Þá svaraði Tosti: „Þér skuluð ráða þessu sem öðru!“ lézk ok eigi vilja gjarnari 205. flýja en einnhverr annarra. Nú lét Haraldr konungr uppreisa merki sitt, þat er landeyða hét, en Friðrekr hét sá er merkit bar. En í annan stað setti Tosti jarl sitt merki. Þá mælti Haraldr konungr: „Pegar er Englar riða at yðr“, sagði hann, „þá skjótið niðr spjótshólum yðrum í jörð, en setið svá hátt oddana, at gegni miðjum manni; en þeir er eptir standa í fylkingunni, seti ok sína spjótshala í jörðina ok oddana fyrir brjóst hesta þeirra; nú setjum svá allir kesjur várar fyrir þá, ok bogamenn veri armana á bak fylkingunni, ok stöndum fast ok miðlum ekki fótsporum, nema mundum æ fram!“ En þá er fylkt var, þá var ok kominn herr Engla; stöddu þeir ferðina er í fyrstu riðu, ok biðuðu þeirra er eptir fóru.
206. Haraldr konungr Sigurðarsunr reið svörtum hesti blesóttum fyrir framan fylking sina, ok sá hversu liðit stóð, ok skipaði þeim framar er þá vildi hann, ok í þessi reið fell hestrinn undir hánum ok konungrinn fram af, ok mælti: „Fall er farar heill.“ Þá mælti Haraldr Englakonungr við Norðmenn, þá er með hánum váru: „Kendu þér þann hinn mikla með þeim blá kyrtli ok hinn fagra hjálm, er þar skaut sér af hestinum fram?“ Þeir svöruðu konunginum: „Var þat Norðmanna konungr.“ Þá mælti Englakonungr: „Mikill maðr ok höfðingligr er hann, ok hitt er nú vænna, at farinn sé at hamingju.“ Nú riða fram tuttugu riddarar fyrir fylking Norðmanna, ok allir albryndaðir. Þá mælti einn riddarinn: „Hvar er Tosti jarl, hvárt er hann í liði eða eigi?“ Hann svaraði: „Eigi er því at leyna, hér munu þér hann finna mega!“ Þá mælti enn riddarinn: „Haraldr konungr bróðir yðarr sendi yðr kveðju

ok þarmeð þat, at þér skuluð hafa grið ok Norðumbraland alt, ok enn vill hann heldr, en þit berizk, gesa yðr þriðjung ríkis síns með sér.“ Þá svaraði jarlinn: „Boðit er þá nökkut annat en úfriðr ok svívirðingin sem i vetr, ok ef þetta væri fyrr boðit, þá væri margr maðr sá heill ok með lífi, er nú er eigi, ok þá man eigi standa verr ríki Englands; nú tókum vér þenna kost, en hvat vili þér nú bjóða Haraldi konungi fyrir sitt starf?“ Þá svaraði riddarinn: „Sagt hefir hann þar nökkut af, hvers hann man hánum unna af Englandi: han skal hafa 7 feta lengð, ok því lengra sem hann er hærri en aðrir menn!“ Þá svaraði jarlinn: „Farið nú ok segið Haraldi konungi, at hann búisk til orrostu, fyrir því at annat skal sannask en þat sem Norðmenn sögðu, at Tostí jarl mundi svikja Harald konung ok skiljask við hann, þegar hann skyldi berjask um, ok fylla þó flokk fjándmanna hans; en heldr skulum vér nú allir taka eitt ráð, deyja heldr með söemd, eða fá England með sigri!“ Nú riðu riddarar apr. Þá mælti Haraldr konungr Sigurðarsunr til jarlsins: „Hverr var þessi hinn snjalli maðr?“ Þá svaraði jarlinn: „Þar var Haraldr konungr Goðvinasunr.“ Þá mælti Haraldr konungr: „Oflengi var ek þessu leyndr; þeir váru svá komnir fyrir lið várt, at eigi myndi þessi Haraldr kunna segja dauðaorð várra manna. „Satt er þat, herra!“ sagði jarlinn, „úvarliga fór þvílkr höfðingi, ok vera mætti þetta er nú segi þér, sönum vér þat; en hann vildi þó bjóða brœðr sínum grið ok mikil vald, ok væra ek vist þá kallaðr verri höfðingi, þó at þann kost tækim vér heldr, en ek biðaða svá elli at ek væra banamaðr bróður míns, en þó er betra at þiggia bana af brœðr sínum en veita hánum bana.“ „Lítill konungr var þessi“, sagði Haraldr konungr, „ok stóð vel í stigreip sín.“ Þat segja menn at Haraldr konungr kvædi vísu þessa:

Fram géngum vér
í fylkingu
brynjulausir
með blár eggjar;
hjálmar skína,
hefkat ek mína,
nú liggr skrúð várt
at skipum niðri.

Emma hét brynja hans; hon tók ofan í mitt bein hánum, ok svá sterk, at eigi festi vápn á henni. Þá mælti Haraldr konungr: „Þetta er illa ort, ok skal gera nú aðra vísu betri“, ok kvað þá þetta:

Krjúpum vér fyr vápna
-valteigs- brókun eigi
-svá bauð hildr- at hjaldri
-haldorð- í bug skjaldar.

Hátt bað mik, þar er móettusk,
menskorð bera forðum,
Hlakkar íss [ok hausar¹],
hjálmtall i gný málma.

Þá orti Þjóðólfur þessa vísu:

Skalkat ek frá, þó at fylkir
falli niðr til vallar,
(gengr sem guð vill) ungum
grams erfingjum hversa.
Skínnat sól á sýnni
-snarráðs- en þá báða
-Haralds eru haukar görvir
hefnendr- konungs efni.

207. Nú veita Englar Norðmönnum áreið, ok varð á móti viðrtaka hörð, ok svá váru settar kesjurnar, sem fyrr var sagt, ok komsk þat mest við hestana; berjask þó hvártveggja með sínu afli, ok réð seint mannfallit á; ok var svá mikill liðsmunr, at mikill fjöldi Engla gerðu hring um þá ok riðu flokkum at þeim; ok þá er þeir kómusk á bak þeim, þá losnaði fylkingin, ok gerði mannfall mikil í hvártveggja liðit. Ok í rofinu gékk Haraldr konungr fram með skjöld sinn ok sverð, ok hjó á báðar hendr bæði menn ok hesta, svá at ekki festisk við. Svá segir Stúfr skáld:

Gékk sem vindr, sá er vætki,
varðandi, fjör sparði,
geirahreggs í gögnum²
glaðr orrostur þaðra.
Gramr flýðiat sá síðan
(sœm [eru] þess of³ dœmi
els und erkistóli⁴)
eld né járnit felda.

Ok þetta kvað Arnórr jarlaskáld:

Hafðit brjóst, né biflösk
böðsnart konungs hjarta,
í hjálmprumu hilmir⁵
hlítstyggr⁶ fyr sér lítit,
þars til þengils hersa
þat sá herr, at skatna
blóðugr hjórr ins barra
beit dögingla hneitis.

Þá var Haraldr konungr skotinn framan í óstina, svá at þegar kom út blóð at munnum; þetta var hans banasár, ok því næst féll hann

¹⁾ rettet; at hausum A ²⁾ rettet; glyggvi A ³⁾ rettet; ef þess væri A

⁴⁾ rettet; ecki stóli A ⁵⁾ rettet; fylkir A ⁶⁾ rettet; liðstyggr A

til jarðar. Nú er þessi tíðendi váru orðin, þá sóttu Englar at svá fast, at þá féll alt liðit þat, er næst hafði staðit konunginum. En nú varð 208. Tostí jarl þess varr, at konungrinn var fallinn; veik þegar þar til, er hann sá merkit landeyðuna, ok eggjaði fast til framgöngu, ok bað enn bera þetta sama merki fyrir sér, ok varð þá snörp orrosta, fyrir því at allir Norðmenn eggjuðu, ok sagði hverr öðrum at eigi vildi flýja. Þá létt Haraldr Goðvinasunr blása lúðri sínum, ok bað stöðva orrostuna, ok bauð Tosta jarli brœðr sínum grið ok öllu liði hans, en allir Norðmenn œptu upp senn, ok léту skusk engi grið af hánum þiggja vilja, létu skulur skulu sigrask á úvinum sínum eða liggja þar allir um konung sinn. Svá segir Arnórr:

Eigi varð hins œgja
auðligr konungs dauði,
hlenna sœfi hlifðout¹
hoddum reknir broddar.
Heldr kuru meir ins mæra
mildings, en grið vildi,
um fólksnaran fylki
falla liðsmenn allir.

Í þessarri dvöl, áðr en fylkingar géngi saman, orti Þjódólfur vísu þessa:
Öld hefir afráð goldit
ilt, nú kveð ek her stiltan,
bauð² þessa fór þjóðum
þarflaust Haraldr austan.
Svá lauk siklings ævi
snjalls, at vér erum allir
(lofðungr fékk hinn leyfði
lífs grand) í stað vandum.

Hófsk þá orrostan í annat sinn ok varð hin harðasta, ok eigi löng áðr en Tostí jarl féll. Nú í því bili kom til Eysteinn orri með 209. því liði, er á skipum hafði verit, ok þeir allir váru albrynjanda, merki konungsins, ok var þá orrostan miklu hörðust ok félundir enskir menn mest, ok var við sjálft at þeir mundu flýja. Nú varð ok Eysteinn ok hans menn mjök móðir, fyrir því at þeir höfðu gengit langa hrið undir hrингabrynjum, ok gerðisk veðrit mjök heitt af sólu, at þá váru þeir náliga úfærir, ok steyptusk þá allir or brynjum sínum; en þessi orrosta fór sem ván var, at þeir höfðu betra hlut, er aflat höfðu meira ok búnað betr með vápnum; ok féll þar nú Eysteinn orri ok náliga alt stórmenni, en þessi orrosta var kölluð Orrahríð. En þat var efra hlut dagsins. Var þetta sem mælt er: „æ kemr einn hvaðan“, ok fyrir því at sumum

¹⁾ rettet; hlifðuz A ²⁾ rettet: boð A

var auðit lengra lífdaga, ok kómusk með því undan. Styrkárr stallari komsk þar undan, hinn frægasti maðr, þvíat hann fékk sér hest ok reið á brott um kveldit, ok gerðisk þá á vindr kaldr, en Styrkárr hafði verit í skyrtu einni klæða, ok hjálm á höfði, ok í hendri brugðit sverð. Nú dvaldisk hann er hann hratt möðinni af sér, ok í því kom at hán-um vagnkarl einn í kösungi síðum. Nú spurði Styrkárr: „Viltu selja kösung þinn, bóndi?“ Hann svaraði: „Vist eigi þér, þú mant vera Norðmaðr, kenni ek mál þitt.“ Þá svaraði Styrkárr: „Hvat viltu þá, ef ek em Norðmaðr?“ Hann svaraði: „Ek vilda drepa þík, ok er nú svá illa at horit, at ek hefi ekki vápn þat er nýtt sé.“ Þá mælti Styrkárr: „Ef þú mátt eigi mik drepa, bóndi, þá skal ek freista, ef ek mega þík drepa!“ reiðir þá til sverðit ok svá á háls bónda, at fauk af höfuðit. Tók hann síðan þar sér skinnhjúp, ok hljóp síðan á hest sinn ok hleypti svá til skipa.

209. Ólafr, sunr Haralds konungs, hafði eigi gengit upp á land, ok var með hánum Skúli, sunr Tosta jarls. Nú er tiðendin kómu til þeirra, þá bjoggu þeir sik til brottsferðar með því liði, er eptir var úfallit af Norðmönnum, lögðu skipum sínum til hafs, ok þegar er byrjaði um haustit, sigldu þeir til Orkneyja, ok váru þar um vetrinn. Þann sama dag, er Haraldr konungr féll á Englandi, þá andaðisk Maria, dóttir hans, í Orkneyjum; þat mæltu menn, at þau hafi haft eins manns fjör bæði. En þat næsta sumar eptir fóru þeir Ólafr öllu liði sínu til Noregs; tók þat sama sumar Ólafr konungdóm í Noregi með brœðr sínum Magnúsi, váru þeir tveir konungar um hrið áðr en Magnús konungr fékk bana-sótt, ok var hann vanheill nökkura hrið, fyrir því at hann hafði þess-kyns sótt, er menn kalla reforma. Hann átti sun þann eptir er Hákon hét: hann var á fóstri uppi i Guðbrandsdölum með Steigarþóri. Magnús konungr hafði haft inn nörðra hlut lands með Ólafi bróður sínum, en Ólafr hinn eystra. Nú var Ólafr einn konungr í Noregi eptir andlát Magnúss bróður síns. Hann var mikill á allan vöxt, ok þat er allra manna sögn í Noregi, at engi maðr hafi sét friðara mann eða tiguligra sýnum: gult hafði hann hár ok bjartan likam, eygðr manna bezt ok limaðr, fámálugr optast ok ekki margреðinn á þingum, glaðr við öl ok fagrmæltr við vini sína ok hófsmaðr um alla hluti.

210. Á því sama sumri næst eptir er Haraldr konungr Sigurðarsunr féll á Englandi, þá kom til Englands með her sinn Villhálmr bastarðr Rúðujarl. Hans faðir var Rotbertr longaipé, en hans faðir var Rikarðr sunr annars Rikarðar, en hans faðir var Vilhálmr sunr Gönguhrólfs, hann vann þat riki i Vallandi, er síðan var kallat Norðmandi, ok var þaryfir jarl síðan, ok allir þeir langfeðr. Gönguhrólfr jarl var sunr

Rögnvalds Mœrajarls, bróðir þoris jarls þegjanda ok Torfeinars í Orkneyum; ok Hrollaugr hét einn, svá sem Einarr segir, þá er hann hafði drepit Hálfðan hálegg sun Haralds hins hárfagra, er áðr hafði drepit föður hans:

Sékat ek Hrólfs or hendi
né Hrollaugi fljúga
dörr á dæla mengi
(dugir oss föður hefsna).
En í kveld, meðan knýjum,
um kerstrumi, rómu,
þegjandi sitr pessi
Þórir jarl á Mæri.

Rekit hefi ek Rögnvalds dauða
(en réðu því nornir¹)
(nú er fólkstuðill fallinn)
at fjórðungi mínum.
Hlaðið², snotrir seggir!
þvíat sigri vér ráðum,
(skatt vel ek hánum harðan)
at háfœtu grjóti.

Æ man ek glaðr, þvíat geirar
(gott er vinna þrek manni)
böðsíkinna bragna
bitu þengils sun ungan.
Þeygi dyl ek, nema þykki
(þar fló ár af sárum
hræva valr um hólma)
holunda vals gæli.

Vilhjálmr bastarðr ok Eðvarðr hinn helgi Englakonungr 211. syskina synir. Rotbertr jarl ok Emma dróttning, þau váru Rikarðs börn bæði. Emmu átti áðr Aðalráðr Englakonungr, þeirra synir váru Játmundr ok Eðvarðr hinn helgi. Siðan átti Emmu Knútr gamli; þeirra sunr var Haraldr ok Hörðaknútr. Nítján náttum eptir fall Haralds konungs Sigurðarsunar børðusk þeir suðr á Englandi Haraldr konungr Goðvinasunr ok Vilhjálmr bastarðr; þar féll Haraldr konungr ok Gyrðr jarl bróðir hans ok mestr hluti liðs hans; þá hafði Haraldr konungr verit hálfan tiunda mánað. Valþjófr jarl Goðvinasunr kom undan á flóttu með sína sveit, ok þá sömu nátt þá reið jarlinn með einum eiki-skógi; þá riðu valskir menn í móti ok børðusk þeir, ok flýðu Valir í skógin, ok lét jarlinn þegar leggja eld í skógin, ok brann þar meir

¹⁾ rettet; en roðo því nærer A ²⁾ rettet; lípi A

en hundrað manna; en hann gætti, at engi kœmisk á brott or skóginum.


212. Þegar eptir þetta var tekinn til konungs í Englandi Vilhjálmr bastarðr. Litlu síðar fór Valþjófr jarl á fund konungs, ok hafði áðr látit taka sér grið af konungi, ok riðu með hánum tveir riddrarar. Vilhjálmr konungr fagnaði hánum vel, ok at skilnaði veitti konungr hánum jarldóm á Norðumbralandi, þar hafði hann yfir fyrr verit jarl. Ok þá er jarlinn hafði tekit bréf ok innsigli, þá fór hann á braut ok kom á heiði nökkura; þar kómu á móti hánum 12 riddarar¹ alvápnaðir ok margir sveinar. Þessa riddara hafði sent Vilhjálmr² konungr eptir hánum at láta drepa hann. Jarlinn hljóp af hestinum, þvíat hann hafði engan herbúnað. Hann brá sverði ok varði sik um hríð, ok fyrir því at margir véltu um [hann, þá³ varð jarlinn handtekinn, ok bjósk [þegar einn við⁴ at höggva hann. Ok þá er jarlinn vissi hverr hann skyldi höggva⁵, þá fyrirgaf hann riddaranum⁶, ok svá konunginum ok öllum [þeim er nær váru⁷; ok til jartegna gaf hann [riddaranum silkikyrtill sinn⁸, [ok þá⁹ lagði hann sik [allan til jarðar¹⁰ ok¹¹ báðar hendr út ifrá sér, ok var hann síðan¹² hálshöggvinn. Ok af hans blóði féngu margir menn bót, ok er Valþjófr jarl sannheilagr maðr. Frá þessum tíðendum segir inniliða Þorkell sunr Þórðar skalla; hann var hermaðr¹³ Valþjófs jarls, [ok orti hann kvæði eptir fall jarlsins ok er þetta þar í¹⁴:

Vist hefir Valþjóf hraustan
Vilhjálmr, sá er rauð málma,
hinn er haf skar sunnan
hélét, í trygð um véltan¹⁵.

213. Þetta sama haust léti Haraldr konungr lif sitt Goðvinasunr ok fjórir broeðr hans. Eptir þessa fimm höfðingja lifði ekki fleira af ætt Goðvina jarls, svá at vér kunnum frá at segja, en dóttir Haralds konungs Gyða; en sunr Tosta jarls var Skúli konungsfostri. Gyðu dóttur Haralds konungs fékk Valdimarr konungr, sunr Jarizleifs konungs í Hólmgarði ok Ingigerðar dóttur Ólafs konungs svænska. Sunr Valdimars ok Gyðu var Haraldr konungr, er fékk Kristínar, dóttur Inga konungs Steinkelssunar: þeirra doetr váru þær Málfríðr ok Ingibjörg. Málfríði átti fyr Sigurðr konungr Jórsalafari, en síðan Eiríkr eimuni Danakonungr Eiríkssunr. Ingibjörgu Haraldsdóttur, systur Málfríðar,

¹⁾ Her begynder 1ste Side af Membranbrudstykket af B ²⁾ Viliamr, her og nedenfor B ³⁾ mgl. ⁴⁾ riddari einn til ⁵⁾ saal. B; höfða A ⁶⁾ þeim riddara vandliga ⁷⁾ öðrum þeim er eptir hánum höfðu farit ⁸⁾ riddara silkikyrtill sinn þeim er höggva skyldi hann ⁹⁾ því næst ¹⁰⁾ til jarðar í kross ¹¹⁾ rétti tilf. ¹²⁾ þá ¹³⁾ hirðmaðr ¹⁴⁾ saal. B; þar í er þetta A ¹⁵⁾ Her ender 1ste Side af Membranbrudstykket.

Ís ferði ogtrum hanu at lara dígríki s. Jaykni hér up af Jælensó þun at ís hafðe engan
hær-blundar. Ís byr sygðu oc gæðe sic um jöf. Óðin fyllt jui at mægur yero um
varað fáttári handzakum. oc biolle kúðum. en nái til at hoggra h. Óðin þa er ræktu ylli spjall
oc skýldi hoggra ha fyllt spjall h. því kælde yáulega or sva heiti. oc allu örðtu þær
er aytur hanu hæðu frajst. oc til laugregna gaf h. ridd. fullku kystu finn því er hægri
legluti h. Þa næst lagðe h. sif til hægri i grófi oc sette bæðgi hrendi. i þura feg. oc þar
þa hafi hoggrun. oc aji: fss blöðe ynglo mæggr um vot. oc er yalþugr. sán hauðagi mæg
þa þessan tilendu sagu innlega þonkall sungs forðar skalla. Ís þar hirdmæg. yalþugr
lafti. oc ore h. creðe egypt fall iaylens oc er þá þar i. Yust hæfir yalþugr. yaustan
þitangs. sa er stand malma. hín er haf skar finnán hefur. Í Þjóðum um yelltan.



af y gyllt pugga oc wa gege y-gegenen numay i gika my. numay a
sumay i siondhestint sya at lygri kaupstds ey ky yar ha att skuli naega hi
nay bætni layder oc gnogar landbilledi. til alle stags oc lastadis i kampfadding
Bæn þessa skula kej polha oc Sudrunas yego han alsher a jemi oc ragnillir en
attē kyrringa orng. Dotte kyrringa omr yar. Alia mades blauar bokr. Ben
þengja dñlgs oc þoro skopra dotter. yago þau Sudomus ajsani oc ligd ey attē
halkall huk. Þessa sunz yar hon fader þengja halkall or sagryall. oc yego
Gudomur a yestu jæt kyrt allschiday. sy stuß halkall huk. Þessa doy yar
Rangrid oc Ingvidar oc gudfun. Rangrid fer brødre byrdar spæn. Þessi
dort yaro þey ældhyð oc Ingvide. Dotte. onagn lis oc ældhyð yar. Ky
Hin ey attē reddas sendmæd. þoey. Hukall yafðe atta ældhyð. Þessa

fékk Knútr lávarðr, bróðir Eiríks eimuna: þeirra börn váru þau Valdimarr konungr ok Kristín ok Katerín ok Margareta. Valdimarr Danakonungr fékk Suffiu, dóttur Valaðs konungs á Pulinalandi ok Rikizu dróttningar. Börn þeirra Valdimars konungs ok Suffiu var Knútr konungr ok Valdimarr konungr ok Rikiza dróttning. Margaretu dóttur Knúts lávarðar átti Stígr hvítaleðr, faðir þeirra Nikoláss ok Kristínar er átti Karl konungr Sverkissunr; þeirra sunr var Sverkir konungr, faðir Jóans konungs. Móðir Karls konungs var Úlfhildr dróttning, dóttir Hákonar Finnsunar Hárekssunar or þjóttu. Úlfhildi átti fyrst Nikolás Danakonungr, en síðan Ingi Sviakonungr Hallsteinssunr, en síðast Sverkir konungr Kolssunr. Rikizu dróttning átti Eiríkr konungr í Svíþjóð Knútssunr.

Þá er Skúli konungsfóstri, sunr Tosta jarls, kom í Noreg, þá 214. gipti Ólafr konungr, er kallaðr var bóndi, hánum Guðrúnu frændkonu sína, dóttur Nefsteins; hennar móðir var Ingirið systir hins helga Ólafs ok Haralds konungs, ok dóttir Sigurðar sýr ok Ástu. Skúli konungsfóstri var allra manna vitrastr ok málsnjallastr; hann talaði öll konungs erendi á þingum ok á móti, fyrir því at Ólafr konungr var ekki talaðr maðr, ok ekki var hann svá djúpitr maðr, sem faðir hans var, ok hann hlitti því i marga staði sem Skúli fóstri hans réð. Ólafi konungi var svá mikil virkt á Skúla, at hann bauð at gefa hánum eitt fylki alt í Noregi með öllum skyldum ok sköttum, ok skeyta hánum þat ok hans erfingjum. Hann svaraði á þessa lund, lézk eigi þykkja úlikligt, ef höfðingjaskipti gerðisk í, at þat myndi rjúfask, ok enn í annan stað sagði hann, með því at hann var jafnan með konungi, þá var hánum betr hent at þiggja veizlur af konungi nær þeim kaupstöðum, er konungr var vanr at sitja í um velrum. Nú bað konungr hann nefna þær jarðir¹ er hann vildi þiggja, ok hann gerði svá, nefndi sumar í Vik austr, sumar á Hörðalandi, en sumar í Þrándheimi, svá at í hverjum kaupstað er konungr var, þá átti [hann eignir ok² náliga hinar beztu jarðir ok gnógar landskyldir til alls starfs ok kostnaðar nær³ kaupstöðum⁴. Börn þeirra Skúla konungsfóstra ok Guðrúnar váru þau Ásúlfr á Reini ok Ragnhildr, er átti Kyrpunga-Ormr. Dóttir Kyrpunga-Orms var Ása, móðir Bjarnar boks. Börn þeirra Ásúlfs ok Þóru Skoptadóttur váru þau Guðormr á Reini ok Sigrið, er átti Hallkell húkr: þeirra sunr var Jón, faðir þeirra Hallkels ok Rögnvalds ok Gregoris. Guðormr á Reini fékk fyrst Eldriðar systur Hallkels húks: þeirra døtr

¹⁾ Her begynder 2den Side af Membranbrudstykket, og saaledes ophører her Lacunen i B ²⁾ Skúli ³⁾ i ⁴⁾ Stykket fra dette Sted til den følgende Lacune ved „Bjarni Mardarsun“ mgl. i A, men er optaget efter B

váru Rangrið ok Ingirið¹ ok Guðrún. Rangriðar fékk Bjarni byrðarsveinn: þeirra dœtr váru þær Eldrið ok Ingibjörg. Dóttir Magnúss konungs ok Eldriðar var Kristín, er átti Hreiðarr sendimaðr. Þórir skinnfeldr hafði átta Eldriði: þeirra² synir váru Kynaðr ok Þorgrímr klaufi. Síðan var hon gipt lögmanninum á Gautlandi: þeirra sunr var Haraldr. Synir Ingibjargar váru Þorsteinn skálmöld ok þeir bræðr. Rangrið var síðar gipt Friðreki kœnu: þeirra dóttir var Ástrið ok var mey nunna. Ingiriðar Guðormsdóttur á Reini fékk Guðormr Austmannsunr austan af Jamtalandi. Guðormr á Reini fékk síðar Bergljótar: þeirra sunr var Ásúlfr faðir Þorbjargar, er átti Eirikr gryfill: þeirra sunr var Ásúlfr. Síðar átti Þorbjörgu Hróarr konungsfrændi. Guðormr á Reini átti síðar Sigriði dóttur Þorkels ok Hallkötlu; Hallkatla var dóttir Sveins Brynjúlfssunar, bróður Serks í Sogni, ok Ingiriðar systur Knúts hins rika, Danakonungs. Bárðr Guðormssunr fékk fyrst Úlfhildar, dóttur Páls biskups, en þarnæst Ceciliu dóttur Sigurðar konungs: þeirra sunr var Ingi konungr.

Hér hefr Arnmœðlingatal.

215. Maðr hét Finnviðr fundinn, hann var fundinn í arahreiðri ok vafðr í silkireifum, ok vitu menn eigi aett hans; frá hánum er komin aett sú er kölluð er Arnunga aett. Sunr hans var Þórarinn bullibak, faðir Arnviðar, föður Arnmóðs jarls: frá hánum er komin sú aett er Arnmœðlingar heita. Sunr hans hét Árni; synir Árna váru þeir Kálfr á Eggju, Þorbergr, Þorbjörn, Finnur jarl ok Árni. Þorbergr Árnasunr átti Ástriði ina árbornu, dóttur Erlings á Sóla ok Ástriðar Tryggvadóttur, systur Ólafs Tryggvasunar. Árni Árnasunr átti Geirþrúði systur Ástriðar hinnar óbornu³. Þessi váru börn Þorbergs Árnasunar: Eysteinn orri, Ögmundr, Þóra ok Jórunn. Haraldr konungr Sigurðarsunr átti Þóru: þeirra synir váru Magnús konungr, faðir Hákonar konungs Steigarþórisfóstra, ok Ólafr konungr er kallaðr var búandi; hann var faðir Magnúss bersföts, hann var faðir Sigurðar konungs (Jórsala-Sigurðar) ok Eysteins konungs ok Ólafs konungs, Haralds konungs ok Sigurðar slembidjákns ok Magnúss rauða [ok Þóru]. Sunr⁴ Sigurðar konungs var Magnús konungr, er kallaðr var Borghildarsunr; móðir hans var Borghildr, dóttir Ólafs af Dalí. Magnús fékk Kristínar, dóttur Knúts lávarðar, þau áttu ekki barn. Dóttir Sigurðar konungs ok Málfríðar Haraldsdóttur var Kristín, er átti Erlingr jarl: þeirra börn váru

¹⁾ rettet; Ingiriðar B ²⁾ her ender anden Side af Membranbrudstykket. ³⁾ saal. B ⁴⁾ saal. rettet; Þóru börn ok - B aabenbar Skriffeil.

þau Magnús konungr ok Ragnhildr, er átti Hallkell Jóanssunr. Dóttir Eysteins konungs Magnússonar var Maria, er átti Guðbrandr Skaphöggsunr: þeirra sunr var Ólafur, er kallaðr var ógæfa. Börn Haralds konungs gilla váru þau Ingi konungr ok Sigurðr konungr, Eysteinn konungr ok Magnús konungr, Briggit er átti Magnús, bróðir Inga konungs sammœddr, en síðan átti hana Birgir jarl brosa: þeirra börn váru Philippus jarl ok Knútr jarl ok Ingigerðr, er átti Sverkir konungr: þeirra sunr var Jóann konungr. Börn Sigurðar konungs váru þau Hákon konungr ok Sverrir konungr, Sigurðr Markússfóstri ok Cecilia, er fyrr átti Folkiðr lögmaðr. Börn Sverris konungs váru Hákon konungr, faðir Hákonar konungs, ok Sigurðr lávarðr, faðir Guðorms konungs, ok Kristin, er átti Philippus konungr, ok Cecilia, er fyrr átti Einarr, en síðan Gregoris kikr. Sunr Fólkviðar ok Ceciliu, dóttur Sigurðar konungs, var Hákon jarl; hann átti frú Kristíni, ok var þeirra sunr Knútr jarl. Siðar átti Ceciliu Bárðr Guðormssunr á Reini: þeirra sunr var Ingi konungr, faðir Guðorms. Þóru dóttur Magnúss berfœts átti Loptr prestr: þeirra sunr var Jóann, faðir Páls biskups, Sæmundar ok Orms. Dóttir Sigurðar slembidjákns var Ingigerðr, er átti Hákon kló: þeirra synir váru Hávarðr halti, Sigurðr, Haraldr, Eirikr.

Ögmundr¹ Þorbergssunr Árnasunar var faðir Skopta í Gizka. Þessi váru börn Skopta: Ögmundr, Þórðr, Finnur, Páll, Ragnhildr, Þóra er átti Ásúlfur Skúlasunr: þeirra sunr var Guðormr á Reini, faðir Bárðar, föður þeirra Inga konungs ok Skúla hertoga, Guðorms ok Sigurðar. Börn Skúla hertoga var Margreta dróttning, er Hákon konungr á, Ingirið, Rangrið. Sunr Páls Skoptasunar var Nikolás kúfungr, faðir Páls fliðu ok Ragnhildar. Dóttir Ásúlfs ok Þóru Skoptadóttur var Sigrið, móðir Jóans² Hallkelssunar, föður Gregoris. Ragnhildi Skoptadóttur átti Dagr Eilifssunr: þeirra börn váru Gregoris, Gyrið, Baugeið, Sigrið er átti Halldórr Brynjúlfssunr á Vettalöndum. Gunnarr hét sunr Gregoris.

Jórunni Þorbergsdóttur átti Úlfr stallari: þeirra börn váru Jóann sterki ok Birgða; sunr Jóans var Erlendr hímaldi, faðir Eysteins erkibiskups ok Þorbergs, föður Erlends. Birgðu sunr var Sauðolfr³, faðir Petrs byrðarsveins, föður þeirra Úlfs flys ok Sigriðar, móður Petrs erkibiskups.

Dóttir Finns jarls Árnasunar var Ingibjörg jarlamóðir, er átti Þorfinnr jarl Sigurðarsunr; þeirra synir váru þeir Páll jarl ok Erlendr jarl, faðir þeirra Magnúss jarls hins helga ok Erlings ok Gunnhildar, móður Rögnvalds jarls, föður Ingigerðar, er átti Eirikr stakblellr⁴:

¹⁾ Agmundr i B ²⁾ rettet; Ívars B ³⁾ maaske rettere Sauða-Úlfr, se Haraldr Haardr. S. i Fornm. S. Cap. 54 ⁴⁾ I Orkn. Saga Slagbellir, Slagbrellir, Slagbrellr

þeirra synir váru Haraldr jarl, er féll í Vík, ok Magnús mangi, er féll í Sogni. Páll jarl Þorfinnssunr átti dóttur Hákonar jarls Ívarssunar, þeirra sunr var Hákon jarl, hans börn váru þau Páll jarl ok Haraldr jarl, faðir Erlends jarls, er féll í Daminsey, Ingibjörg ok Margreta. Ingibjörgu átti Ólafr Suðreyjakonungr, en Margretu átti Maddaðr jarl, þeirra sunr var Haraldr jarl, faðir Jóans jarls ok Daviðs jarls.

Sunr Árna Árnasunar var Jóann í Bjarkrey, faðir Sigurðar hunds ok Viðkunns, föður Erlings, föður þeirra Viðkunnar ok Rögnum, er átti Bjarni Marðarsunr * * * * 1.

216. Eptir fall Haralds Sigurðarsunar taldi² Sveinn Danakonungr slitit vera friði milli Norðmanna ok Dana, ok [sagði Sveinn konungr, at eigi hefði lengri friðargerð verit³, en þeir Haraldr konungr lisði báðir. Váru eptir þetta útboð mikil í [Noregi ok svá í Danmörku⁴, hafði Ólafr konungr [úti allan almenning bæði⁵ at liði ok skipum, sem Steinn segir:

Sín óðul man Sveini
sóknstrangr í kaupangi,
þar er heilagr gramr hvílir,
(hann er ríkr jöfurr) banna.
Ætt sinni man unna
Ólafr konungr hála,
Úlfs þarfat þar arfi
alls Noregs til kalla.

Þess minnisk ok Steinn, at Ólafr konungr varði land sitt með herskipum ok leiðöngrum:

Mætr hilmir verr málmi
(man ek skjöldungs lof) köldum
Rauma grund ok röndum⁶.
(Ríklundaðr veit undir)

ok enn segir hann:

Öll biðr Egða stillir
[eggdjarfr frama seggi⁷
sund fyr sínu landi
sóknörr stika⁸ dörrum;
jörð man eigi verða
auðsótt fira⁹ dröttins
sóknherðendum¹⁰ sverða
(Sik bestan gram miklu)

¹⁾ her begynder den 5te Lacune i B, der i Mbr. sandsynligvis har udgjort et Blad. ²⁾ sagði ³⁾ at eigi hefði lengri friðr verit sett ríkinu ⁴⁾ Hvárutveggja ríkinu ⁵⁾ Haraldssunr almenning fyrir Noregi ⁶⁾ röndu ⁷⁾ eggdjarfra lið seggja ⁸⁾ skipa ⁹⁾ Fila ¹⁰⁾ söngherðundum

þá sendi Ólafr konungr Sveini konungi sættarorð, ok lögðu stefnu 217.
 [millum sin¹ í Konungahelli, þar sem fyrr var vant². Sagði þá Ólafr
 konungr Danakonungi, at hann vildi halda þvílika sætt, sem hans faðir
 tók af Dönum, en eigi auka; en at öðrum kosti lét hann ván, at Norð-
 menn mundu enn freista at keppask við Dani; ok [lét þess meiri ván,
 at Danir mundu mega minnask, at svá var gör sættin, at þeir beiddusk,
 en Norðmenn játtu; sagði ok þess vera ván, at Norðmenn mundu enn
 gefa af sinni hendi örinn storm Dönum, þó at Haraldr konungr væri
 fráfallinn³. Á þessu tali gerðisk sætt í annat sinn millum konunga⁴;
 festi⁵ þá Sveinn konungr Ingírði dóttur sína Ólafi konungi. Þar víkr
 Steinn svá málina í sinni drápu:

Lönd vill þengill þrœnda
 (þat líkar vel skötnum)
 öll við cerna snilli
 eggdjarsr í frið leggja.
 Hugnar þjóð þat, er þegna
 þrályndr til friðmála
 kúgar Engla øgir.
 (Ólafr borinn sólu).

Þessi friðr stendr⁶ langa æfi milli Norðmanna ok Dana. Hafði þá 218.
 Ólafr konungr kyrrsetu ok hæglifi, ok allir hans menn, meira en
 fyrr hafði verit í Noregi. Nú prýddisk mjök þetta land⁷ ok gerðisk
 rikt ok fólkit auðigt. Þá settisk sá staðr í Noregi, er einn er veg-
 samligastr, [ok vér köllum⁸ Niðarós; kaupstaðrinn í Björgvin gerðisk
 þar brátt mikill ok auðigra manna setr ok [mikil tilflutning⁹ af öðrum
 löndum; í þann tíma mikluðusk allir kaupstaðir, en sumir settusk at
 upphafi. Nú hófusk drykkjur ok skytningar í kaupstöðum, miklu meir 219.
 en fyrr hafði verit. Þá höfðu menn drambhosur hrokknar¹⁰ at beini,
 ok sumir spentu [gullringa um bein¹¹ sér. Þat var forneskjju siðr i
 Noregi ok í Danmörku ok svá í Svíaveldi, þar sem váru konungsþú
 ok veizlustofur, váru dyrr á [báðum endum¹² stofunnar, en konungs
 hásæti var á [miðjum langbekk þeim¹³, er vissi móti sólu, sat þar
 dróttning á vinstri hönd konungi, ok var þat þá kallat öndvegi, ok
 [sá sess vegligastr hvárntveggja veg út ifrá til karla ok kvenna, er
 næst var öndvegi, en sá úvegligastr, er næst var durum¹⁴. Hinn

¹⁾ með sér ²⁾ sem siðr var til konunga ³⁾ saal. B; sagði at Dönum mundi
 ekki þykja sem Haraldr væri alls kostar fráfallinn ^A ⁴⁾ þessu tali gerðu
 konungar sætt annat sinni ⁵⁾ fastnaði ⁶⁾ stóð ⁷⁾ ok efldisk tilf. ⁸⁾
 er fyrr var getit ⁹⁾ gerðisk mikill flutningr til ¹⁰⁾ lerkaðar ¹¹⁾ um
 gullringum um fótleggi ¹²⁾ á hvárumtveggja enda ¹³⁾ á miðjan lang-
 bekk þann ¹⁴⁾ hinn ágætasti sess út ifrá hvárumtveggja veg til kvenna ok
 karla, er næst var öndvegi, en hinn úvegligastr er næstr var dyrum.

göfgasti maðr ok sá er gamall var ok vitr var kallaðr konungs ráðgjafi — sem þá¹ var konungum titt at hafa² gamla spekinga til þess at vita [forn dœmi ok siðu³ foreldra sinna — en þessi maðr [sat á hinnum nörðra pall gagnvart⁴ konungi, ok hét þat hit úœðra öndvegi; váru [nú enn⁵ konur [til hœgri handar⁶ hánum, en á vinstri hönd⁷ karlar. Þá var titt höfðingjum at bera öl um eld ok drekka á öndvegismann sinn, en þat var í þann tíma mikil virðing at sitja fyrir konungs ádrykkju. Til þess at eigi sé þetta lygi, þá segir Arnórr jarlaskáld, hversu hann sat með þorsinni jarli:

Hét ek, þá er hvern vetr sáum
hrafns verðgjasa (jafnan
lið drakk gramr) á góðar⁸
gagnvert skipasagnir.

220. Ólafr konungr létt setja hápall í veizlustofum sinum, ok setti háseti sitt á miðjan þverpall; hann skipaði fyrir sér skutilsveinum sínum⁹ ok kertisveinum; létt hann ok halda kerti fyrir hverjum tignum manni, er sat at borði hans; létt ok skutilsveina [standa með jafnmögum borðkerum, sem tignir menn váru at borði hans¹⁰; ok hann létt ok gera stallarastóla, ok [setti þará stallara ok aðra spekinga¹¹. Ólafr konungr hafði með sér hundrað hirðmanna; en forn dœmi váru til þess ok lög, [at konungr skyldi hafa eigi meira en 60¹² hirðmanna. Hann hafði ok 60 gesta, en faðir hans hafði 30, ok enn 60 manna þeirra er eigi váru handgengnir ok í minna yfirlæti, ok flattu þeir þat, er konungr þurfti eða ármenn hans, ok fóru þeir kaupferðir ok váru skyldir í hans¹³ alt starf. Nú spurðu böndr konunginn, fyrir hverja sök hann [hefði meira lið en faðir hans, eða¹⁴ fyrr hafði verit? Þá svaraði hann á þá lund, at hann lézk vera því minni ráðamaðr en hans faðir, ok eigi fékk hann betr stilt eða stjórnat ríkinu með tvau hundruð manna, en Haraldr konungr með nítugu manna eða hundrað.
221. Nú sat konungr optliga¹⁵ austr á¹⁶ Ránriki á¹⁷ einu konungs-búi riku. Ólafr konungr gipti systur sína Ingigerði Ólafi Sveinssyni Danakonungs, er konungr var í Danmörku eptir Knút bróður sinn. Ólafr konungr gat sun með¹⁸ frillu sinni, Þóru [Árnadóttur lága¹⁹; sá hét Magnús, er kallaðr var berfœttr, en sumir kölluðu Styrgaldar-

¹⁾ i þat mund ²⁾ með sér tilf. ³⁾ forná siðu ok dœmi ⁴⁾ skyldi sitja á annan langpall gagnvert ⁵⁾ udel. ⁶⁾ á hœgri hönd ⁷⁾ sátu tilf. ⁸⁾ gegnar ⁹⁾ udel. ¹⁰⁾ saal. B; aðra jafnmarga standa fyrir borði sínu ok fyrir öðrum tignum mönnum með borðkerum A ¹¹⁾ sáu þará stallarar ok spekingar ¹²⁾ saal. B; þá skyldi konungr hafa sextugu A ¹³⁾ konungs ¹⁴⁾ hafði meiri hirð en ¹⁵⁾ löngum ¹⁶⁾ i ¹⁷⁾ at ¹⁸⁾ við ¹⁹⁾ dóttur Árna lága

magnús¹. Þat var látit, at hann var manna fríðastr sjónum ok manna hæstr, ok svá var faðir hans, ok mark nökkut var gört um hæð þeirra priggja langfeðra, Haralds konungs ok Ólafs konungs ok Magnúss konungs, á Maríukirkju norðr í kaupangi, þeirri er Haraldr konungr lét gera. Var við dyrrnar [sjálfar klappaðr á kross² einn þar, er Haraldi konungi var högt³ at kyssa á, annarr þar, er Ólafr konungr kysti á, [en hinn þriði var neztr, ok þó⁴ allra jafnlangt á meðal, þann átti Magnús konungr, hann var manna kurteisastr. Ólafr konungr tók banasótt á Vík austr, þar sem heitir Haukbær, ok var lík hans flutt norðr í Niðarós ok jarðat at Kristkirkju. Þá váru liðnir frá falli Haralds konungs föður hans 7 ok 20 vetr.

Eptir andlát Ólafs konungs þá var tekinn til konungs Magnús²²². sunr hans, en þreindir tóku til konungs Hákon sun Magnúss, er var fóstrsunr Steigarþoris, hann var allra manna vinsælastr við boendr. Hákon hafði farit til Bjarmalands, ok barðisk þar ok fékk sigr. Á sama ári er Magnús hafði tekit konungsnafn, herjaði hann á Dani um [Fjóni ok Seland⁵, ok brendi Viskardal ok tók þar mikit fé. En Hákon veitti réttarboetr á marga lund, ok héldu þeir því mest konungdómi undir hann.

Annan vetr ríkis þeirra frændanna Magnúsar ok Hákonar²²³. Þeir báðir um jól í kaupangi norðr, var Magnús í konungsgarði, en Hákon í Skúlagarði niðr⁶ frá Klemetskirkju, [ok héldu svá jólavist sína⁷. En þá⁸ tók Magnús at úróask, at hann hafði minna af landi en faðir hans hafði haft, ok [ætlaðisk hann⁹ til svika við Hákon, ok hélt allan vetrinn 7 skipum í opinni vöök í kaupangi. En um vár eptir¹⁰ kyndilmessu þá lagði hann á brott á náttarþeli með tjölduðum skipum ok ljós undir tjöldum, ok lagði til Hefringar, bjó þar um nöttina ok gerði¹¹ elda stóra á landi uppi. En þá hugði Hákon ok lið þat, er í bönum var, at þat væri gert til svika, ok lét blásá út liði, ok sótti allr kaupangslýðr¹² til, ok váru í samnaði um nöttina. En um morgininn eptir, er lýsti, ok hann sá [allsherjarhlaup á Eyrignum¹³, þá hélt hann út or firðinum, ok svá suðr i Gulaþingslög. Nú¹⁴ byrjar²²⁴ Hákon ferð sína í Vík austr¹⁵, ok hélt¹⁶ móti kaupangi áðr, ok sat á hestí sínum ok hét öllum mönnum vingan, ok svá bað hann, ok kvað sér vera skugga á vilja frænda síns. Nú hétu allir hánum vingan

¹⁾ áðr en létti tilf. ²⁾ á steinvegginum markaðr kross ³⁾ högst ⁴⁾ saal.

B; hinn þriði þar sem Magnús konungr kysti á, ok var A ⁵⁾ Fjöru ok

Sjóland ⁶⁾ ofan ⁷⁾ udel. ⁸⁾ því næst ⁹⁾ ætlaði ¹⁰⁾ nær ¹¹⁾ lét

gera ¹²⁾ þorðarlýðr ¹³⁾ mikit lið á Eyrum ¹⁴⁾ því næst ¹⁵⁾ hit

efra tilf. ¹⁶⁾ átti

ok góðvilja ok fylgð, [ef hann¹ þyrfti, ok fylgði hánum lýðr allr út undir Steinbjörg. En hann fór² þá til fjalls upp, ok fór dag nökkrum eptir rjúpu einni ok fékk bráða sótt ok andaðisk þar á fjallinu, ok kómu aprí [tíðendi á hálfsmánaðar fresti til kaupangs³, at menn skyldu ganga í móti líkinu⁴, ok gékk lýðr allr á móti ok [flestr allr⁵ grátandi, fyrir því at allir menn unnu hánum hugástum. En lik hans var niðrsett í Kristkirkju.

225. En eptir frásfall Hákonar þá [vill Þórir⁶ eigi vikja skapi sínu til Magnúss, er þá tók við ríki, ok reisti upp mann þann er Sveinn hét, hann var sunr Haralds flettis. At þessu ráði hurfu⁷ með þóri Egill Áskelssunr ok Skjálgr á Jaðri. Svá segir þorkell hamarskáld:

Vitt dró sínar sveitir
samан stórhugaðr Þórir
(heldr váru þau hauldum
haglig ráð) með Agli.
Snörp frá ek á því, er urpu,
enndr Skjálgs vinum, lendir
menn við morðvals brynni,
mein, um afl sér steini.

Þeir esldusk á⁸ upplöndum ok kómu niðr í Raumsdali ok á Sunnmöri,
226. ok öfluðu sér þar skipa ok héldu norðr í Þrándheim. Nú er þessi
tíðendi spurði Sigurðr ullstrengr ok aðrir konungs vinir, þá sömnuðu
þeir með örvarskurð öllu liði, því er þeir máttu fá, ok stefndu til Viggjar.
Sveinn ok Þórir [stefndu ok þangat⁹ ok náðu uppgöngu ok urðu
efri, ok veittu mikit mannspjall¹⁰. En þeir fluttusk til kaupangs, ok
Sigurðr flýði á fund konungs. En Þórir ok Sveinn hvörfuðu [aprí ok
fram¹¹ í firðinum, ok þá er þeir váru búrir á braut at leggja, ok
höfðu þá lagt skipum sínum í Hefring, þá kom konungrinn¹² í fjörðinn,
ok lögðu þeir Þórir þá skipum sínum yfir á Vagnvíkar, ok koma þá niðr
í dal þeim, er heitir Þexdalr í Seljuhversi, ok var Þórir borinn í börum
yfir fjallit, ok sömnuðu þeir sér síðan skipum ok fluttusk á Hálogaland.
En konungrinn fór eptir þeim ok sá [flokkinn annan veg á
firðinum¹³ þeim er Harmr heitir. Nú lagði Þórir skipum sinum til
Esjutúna ok hugðisk hafa fengit meginland, en þat var þá eyland.
Þar var Þórir handtekinn ok mart annarra manna ok Egill í hólma
þeim er Vambarhólmr heitir, ok vildi hann eigi flýja frá Ingibjörgu
konu sinni Ögmundardóttur, systur Skopta. Þá er Þórir var hand-

¹⁾ saal. B; en A ²⁾ fluttisk ³⁾ á hálfsmánaðar fresti menn hans til kaupangs með þeim tíðendum ⁴⁾ líki Hákonar konungs ⁵⁾ flestir allir ⁶⁾ mætti Steigarþórir ⁷⁾ váru ⁸⁾ af ⁹⁾ héldu ok þingat sínu liði ¹⁰⁾ mannspell ¹¹⁾ þar ¹²⁾ utan tilf. ¹³⁾ hvar flokkr för á firði

tekinn, mælti Sigurðr ullstrengr¹: „Ertu heill, Steigarþórir?“ „Heill at höndum,“ svaraði hann, „en hrumr at fótum.“ [En nú sá þórir, at lið 227. hans var alt á brottu, en hánum reist gálgré, ok með því hánum ætlaðr bani², þá mælti hann, ok glotti við:

Várum félagar fjórir
[førðum, einn³ við stýri.

Mörg hermdarorð⁴ mæltu menn við þóri, þeir er hann hafði skaða unnit, fyrir sumum bú höggvit eða rænta eða [brenda böi⁵ fyrir, eða drepit frændr þeirra eða vini. Svá segja menn, at Viðkunnr Jónssunr mælti, þá er þórir var leiddr til gálga, ok hann veik af götunni, af því at hann var fótstirðr: „Meir á stjórn, þórir, nú meir á bakborða!“ Þetta mælti hann fyrir því, at þórir hafði brent [í Bjarkey gott skip hans⁶, ok þá er snekkjan logaði, þá mælti þórir: „Halt meir á stjórn, Viðkunnr, nú meir á bakborða!“ Viðkunnr hafði undan flýit ok svá Jón faðir hans. Svá sem hér segir:

Breðr í Bjarkey⁷ miðri
ból þat er ek veit góligst,
[téra þarf⁸ af þóri
(þýtr vandarból) standa.
Jón man eigi frýja
elds né ráns, er kveldar,
svíðr bjartr logi breiðan
bý, leggr reyk til skýja.

Þá er þórir var leiddr [undir gálgann⁹, mælti hann: „Ill eru ill ráð,“ sagði hann. Ok þá er upp reið gálgréit, þá var þórir svá þungr, at sundr slitnaði hálsinn¹⁰. Ok því næst var Egill leiddr til gálgans, ok konungs þrælar skyldu hengja hann, ok þá mælti Egill: „Eigi munu þér fyrir því hengja mik, at eigi væri hverr yðarr makligri til en ek.“ Svá segir skáldit:

Orð frá ek Agli verða
-unnar dags- á munni
-sól- við siklings þræla
satt einarðar latta;
hvern þeirra kvað hærra
-hjaldrbliks- en sik miklu
-beið ofsmikit eyðir
angr- makligri at hanga.

Magnús konungr sat í hjá, er þeir váru hengðir, ok var reiðr mjök, 228.

¹⁾ til hans *tilf*. ²⁾ þá váru reist gálgréit, ok sá þórir at alt lið hans var þá á braut flýit, en hánum myndi bani ætlaðr ³⁾ færðum einn ⁴⁾ hefndar mál ⁵⁾ brent ⁶⁾ bœ hans í Berkreyju ok skip gott, er hann átti ⁷⁾ Berkrey ⁸⁾ erat þat þarf af ⁹⁾ til gálga ¹¹⁾ háls hans

svá at þeir þorðu eigi at biðja þóri eða Agli lífs, ok þótti allilla, er engi hans maðr var svá djarfr; ok þá er Egill sparn gálgann, mælti konungrinn: „Illa koma þér góðir fraendr [at haldi¹.“ Ok i því sýndisk, at hann vildi vera beðinn, at Egill [hefði lifat². En Sveinn hélt í haf út ok til Danmarkar á hald Nikuláss konungs, ok var hann þar til þess er hann kom³ í sætt við Eystein konung, sun Magnúss, ok gerðisk skutilsveinn Eysteins konungs, ok var hann konungi mjök kærr síðan. Siðan réð Magnús konungr einn ríkinu til dauðadags, ok gerðisk hann maðr ríkr ok refsingasamr hvártveggja innanlands ok þó mest utanlands.

229. Nökkurum vetrum siðar bjó Magnús konungr ferð sína or landi, ok hafði með sér marga lenda menn ok lið mikit, ok fór vestr um haf ok fyrst í Orkneyjar, ok tók þar jarlana Magnús ok Erling⁴ sunu Erlends jarls, ok hafði þá með sér, ok fór þaðan liðinu til Suðreyja, kom at Ljóðhúsum ok herjaði þar, ok tók eyna ok alt vald ysir⁵, fór þaðan á Skið ok tók strandhögg ok fé mikit, hafði alt af því landi þat [hann beiddisk⁶ til. Þaðan fór hann um [úteyjar Tyrvist ok Ívist⁷, áðr en hann kom í eyna helgu. Gékk hann þar upp í eyna í kaupstaðinn ok gaf þar frið hvers manns eign. Þat segja menn, at hann léti⁸ upplúka Kolumkilla kirkju litlu⁹, ok þat mælti konungrinn, at engi skyldi svá djarfr vera, at inn skyldi ganga í kirkjuna; ok svá gerðu þeir. Var svá læst sú kirkja, at hennar hurð kom aldri upp síðan. Þá lagðisk hann með [her simn¹⁰ utan á milli¹¹ heraðanna ok brendi víða. En er Magnús konungr hafði unnit allar Norðreyjar, lagði¹² hann öllu liðinu út i Íl, brendi þar mikit ok eyddi, áðr en hánum væri þar gefit vald ysir. Lögmaðr, sunr Guðröðar konungs, er áðr hélt Norðreyjum, flyði ok undan suðr ok út til hafs ok fékk enga viðrstöðu, [áðr en Magnús konungr tók¹³ hann með skipsókn sína. Eptir þetta hélt hann flotanum suðr fyrir Satíri ok herjaði á bæði lönd¹⁴ upp á Skotland ok út á Írland, vann þar mörg stórverk í hvártveggja ríkinu. Þá sigldi hann suðr til Manar, tók hana ok eignaðisk allar þær eyjar er þar váru. Eptir þetta hélt hann suðr liðinu [undir Bretland¹⁵, ok lagðisk í Öngulseyjarsund, herjar þar á bæði lönd, upp á Bretland ok út á Öngulsey. Þar kom at hánum herr mikill [ok jarlar tveir, er fyrir váru herinum, Hugi digri ok Hugi prúði¹⁶. [Varð
- 230.
- 231.

¹⁾ i hald ²⁾ þægi líf ³⁾ komsk ⁴⁾ Erlend ⁵⁾ henni tilf. ⁶⁾ er hann kallaði ⁷⁾ saal. B; eyjarnar Tyrvist ok Vist A ⁸⁾ léti ⁹⁾ ok gékk inn tilf. ¹⁰⁾ herinum ¹¹⁾ meðal ¹²⁾ hélt ¹³⁾ ok áðr en hann létti tók Magnús konungr ¹⁴⁾ borð ¹⁵⁾ til Bretlands ¹⁶⁾ en jarlar tveir stýrdu liðinu, hétt annarr Hugi digri, en annarr Hugi prúði.

þar hörð orrosta ok läng, ok sleit með því, er frægt er orðit, at Hugi prúði¹ var skotinn öru í augat, svá at út kom at hnakknum, ok hefir þat heitit² happaskot, þeim er skaut, fyrir þá sök at ekki var annat bert á hánum, ok kenna þetta skot flestir menn Magnúsi konungi. Maðr háleyskr stóð nær konunginum, ok skutu þeir báðir senn, ok hefir annarrhvárr þeirra átt örina³, en þó vísar Hamarskáld til, at konungrinn átti, sem hér segir:

Dundi broddr á brynu,
bragningr skaut af magni,
sveigði allvaldr Egða
álm, stökk blóð á hjálma;
strengs fló⁴ hagl í hringa,
hné ferð, en lét verða
Hörða gramm í harðri
hjarlssókn⁵ banat jarli.

Önnur örín kom í nefbjörgina⁶, ok festi þar. Fyrir þá sök deilask menn [um nökkut, hvárr þeirra hyára átti örina; en þeir stóðusk svá nær, at⁷ hvárt skotit fylgði öðru. Eptir fall Huga prúða flýði Hugi digri ok allir Bretar. Eptir þessa orrostu eignaðisk Magnús konungr 232. Öngulsey, er kölluð er Þriðjungr rikis af⁸ Bretlandi. Vendi hann aprí hit syðra ok hit eystra. Kom þá boð frá Skotakonungi til sættar, at hann skyldi eigi herja á ríki hans, ok vildi Skotakonungr gefa⁹ hánum allar þær eyjar fyrir Skotlandi, er hann [féngi farit með¹⁰ stjórnföstu skipi milli [meginlandsins ok eyjanna¹¹. Nú setti Magnús konungr sína menn yfir landit, ok skattaði ríki¹² undir sik. Ok þá er hann veik aprí sunnan, lagði hann þá til Satíriseiðs, ok lét draga þar yfir¹³ skútu, en hann settisk sjálfr [í lyptingina¹⁴. En þegar er dregit var skipit til nörðra sævar, þá kallaði hann sér [landit alt¹⁵: lézk þá hafa farit með stjórnföstu skipi [milli þess ok¹⁶ Skotlands. Nú lét hann halda flotanum fyrir utan Satírmúla, ok eignaðisk svá Satíri, ok er þat mikit land; en eið er svá mjótt fyrir ofan, at þar draga menn skip sín. [En ekki ríki þykkir nú betra í Suðreyjum en Satíri¹⁷. Nú eptir 233. þetta fór Magnús konungr norðr um eyjar, ok vendir hit innra með Skotlandi, ok eignaðisk allar úteyar. Fóru hans menn í hvern fjörðinn¹⁸, ok allar þær eyjar, er í fjörðum lágu, lögðu þeir undir Magnús

¹⁾ saal. B; hann A ²⁾ verit kallat ³⁾ skotit ⁴⁾ flaug ⁵⁾ hjörssókn

⁶⁾ nefbjörg hjálms hans ⁷⁾ nökkut at, hvárrí konungrinn skaut, er þeir stóðusk nær, ok ⁸⁾ á ⁹⁾ miðla ¹⁰⁾ mátti fara ¹¹⁾ ok meginlands

¹²⁾ þessi tilf. ¹³⁾ upp ¹⁴⁾ við stýri í lypting ¹⁵⁾ alt Satíri ¹⁶⁾

milli ok ¹⁷⁾ Satíri þykkir betra ríki en hin bezta ey í Suðreyjum ¹⁸⁾

saal, B; pollinn A

- konung, svá at þeir fóru milli meginlands ok eyjanna, hvárt at þær
 234. váru bygðar eða eigi. Dvaldisk hann um vetrinn í Suðrey. Annat sumar eptir fór hann til Noregs aprí, lét þar eptir í Orkneyjum Erling¹, sun Erlends jarls; en Magnús bróðir hans hafði hlaupit frá konunginum sumarit fyrra ok til Skotakonungs. Þá er Magnús konungr var í Orkneyjum, þá sendi Melkólfr² Skotakonungr dóttur sína út til Orkneyja; hana gipti Magnús konungr Sigurði syni sínum, ok var hann þá 9 vетra gamall, en hon, mærin, 5 vетra gömul. Þá setti Magnús konungr Sigurð höfðingja yfir allar eyjar, bæði Suðreyjar ok Orkneyjar, ok gaf hánum konungs nafn, ok fékk hann í hönd Hákoní Pálssyni frænda sínum ok Erlingi með ráði³ Skotakonungs. Var með því ráði bundin sætt⁴ millum Magnúss konungs ok Skotakonungs. Melkólfr var faðir Davíðar⁵, er síðan var konungr á Skotlandi.
235. Þá fór Magnús konungr austr í Noreg, ok var um vetrinn eptir í Vik austr, ok hafði fjölmenni mikit; ok bjósk þá at riða upp á Gautland vestra ok leggja undir sik, ok hafði mikit herjat af, ok géngu mjök Vestrgautar undir hann alt um hina nörðri bygð. Ok áðr en hann riði austr um vatn til meginbygðanna⁶, þá leitaði hann ráðs við vini sína, ok leizk mönnum, sem þeir hefði oflítit⁷ lið at fara til meginlandsins. Setti hann þar til landsgæzlu þess, er hann hafði unnit af Svíakonungi, sumt lið sitt; var þar fyrir höfðingi Finnur Skoptasunr ok Sigurðr ullstrengr, ok gérdu þeir sér jarðborg, [er konungr fór í Noreg⁸.
236. Nú spurðu Norðmenn, at Ingi konungr mundi draga lið saman ok ætlaðisk at riða at þeim; en þeim þótti þat háðuligt⁹, fyrir því at þeir höfðu vel viðbúizk, ok hræddusk ekki Gautaher. Ok þá [dvaldisk ferð konungsins, ok þá¹⁰ kváðu þeir þetta.
- Allengi dvelr Ingi
ofanreið hinn stjólbreiði¹¹.
- Litlu síðar reið Ingi konungr ofan með her úvigan at Norðmönnum, ok [urðu Norðmenn eigi fyrr varir við, en engi var annarr kostr en gefask¹² í vald Inga konungs; en hann gaf þeim líf sitt¹³ ok vápn ok klæði ok hesta, en fé alt tók hann upp, þat er þeir höfðu fengit; ok fóru þeir svá búit¹⁴ norðr til¹⁵ Magnúss konungs.
237. Annat sinn fór Magnús konungr austr í¹⁶ Gautland, ok hafði mikit lið með sér ok herjaði viða ok brendi; en nú kom í móti hánum

¹⁾ Erlend ²⁾ Melkólmr ³⁾ styrk ⁴⁾ ok vinátta tilf. ⁵⁾ Davíðs ⁶⁾ meginbygðar ⁷⁾ of fátt ⁸⁾ áðr en Magnús konungr færði til Noregs ⁹⁾ hæðuligt ¹⁰⁾ er dvaldisk ferð konungsins, ¹¹⁾ þjóbreiði ¹²⁾ við þat er engi váru efni annars, gáfu þeir sik upp ¹³⁾ udel. ¹⁴⁾ udel. ¹⁵⁾ á fund ¹⁶⁾ á

herr Gauta [austr á¹] Foxerni². Fór þar þá aprtr³ konungr með liði sínú, ok hafði gert mikinn skaða á Gautlandi bæði í ránum or manndrápum ok landsbruna. Hann hafði ok látit mart manna áðr en létti. En eptir þetta fóru orðsendigar af Danakonungi ok Svíakonungi til Magnúss konungs, at þeir vildu leggja frið milli landanna, ok báðu at hann skyldi eigi ágírnask þeirra ríki. — En eptir þetta settisk konung- 238. astefna við landamærit í Elfinni; kom þá norðan Magnús konungr, en sunnan Eiríkr konungr Sveinssunr, ok ofan⁴ Ingi konungr Steinkels- sunr⁵. En þat var sagt, at með svá miklum stórmælum ok úfriði, sem þessir þrír konungar höfðu, þá snérisk á litilli stundu svá, at þessir höfðingjar géngu allir [á eitt tal, ok áttu svá langa stefnu sem kölluð er hálf bordahrið⁶, áðr en þeir váru allir sáttir ok ríkin í friði. Skyldi þá hverr hafa sína frændleifð úskerða, ok bæta hverr við annan, þat sem brotit hafði, ok svá við landsmenn, en þeir jafnask við sjálfr konungarnir. Eptir þetta þá er þessir þrír konungar stóðu allir saman á einum velli, þá mæltu liðsmenn þeirra, at eigi mundi fásk aðrir þrír vaskligri⁷. Var Ingi konungr elztr þeirra, ok var hann mestr [at hæð ok svá at⁸ digrleik, en Eiríkr konungr hafði fegrsta ásjón allra þeirra. Magnús konungr var allra þeirra hermannligastr ok harðligastr, ok váru þó allir þessir vaskligir ok miklir. Þá festi [Magnús konungr Margretu dóttur Inga konungs,⁹ ok fylgðu henni¹⁰ jarðir þær ok heruð, er þeir höfðu deilt um; var hon þá kölluð Margreta friðkolla. Var þessi sátt gör eptir því sem fyrr var¹¹ milli Ólafs konungs ok Svíakonungs.

Þá er Magnús konungr hafði ráðit Noregi 9 vetr, byrjaði hann 239. ferð sína í annat sinn vestr um haf með miklum her ok fríðu liði, þvíat þá fylgðu hánum or Noregi allir hinir ríkustu menn, er [váru í¹² landinu, Sigurðr Hranasunr, [Viðkunmr Jóanssunr¹³. Dagr Eilifssunr, Serkr or Sogni, Eyvindr albogi stallari hans, ok margir aðrir ríkismenn. Þessu liði fór hann vestr til Orkneyja, ok hafði¹⁴ með sér Erling sun Erlends jarls ok nökkut lið með hánum, ok sigldi þá¹⁵ til Suðreyja ok þaðan til Írlands út ok herjaði þar¹⁶, ok átti marga ok stóra bardaga ok hafði jafnan sigr, sigldi suðr [i Dýflin¹⁷ ok vann hana um haustit, ok setti þaryfir menn sína til gæzlu, en konungrinn sjálfr

¹⁾ austan af ²⁾ rett. for Oxenni ³⁾ Magnús tilf. ⁴⁾ af Gautlandi tilf.

⁵⁾ Steinfinnssunr ⁶⁾ á tal ok á einmæli, ok eigi á svá langri stundu sem hálf matmálsstund (váru þeir á tali) ⁷⁾ sjónum tilf. ⁸⁾ bæði á hæð ok á

⁹⁾ Ingi konungr Magnúsi konungi dóttur sína Margaretu ¹⁰⁾ heiman tilf.

¹¹⁾ gör tilf. ¹²⁾ í váru ¹³⁾ mgl. i A ¹⁴⁾ þaðan tilf. ¹⁵⁾ síðan

¹⁶⁾ lagðisk þá við Írland ok herjaði ¹⁷⁾ til Dýflinnar

fór upp á Kunnaktir, ok var þar lengi um vetrinn með Myrkjartag konungi, ok hafði Magnús konungr þar frið. Fór hann viða um Úlfastir ok herjaði þar, ok hafði þá unnit [mikinn hluta landsins ok gislat sér¹.

240. Nú bjósk Magnús konungr um sumarit at fara aptr til Noregs, ok setti gísla sína í Dýflinni ok gæzlumenn. En hann herjaði viða á ² Úlfastiri, ok ætlaði þá at sigla norðr til eyja. Magnús konungr þóttisk þurfa strandhöggva³ áðr en hann sigldi⁴, ok skyldi konungr af Kunnöktum senda hánum⁵, ok seinkaðisk [nú sú koma mjök, ok nú⁶ gerði hann menn síma eptir, ok urðu þeir enn seinni en hann [vænti þeirra⁷. Nú gékk Magnús konungr upp með mestum hluta liðs síns á land, ok vildi leita eptir mönnum sínum ok strandhöggi. Ok er konungr sá⁸ sína menn, ok þat at þeir foerðu hánum strandhögg, þá snéri hann aptr liði sinu, ok fóru þeir um kjörr nökkur, ok þar váru stórar myrar ok fen djúp, ok váru yfir klappir. En þar hafði samnazk fyrir hann Íraherr, ok var kominn nær þeim, [ok þó milli skipanna ok þeirra⁹; ok [var þar¹⁰ bardagi mikill ok harðr, ok drósk þá írum lið, þó at sumt væri drepit, ok¹¹ hálfu meira var þá en [fyrr at¹² öndverðu, ok snéri þá mannfallinu á hendr Norðmönnum, ok sumir flyðu. Magnús konungr vildi eigi flýja ok hélt sveit sinni¹³, ok hugði at Upplendin gar, er fyrstir fóru yfir fenit, skyldu skjóta af bogum sinum; en þeir köstuðu heldr skjöldum á bak sér ok runnu til skipa. [En er liðit flýði frá Magnúsi konungi, kvað hann þessa visu:

Hvat þarf heimför kvitta?
hugr er minn í Dýflinni,
en til kaupangs kvenna
kem ek eigi austr í hausti;
uni ek því, at eigi synjar
ingjan gamanþinga,
ærskan veldr því er írskum
ann ek betr en mér svanna¹⁴.

Þá kallaði Magnús konungr á Þorgrím húfu ok mælti: „Úvitr maðr var ek þann dag, er ek gerða útlagan Sigurð hund, ok þat var þó miklu úvitrligra er ek gerða þik lendan mann, fyrir því at údrengiliga skilsk þú við mik, ok er þat sem ván er at, [en aldri fœri Sigurðr svá¹⁵“. Eptir þetta flýðu allir [þeir er aptar stóðu ok hinir er yfir

¹⁾ saal. B; þann hlut landsins ok gísla sett A ²⁾ um ³⁾ strandhögg ⁴⁾ norðr tilf. ⁵⁾ ok beið hann um hríð tilf. ⁶⁾ ok kom eigi, þá ⁷⁾ varði ⁸⁾ fann ⁹⁾ milli ok skipanna ¹⁰⁾ varð þá ¹¹⁾ at ¹²⁾ fyrir ¹³⁾ ok skjaldborg fyrir merki sínu tilf. ¹⁴⁾ fra [udel. B ¹⁵⁾ ok eigi myndi Sigurðr hundr svá við mik skiljask.

fenit váru komnir¹, en konungrinn sjálfur stóð í öndverðri fylking² ok barðisk, ok hugði at æ mundi hlýða, fyrir því at langa hríð [sem búfé hjoggu þeir Íra³. En æ þar sem einn var höggyinn, þá kómu æ tveir í staðinn af landi ofan. Ok þá er þyntisk um merkit fékk konungrinn lag af spjóti í gegnum báða fótleggina, ok braut hann þá svá í sundr spjótskaptit, at hann tók [hendinni niðr til⁴ millum fótanna ok þrýsti, ok mælti svá: „Brjótum vér⁵ sperrileggina.“ Ok kallaði þá á lið sitt ok bað þá berjask vel, ok sagði sik ekki munu til saka. Magnús konungr var auðkendr; hann hafði hjálm gullroðinn ok skrifat á ljón af gulli, ok sverð hans var kallat Leggbítur, ok váru á tannhjölt ok meðalkaflinn gulli vafðr, ok allra sverða bitrast; hann hafði silkitreyju ermalausa, rauða, yfir skyrtunni, ok var þat mál allra manna, at [engi kvezk hafa sét uruggligra mann með⁶ jafnmögum vápnum eða vaskligra⁷. Þá fékk hann högg með⁸ spörðu írskri á háls við herðarnar, var þat hans banahögg⁹, ok féll þar Magnús konungr. En Viðkunnr Jónssunr hjó þann mann í tvá hluti sundr, tók hann þá Leggbít, sverð Magnúss konungs, en skjöldr hans var þá únýtr. Eptir þetta flýðu allir þeir, sem eptir váru; svá segir Viðkunnr Jónssunr¹⁰, at þá er þeir flýðu¹¹ Sigurðr Hranasunr ok hann, at fáir mundu þar frá tiðendum segja þeirra¹², er þá váru eptir. Þar féll ok Erlingr sunr Erlends jarls ok mart stórmenni ok mikil lið annat, en þeir er til skipa kómu héldu frá landi, vendu svá norðr til eyja á fund Sigurðar konungs¹³, ok höfðu hann um haustit austr með sér til Noregs.

En þá váru teknir til konunga eptir Magnús konung í Noregi 241. þrír synir hans, Sigurðr ok Eysteinn ok Ólafr. Sigurðr létt eptir fyrir vestan haf dóttur Skotakonungs, ok vildi eigi eiga hana. Sigurðr hafði himm eystra hlut lands, en Eysteinn hinn nörðra, en báðir varðveittu þeir Ólafs konungs hlut¹⁴, þvíat hann var [eigi-eldri en¹⁵ þrevetr, þá er hann var til konungs tekinn, en Sigurðr konungr var þa 14 vetrar, en Eysteinn konungr var 16 vetrar. Móðir Ólafs konungs var Sigríðr dóttir Saxa i Vik.

Um Jórsala-Sigurð ok um hans frægð.

Þá er þessir þrír konungar höfðu stýrt landinu¹⁶ þrjá vetr, þá 242. hafði Sigurðr konungr búit ferð sína or landi með miklum kostnaði.

1) *saal.* B; þeir sem aptast stóðu yfir senit A 2) fylkingu 3) hjoggu Norðmenn Íra sem bú 4) hendi sinni til niðr 5) alla tilf. 6) eigi hefði sét vígligra mann við 7) tiguligra 8) af 9) banasár 10) sjálfur tilf. 11) runnu 12) þeir 13) sunar Magnúss konungs tilf. 14) bróður sínus tilf. 15) mgl. i B 16) ríkinu

Hánum fylgðu margir lendir menn ok margir ríkir böndr, hann hafði alls 60 skipa, ok urðu ekki [mjök snembúnir¹] um summarit. Sigldi Sigurðr konungr um haustit út af Noregi ok vestr til Englands, ok kom þar um haustit með öllu liði sinu. Heinrekr Englakonungr, sunr Vilhjálms bastarðs, fagnaði hánum vel, dvaldisk Sigurðr konungr þar um vetrinn í Englandi. En um várit eptir byrjaði [Sigurðr konungr²] ferð sína til Vallands, ok fór hann þat summar alla leið vestr, til þess er hann kom á Jakobs land; þar dvaldisk hann annan vetr. Þá varð hann úsátt við jarl nökkurn, ok fór svá þeirra viðrskipti, at jarlinn rauf þá sætt, er þeir höfðu sín á milli gört um haustit. En Sigurðr konungr drap marga menn fyrir jarlinum, ok jarlinn kom sk nauðuliga undan. Þar tók konungrinn mikit fé, sumt með ráni³, en sumt með útlausn þeirra manna, er hann hafði áðr tekit [með valdi⁴].

243. At næsta vári eptir byrjaði Sigurðr konungr ferð sína vestr til Spanialands, ok þá er hann kom til borgar þeirrar, er Lizibon heitir, lagði hann þar til her sinum ok átti þar hina fyrstu orrostu, ok vann hann borgina ok fékk þar [allmikinn] sigr ok fé⁵. Þaðan fór Sigurðr konungr út á Spán⁶ heiðna, þar gékk hann á land upp með liði sinu, ok átti þar aðra orrostu ok hafði sigr. Svá barsk at litlu síðar, at einn dag kom í móti Sigurði konungi ok liði hans vikinga galeiðr⁷ margar, ok lögðu at þeim ok börðusk við þá. Varð þar mikit mannfall, ok náliga alt af heiðnum mönnum. Þar tók Sigurðr konungr átta galeiðr⁷ ok drap af hvert mansbarn. Fjórðu orrostu átti Sigurðr konungr við kastala nökkurn, þann⁸ sem heitir Alkassi; hann vann⁹ þann kastala ok fékk mikit fé. Nú er Sigurðr konungr sigldi igeignum Njörvasund, þá kom í móti hánum herr heiðinna manna, ok átti hann hér hina fimtu orrostu, ok hafði sigr. Nökkurri hrið síðar kom Sigurðr konungr þar sem heitir Formiterra, þar funnu þeir helli einn í bergi nökkuru, ok sat þar mikit fólk, bæði Blámenn ok Serkir; þat var vígi mikit, fyrir því at þat var bæði hátt ok bratt til at ganga, en steinmúrr stóð yfir þveran hellinn. Þeir skutusk á um hrið, þá sá konungrinn at þeir mundu ekki sýsla at svá búnu; þá lét konungrinn taka skip nökkur, er barkar heita, ok lét drengja með stórum köðlum ok sterkum um hvárntveggja stafninn; síðan lét hann draga skipin upp á berget yfir hellisdyrrnar, ok géngu menn í skipin með vápnum sínum ok báru grjót í, en síðan létu þeir ofan síga skipin fyrir berget; en þeir er í váru skipunum, báru ofan á heiðna menn bæði vápn ok grjót, ok hrukku heiðingjar af

¹⁾ seinbúnir ²⁾ hann ³⁾ ránsangi ⁴⁾ í orrostu ⁵⁾ mikit fé ⁶⁾ hit tilf.

⁷⁾ galeiðir ⁸⁾ þar ⁹⁾ Her begynder den 6te Lacune i B.

steinveggjunum. Þá gékk Sigurðr konungr neðan í hellinn, ok kómuskr upp á steinmúrin. Svá segir Halldórr skvaldri:

Böðstyrkir lét barka
 (bragnings verk á Serkjum
 fræg hafa gerzk) fyr gýgjar
 gagnstíg ofan síga,
 þar er í hall at helli
 hernenninn fjölmennum
 Göndlar þings með gengi
 gnýþrótr¹ neðan sótti.

Heiðingjar sóttu þá innar í hellinn á þat vígi, er þar höfðu þeir gört sér, en Sigurðr konungr lét flytja upp í hellinn viðu stóra, ok gerðu mikit bál, ok slógu í eldi; varð þá sá eldr svá mikill, at alt heiðinna manna þá brann, nema þat er upp gékk á vápn kristinna manna. Þetta hefir verit kallat eitt hit mesta fremdarverk.

Nú fór Sigurðr konungr suðr til Sikileyjar, ok var þar þá höfðingi 244. yfir Rogeirr jarl; þar dvaldisk Sigurðr konungr um vetrinn með jarlinnum, ok hinn áttanda dag jóla þá leiddi Sigurðr konungr Rogeirr jarl til hásætis með sér ok gaf hánum konungs nafn. Rogeirr konungr hélt síðan lengi konungdómi ok œxlaði mjök sitt ríki í marga staði; hann var kallaðr Rogeirr ríki. Hans sunr var Vilhjálmr konungr í Sikiley. Dætr Vilhjálms konungs váru 3; fékk einnar Henrekr keisari, aðra dóttur Vilhjálms konungs átti jarlinn af Kipr², hina þriðju dóttur hans átti Margariz kussari³.

Sigurðr konungr fór síðan út yfir haf ok hélt skipum sínum til 245. Akrsborgar, fór þaðan landvegis út til Jórsalaborgar, fann þar Baldvina, er þá var konungr yfir Jórsalandi; var þar Sigurðr konungr í góðum fagnaði, ok sjálfir Baldvini konungr fylgði hánum út til árinnar Jórdánar ok aptr til Jórsalaborgar. Gaf Baldvini konungr með ráði Patriarkans af krossinum helga nökkurn hlut ok marga aðra helga dóma. Á þeirri sömu tíð fór Baldvini konungr með her sinn til borgar þeirrar á Sýrlandi er Sætt heitir. Sigurðr konungr fór ok með konunginum til þeirrar sömu borgar með her sinn, ok í þeirri ferð unnu þeir borgina Baldvini konungr ok Sigurðr konungr. En þegar gaf Sigurðr konungr Baldvina konungi borgina, ok setti til varðveislu yfir borgina kristna menn. Svá segir Halldórr skvaldri:

Borg heiðna vant, braðir
 benja tíkr! af ríki,
 (háðisk hver við prýði
 hildr) en gaſt af mildi.

¹⁾ rettet for gnýdrött ²⁾ rettet for Kapr ³⁾ rettet for keisari

*Um andlát Sigurðar konungs ok Þeirra bræðra, ok um skirsl
Haralda gilla.*

249. Á þrettanda ári rikis þeirra bræðra Sigurðar konungs ok Eysteins konungs tók sótt Ólafr konungr bróðir þeirra ok andaðisk, var lík hans jarðat í Niðarosi at Kristkirkju. En 7 vetrum síðar fékk Eysteinn konungr sótt ok andaðisk suðr á Stimi á Hústöðum³, var síðan lík hans ført norðr í Niðarós ok jarðat at Kristkirkju; hans dauða harmaði hvern maðr í Noregi. En síðan réð Sigurðr konungr einn landinu.

250. Fám vetrum þar eptir andlát Eysteins konungs kom vestan af Írlandi sá maðr, er kallaðr var Haraldr, ok lézk vera sun Magnúss

1) Her var en Lacune af 2 Blade i A. 2) Her begynder atter B, som ud-
sylder den sidste Del af Lacunen i A 3) saal. Sn.; Fastödum B

berföts; hann hafði verit kallaðr á Írlandi Gillikrist. Ok þá er Haraldr kom til Sigurðar konungs, bar hann sitt mál fyrir hann ok beiddisk at gera skírslur til faðernis sér. En Sigurðr konungr bar þetta mál fyrir vini sína, ok var lengi áðr um ráðit en lofat væri, at Haraldr skyldi troða skrár ok sanna svá faðerni sitt. En þá váru 7 plögjárn glóandi ok þar gékk Haraldr eptir berum fótum, ok tveir biskupar leiddu hann, ok hefir þessi skírsl frekust verit ger i Noregi. Haraldr varð vel skírr, ok sýndi þá Sigurði konungi heila fœtr sína ok öllum þeim, sem við váru staddir. Sigurðr konungr tók þá vel Haralds frændsemi, ok hafði hann með sér innan hirðar, ok létt vel yfir hánum. En [Magnúsi syni¹] Sigurðar konungs var þungt til Haralds, ok margin aðrir viku eptir Magnúsi um þat sama mál. Magnús sunr Sigurðar konungs fékk Kristínar, dóttur Knúts lávarðar ok Ingibjargar dóttur Haralds konungs, systur Málfríðar dróttningar, er Sigurðr konungr faðir hans átti.

Þá er Sigurðr konungr var staddr í Vik austr fékk hann sótt 251. ok andaðisk, ok hafði þó lengi áðr haft mikil vanheilendi. Var lik Sigurðar konungs flutt til Oslóar ok hvílir hann í Hallvarðs kirkju í steinvegginum syðra megin fyrir utan kórinn. Þá hafði Sigurðr konungr ráðit Noregi 7 vetr ok 20 síðan Magnús konungr berfœtr faðir hans féll ifrá.

Um úsætti þeirra frænda Magnúss konungs ok Haralds gilla.

Eptir andlát Sigurðar konungs váru þeir til konunga teknir, 252. Magnús sunr Sigurðar konungs ok Haraldr Magnússunr bróðir Sigurðar konungs, ok hafði sína hirð hvárr þeirra. Ok eigi höfðu þeir lengi báðir verit konungar, áðr en úsætti gerðisk á miðli þeirra, ok svá mikil var at því, at hvárr þeirra hjó bú fyrir öðrum, ok því næst drápusk þeir menn fyrir. Á fjórða ári ríkis þeirra var Haraldr konungr í Vik austr austarliga ok samnaðisk at liði. Magnús konungr dró saman her mikinn, ok fór á mótt Haraldi konungi frænda sinum. Þar funnusk þeir sem heitir Fyrileif, hafði Magnús konungr lið meira miklu; Þar börðusk þeir ok var mikil mannsfall. Þar fél Kriströðr bróðir Haralds konungs sammœðra, ok eigi færra hirðmanna hans en 60. En Haraldr konungr komsk sjálfr á flóttu. Haraldr konungr flýði suð til Danmarkar á fund Eiríks Danakonungs Eiríkssunar; þeir höfðu áðr görzk eiðbroeðr. Eiríkr konungr veitti Haraldi konungi alt Halland til yfir-

¹⁾ rettel; M. sonr B

ferðar, ok gaf hánum 6 langskip reiðislaus. Eptir Fyrileifar orrostu lagði Magnús konungr allan Noreg undir sik, ok fór um haustit norðr til Björgvinjar, ok fóru þá heim lendir menn flestir¹ til búa sinna. Þetta sama haust kom Haraldr konungr sunnan af Danmörku, ok þá er hann kom til Konungahellu var fyrir hánum samnaðr nökkurr svá², ok var þó engi bardagi, fyrir því at böjarmenn gáfusk upp ok tóku við Haraldi konungi³. Byrjaði þá Haraldr konungr ferð sína norðr um Víkina ok drap marga menn, en af sumum tók hann fé mikit. Þá fékk Haraldr konungr sér skip, ok dreif at hánum lið mikit, ok þá er hann kom [austan at Borg⁴, tók hann þá brœðrna Nerið ok Ásbjörn, ok bað þá kjósa, hvárr þeirra vildi hengðr vera eða [út í Sarp fara⁵. Nerið var hengðr, en Ásbjörn [var skotinn⁶ í Sarp, [þvíat hann var eldri, þótti sá dauðinn⁷ enn grimmligri. Siðan fór Haraldr konungr norðr með landi, ok lagði land alt undir sik þar sem hann fór. En þá er Magnús konungr frá⁸ þessi tiðendi, þá gerði hann boð eptir lendum mönnum sinum ok bauð út leiðangri⁹, en lendir mean flestir dvöldusk heima, svá kom ok fátt af heruðum til hans. Þá kallaði hann til sín Sigurð Sigurðarsun, Nefsteinssunar (hann var mikill höfðingi ok allra manna vitrastr) ok spurði hann ráða, hversu háttá skyldi. En hann svaraði á þá lund: „Herra!“ sagði hann, „til þess kann ek góð ráð, ef þér vilið þau hafa¹⁰: görið mik ok¹¹ annan lendan manni í móti Haraldi konungi frænda yðrum, at¹² bjóða hánum sætt, svá sem hinir beztu menn leggja ráð til í báða staði, bjóða hánum ok alt þat ríki, er hann á með¹³ réttu at hafa, ok eru svá margir vitrir menn¹⁴ með Haraldi konungi, at þetta erendi munu gjarna vilja flytja við hann. Þá svaraði Magnús konungr: „Litla hríð njótum vér þá [rikis þess, er þá unnum vér¹⁵ í haust, ef nú skyldim¹⁶ vér upp gesa alt at óreyndu, ok eigi vil ek þat; gef til annat ráð, hversu ek skal halda öllu landinu.“ Þá svaraði Sigurðr: „Þat er mitt ráð, at fara í brott héðan or Gulaþingslögum ok norðr [til Þrándheims¹⁷, ok [freista ef þar fáisk norðr nökkurr styrkr¹⁸ af Þróendum.“ Þá svaraði konungr: „Man ekki þá Haraldr leggja alt landit undir sik at¹⁹ austan, ef vér flýjum²⁰?“ Þá svaraði Sigurðr: „ENN er eitt ráð til, [ef þat vill hafa²¹, ok þó ilt:

¹⁾ Her begynder etter A ²⁾ mgl. i B ³⁾ saal. B; at konungi A ⁴⁾ austan borgar ⁵⁾ hvárr fara í Sarp ⁶⁾ fór ⁷⁾ hann var eldri, ok sá þótti dauðinn ⁸⁾ spurði ⁹⁾ leiðangr ¹⁰⁾ þessa man ek góð ráð leggja ef þér vilið nýta ¹¹⁾ eða ¹²⁾ ok látið ¹³⁾ at ¹⁴⁾ ok góðviljaðir tilf. ¹⁵⁾ þess sigrs, er vér unnum landit alt undir oss ¹⁶⁾ skulum ¹⁷⁾ í Þrándheim ¹⁸⁾ freistið ef þér fáið styrk ¹⁹⁾ mgl. ²⁰⁾ undan tilf. ²¹⁾ mgl.

at gera til gesti ok láta drepa einn [lendan mann eða tvá¹, þá er nú hafa heima sezk ok vildu eigi koma til yðar, ok gefa þær veizlur, er þeir hafa hafðar, þeim nökkurum, er hér er² með yðr ok þér trúið vel; kann þá vera, at aðrir [lendir mennir komi til yðar ok vilja eigi biða heima þvílikra sókna³.“ Þá svaraði konungrinn: „Þetta ráð man verða úvinsælt; kann vera, þóat ek láta drepa menn⁴ mína ok fá⁵ ek öðrum mönnum lénit⁶, þá kann vera at þeir sé mér eigi betri.“ Þá stóð Sigurðr upp, ok gékk á brott ok mælti svá: „Hví skal ek eigi gefa yðr þat ráð, er þér vilið hafa, at sitja hér í Björgvin þar til, er Haraldr konungr kemr hér með öllu liði sínu, ok mant⁷ þá verða [at flýja eða þola meizlur til dauða⁸.

Haraldr konungr kom liði sínu öllu til Björgvinar jólaaptan, ok 254. vildi eigi leggja til bœjarins fyrir helgar sakar at berjask, ok lagði í Flóruvága, ok lá þar um jólum ok hafði allmikit lið, ok enn kómu menn til hans um jólum or heruðum 11 hundruð manna. Þessi var kallaðr mágavetrinn. Magnús konungr hafði viðbúnað mikinn í bœnum ok lét alla daga í jólunum hafa mikit starf. Hann lét gera vals lengjur úti í Hólmi⁹ ok alt utan frá Steinkirkju¹⁰, ok yfir [móti Munkabryggju¹¹ með viðum ok sumt með járnrekendum, svá at ekki mátti fara skipum i¹² Váginn; hann lét ok gera herspora marga ok kasta yfir á Jónsvöllum¹³; hann átti ok þing við bœjarmenn ok bað sér liðs, en allir hétu góðu um þat. Affaradag jóla lagði Haraldr konungr at bœnum öllum her sinum, ok hömluðu þeir skipunum at Norðnesi. En Magnús konungr hafði fylkingar sínar úti í Hólmi, ok þá [hugði Magnús konungr, at Haraldr konungr vildi¹⁴ ganga upp í Norðnesi, ok vendi aptr þá Magnús konungr öllu liði sínu inn eptir bœnum, ok þá er þeir kómu inn í Vágbotninn, þá sá þeir at Haraldr konungr hafði lagt öllum skipum sínum inn at Hólmi, ok alt var þá lið hans á land komit. Sótti þá Haraldr konungr utan eptir bœnum, en margir bœjarmenn [höfðu heim gengit í garða sína, þá er Magnús konungr hafði inn snúit eptir bœnum¹⁵. Ok þá er menn Magnúss konungs sá ofrefli hers Haralds konungs, þá flýði lið hans alt, sumt upp í fjallit, en sumt aptr í bœinn, en sumt á her-spóranu. En Magnús konungr gékk út á skip sitt ok settisk í lypting,

1) saal. B; eða báða tvá lenda menn A 2) eru 3) sé við ok vili eigi biða heiman þvílikra heimsókna. 4) lenda menn 5) fæ 6) lén þeirra 7) mantu 8) annat hvárt at flýja, eða þola meizlur eða dauða at þriðja kosti. 9) saal. B; pals lengju í bœnum úti í hólmi A 10) Kristkirkju 11) til Munkabryggju 12) um 13) Jóansvöllu 14) hugðu þeir Magnús konungr at þeir Har. k. vildu 15) skruppu inn í garða sína ok í hús, þá er Magnus konungr fór inn eptir bœnum, ok var þá eigi gott til þeirra at taka.

ok fátt manna með hánum. En með því at [bannaði umbúnaðrinn er görr var um þveran váginn, at þeir höfðu engan kost at fara á brott með skipit¹, svá sem segir Einarr Skúlasunr:

Luku vág viku,
varat kostr fara
brýns, Björgvinjar,
braut háskrautum.

þá kómu menn Haralds konungs á skipit, ok var þá Magnús konungr tekinn², ok var þá í gæzlu Haralds konungs um hrið. Var [þá ráðit um³ hans mál. Í þessum fundi fell ekki mart manna, ok flestum mönnum váru grið gefin. Svá segir Halldórr skvaldri:

Máttiat⁴ öld, þá er ótta
ógnfýstr konungr lýsti,
(hljóp fyr hilmis vánnum
herflótti) bý verja.

Eptir þetta var Magnús konungr blindaðr ok geldr, en Reinaldr biskup af Stafangri var hengðr úti í Hólmi við valslönguna⁵. Magnús konungr fór norðr í Niðarholm⁶ ok tók þar munkaklæði, en Haraldr konungr lagði þá land alt undir sik. Hann fékk þá Ingiríðar dóttur Rögnvalds sunar Inga Steinkelssunar. Ingiríði hafði átta fyrr Heinrekr skökular⁷, sunr Sveins Sveinssunar Danakonungs; þeirra synir váru þeir Magnús Svíakonungr, Rögnvaldr jarl, Buriz⁸. Haraldr konungr átti sun með⁹ Þóru Guðorms dóttur grábarða, sá hét Sigurðr, en tveim vetrum síðar átti hann sun með⁹ Ingiríði drótningu, sá hét Ingi.

Um Sigurð slembidjákn.

255. Sigurðr, er kallaðr var slembidjákn, kom til Noregs vestan yfir haf; hann fór suðr til Danmarkar, ok bar þar járn til faðernis, at hann var sunr Magnúss berfœts, ok váru við þessa skírslu fimm biskupar, ok varð hann skírr. Svá segir Ívarr Ingimundarsunr:

Gerðu skírslu
um skjöldungs kyn
fimm biskupar,
þeir er framast þóttu;
svá bar raunir,
at ríks konungs
þess var hins milda
Magnús faðir.

¹) þeir höfðu engan liðskost at fara brott á skipinu, ok svá bannaði umbúnaðrinn er görr var um þveran váginn ²) handtekinn ³) umráðit ⁴) máttuð ⁵) vals lengjuna ⁶) Prándheim ⁷) skotulær ⁸) Bariz ⁹) við

þaðan fór Sigurðr slembidjákn til Noregs, kom á fund Haralds konungs, bróður síns. Við hánum var þar þungliga tekit, ok lagði Haraldr konungr ok hans ráðgjafar engan trúnað á skírslu hans, ok þá var Sigurðr handtekinn ok leiddr á skútu eina, ok réru menn á brott með hann; ok þá er þeir kómu mjök langt brott frá bœnum Björgvin, sat Sigurðr í fyrirrúminu ok hafði [möttul skinnalausan¹ yfir sér; hann hafði niðr á þiljuna fyrir sik, ok hafði hendrnar [á möttulbandinu² ok flutti upp á háls sér, ok stóð upp ok beiddisk at ganga til borðs. Stóðu upp með hánum tveir menn ok héldu³ klæðum hans, ok þegar hann kom til borðsins, þá tók hann sinni hendi hvárn þeirra, ok steyptisk fyrir [borðit með báða þá⁴. Ok með því at skútan rendi skjótt ok þeim [varð seint⁵ at snúa henni, bar fyrir því i sundr þeirra fundi [at því sinni⁶. Sigurðr tók eitt kaf furðu langt, ok þá er hann kom upp, var hann nær landi, ok fyrr var hann á landinu en þeir gæti tekit [sína menn á skútuna⁷. Var Sigurðr allra manna fóthvatastr, ok féngu þeir hánum ekki nát at því sinni. Fóru þeir aprí til Björgvinjar á fund Haralds konungs ok sögðu hánum þetta, ok var þeirra ferð lítt leyfð. Sigurðr fór á launungu til vina sinna ok hafði með sér nökkura menn; ok þá er mjök leið at jólunum⁸, [var hann í Björgvin⁹, ok leyndu hánum bœjarmenn. En hinn næsta aptan fyrir Lúcie¹⁰ messu, þá er Haraldr konungr sat yfir mat¹¹, þá mælti sá maðr til hans, er næst¹² hánum sat: „Herra! vér höfum þrætt¹³ þar til, er vér höfum veðjat um [einn hlut¹⁴, ok fær [þessa þrætu engi¹⁵ leyst nema þér einir¹⁶: ek sagða þat, herra, at þér mynduð liggja hjá Ingiriði dróttningu í nótta, en þeir segja, at þú munir liggja í hjá þóru.“ Þá svaraði konungrinn: „Láta mant þú veðféit.“ Ok svá urðu þeir þess varir, at hann mundi liggja hjá þóru. Þá menn hafði Sigurðr slembidjákn til njósnar setta innan hirðar. Á [þessa sömu nótt gildraði Sigurðr ok hans menn til Haralds konungs, en hans höfuðvörðr¹⁷ var fyrir því herbyrgi, er allir ætluðu¹⁸ at hann svaefi í, en hinnug var varðlaust sem hann svaf sjálfr inni. Kómu þeir Sigurðr ok hans menn til herbyrgisins, ok kómusk [inn í áðr¹⁹ en konungrinn vaknaði, ok báru þegar vápn á hann. Lét þar Haraldr konungr lif sitt ok hafði mörg stór sár. Þetta var ofarliga á nöttinni. Síðan géngu þeir Sig-

¹⁾ möttulskikkju ²⁾ at möttulsböndunum ³⁾ á tilf. ⁴⁾ borð með báðum þeim ⁵⁾ tóksk eigi skjótt ⁶⁾ at sinni ⁷⁾ menn sína á skútunni ⁸⁾ jólum ⁹⁾ kom hann til Björgvinar ¹⁰⁾ Lúciu ¹¹⁾ matborði ¹²⁾ næstr ¹³⁾ um tilf. ¹⁴⁾ eitt mark ¹⁵⁾ þetta engi maðr ¹⁶⁾ ok sagði hánum einum saman tilf. ¹⁷⁾ þessu sama kveldi ætlaði Sigurðr svá til Haralds konungs ok menn hans, at hans höfuðvörðr ¹⁸⁾ hugðu ¹⁹⁾ inn fyrr

urðr ok hans menn ok tóku sér eina skútu, ok þá er dagaði um morganinn, réru þeir út á váginn fyrir bryggjur¹. Þá lýsti Sigurðr vigi Haralds konungs bróður síns á hendr sér, ok beiddisk af lendum mönnum ok hirðinni ok böjarmönnum, at þeir skyldu taka hann til konungs, eptir því sem áðr [höfðu broðr² hans verit. En allir svöruðu senn, at hann skyldi aldrigi konungr heita³, ok sögðu svá, „at hér eru tveir hlutir til, at þú mátt aldrigi konungr vera: sá er hinn fyrsti, at vér hyggjum, at þú sér eigi sunr Magnúss konungs, en sá annarr, ef svá illa hefir orðit, at Magnús konungr hefir getit sun með þoru Saxadóttur, systur Sigurðar, þá hefir þinn getnaðr verit ógiptusamligr⁴, ok svá hefir nú gefizk, ef þú hefir nú myrðan bróður þinn.“ Ok þá er Sigurðr sá at hann myndi ekki þar sýsla⁵, þá réru þeir á braut, en lík Haralds konungs var jarðat í Kristskirkju hinni fornu.

256. Eptir þetta tóku Björgvinjar menn Inga til konungs, sun Haralds konungs. Þá var hann á fyrsta vetri, en þá er þróendir spurðu fall Haralds konungs, þá tóku þeir til konungs Sigurð, sun Haralds, þá var hann á þriðja vetri. Þá hafði Haraldr konungr verit 6 vetr, er hann [fíll, fjóra⁶ með Magnúsi frænda sínum, en tvá síðan⁷. Einarr Skúlasunr getr þess ok, at Haraldr konungr [hefði barizk⁸ tveim sinnum í Danmörku, annat sinni undir Hveðn við víkinga nökcura. Svá segir Einarr:

Ótryggum [lézt þú⁹ eggjar
-eljunþrár- und hári
Hveðn á hauldum roðnar
-hrafnsmunulitaðr!- þunnar.

ENN SEGIR EINARR SVÁ:

Áttuð sókn við sléttan
-serkrjóðr Hálfsl!- merki
-harðr- þar er hregg um virðum,
Hlítseyjar þróm, blésu.

[Svá er sagt at Haraldr konungr hefði¹⁰ sigr í hvárritveggja orrostunni. Eptir [hans fall¹¹ fór Sigurðr slembidjákn norðr á Norðhörðaland ok inn í Sogn, ok drifu menn til hans. Sigurðr átti þing við Sygni ok Norðhörða, ok á því þingi var hánum gefit konungsnafn, ok þar géngu margir menn hánum til handa, ok gerðusk hans sverðtakrar. Svá segir Ívarr Ingimundarsunr:

¹⁾ Björgvinar bryggju ²⁾ hafði bróðir ³⁾ vera ⁴⁾ ógiptusamligr ⁵⁾ at sinni tilf. ⁶⁾ fékk riki ⁷⁾ einn saman tilf. ⁸⁾ hafði barzk ⁹⁾ léztu ¹⁰⁾ Hann segir ok at Har. k. hafði ¹¹⁾ fall Haralds konungs

Tóku við mildum
 Magnúss syni
 Hörðar ok Sygnir
 at Harald fallinn;
 sórusk margir
 menn á þingi
 buðlungs syni
 í bróður stað.

þá fékk Sigurðr eina tvítugsessu ok nökkurar smáskútur¹, vendi þá norðr með landi. Ok þegar er hann kom norðr um Stað, þá risu Mærir á móti² hánun, þvíat þeir höfðu játtat [þrændum liði sínu móti Sigurði konungi³. Fór Sigurðr konungr þá norðr skyndiliga ok ætlaði at koma óvart norðr í Niðarós, ok kom [nótt eina⁴ undir Niðarhólmi. Var hánum⁵ sagt at njós myndi komin vera fyrir hann í bönn. Þá tók hann út or klastranum Magnús konung, er blindaðr [hafði verit⁶, ok hafði með sér, ok hugði at þá myndi drifa at hánum lið meira en aðr⁷; ok venda síðan út or firðinum⁸, ok litlu síðar skildusk þeir⁹.

Eptir dráp Haralds gilla var Sigurðr sunr hans tekinn til konungs, þá er hann var á fjórða vetri, í Þrándheimi; ok Ingi konungr var tekinn til konungs austr í Vik, þá er hann var á öðrum vетri. Fóstri Sigurðar var Guðormr Bárðarsunr faðir Philippúss. Þeir efldu Sigurð konung: Óttarr birtingr, ok Ögmundr sviptir, Petr burðarsveinn. Þeir efldu Inga: Ögmundr fóstri hans, ok Þjóstólfur Álasunr. Hit næsta sumar eptir er Ingi var tekinn til konungs, þá áttu hans menn orrostu við Magnús konung hinn blinda á Upplöndum í Mynni ok höfðu sigr; þar félru af liði Magnús Halldórr Sigurðarsunr, Björn Erlingssunr, Gunnarr af Gimsum, ok mart annarra manna; Magnús flýði austr í Gautland. Aðra orrostu áttu Inga menn við Karl Sunasun á Krókaskógi, ok höfðu sigr; þar fél Munan Ögmundarsunr ok mart Gauta.

Í þenna tíma kom Eiríkr eimuni sunnan af Danmörku ok Magnús himm blindi með hánum, ok höfðu ógrynni hers. Þeir héldu liðinu til Túnbergs; þar stóð á móti þeim Ormr Dagssunr, ok náðu þeir eigi uppgöngu. Þaðan héldu þeir inn til Oslo; þar var fyrir Þjóstólfur Álasunr; þar laust Þjóstólfur Áskel með broddi, stafnbúa Eiríks. Þá fór skrin hins helga Hallvarðs upp á Raumariki til Fors, ok var þar þrjá mánaði. Þá brendi Eiríkr allan Oslo boe ok Hallvarðs kirkju; þá kom Þjóstólfur ofan af Raumariki með liði miklu, ok náði Eiríkr eigi uppgöngu fyrir samnaði landsmanna; ok lagði brott liði sínu ok suðr með

¹⁾ skútur smár ²⁾ við ³⁾ með þrændum hlýðni til Sigurðar konungs ⁴⁾ um nótina ⁵⁾ þar tilf. ⁶⁾ var ⁷⁾ ok svá var tilf. ⁸⁾ Þrándheimi ⁹⁾ Magnús ok Sigurðr tilf. *B, som ender med disse Ord.*

landi, ok héldu orrostu í Hornborusundum við Inga konung ok Ámunda, fóstrföður hans ok Gyrðar lögbersa sun. Þeir feldu marga menn fyrir Eiriki, en hann flýði til Danmarkar með mikilli sneypu.

Sigurðr slembidjákn kom þat sama sumar til Danmarkar ok hafði tvar orrostur við Vindr ok hafði sigr í báðum. Síðan hélt hann í Elfi ok tók þar 3 skip af liði þeirra þóris hvinantorða ok Ólafs Haraldssunar kesju, er átti Ragnhildi dóttur Magnúss konungs Ólafssunar. Þar elti Ólaf Sigurðr á land upp, ok þórir fór til Konungahellu. Þangat hélt Sigurðr eptir liði sínu, ok skutusk þeir á; þar féll mikit af hvárratveggja liði; þar féll Úlfheðinn Saxólfssunr norðlenzkr maðr, stafnbúi Sigurðar. En er Sigurðr lá í Portyrju á Lungarðssíðu, þá gerði Magnús konungr lið at hánum or Túnbergi, en þar kom Sigurðr nauðuliga undan. Þar féll mārt af liði Sigurðar, Fiðr geit ok Áskell Smiðssunr, en Sigurðr sigldi suðr til Danmarkar; þar týndisk Kolbeinn Þorljóts-sunr á Bataldri; hann var á eptirbáti, er þeir sigldu mjök. Þá braut Sigurðr skip sitt, er hann kom suðr. Um vetrinn var hann í Álaborg; um sumarit eptir fóru þeir báðir saman sunnan Magnús ok Sigurðr 7 skipum ok kómu á Lista; þar drápu þeir Beintein Kolbeinssun. Þar fór Ingi sjálfur á móti þeim ok elti Hákon pungeltu á land upp ok alt lið hans. Þeir flýðu undan inn í Fjörðu: Sigurðr stokkr sunr Eindriða í Gautsdali, ok Eiríkr hæll bróðir hans, ok Andres kelduskitr. Síðan sigldu þeir norðr Sigurðr ok Magnús hit ytra 3 skipum á Hálogaland. Þann vetr var Magnús konungr í Bjarkeyju með Viðkunni Jónssyni, en Sigurðr fór á Finnþórk norðr með 20 menn. Um várít eptir þá hélt Sigurðr norðan með 2 skútum, er Finnar höfðu fengit hárum. Þá fór Sigurðr inn í Vága ok tók þar Sigurðr prest ok sunu hans; lét hann þá drepa alla. Þaðan fór hann í Vikr austr¹ ok tók þar Vilhjálm skinnara lendan mann ok annan Þóralda hest², ok drápu báða. Síðan mætti hann Styrkár glæsirófu ok drap hann. Fyrir Valsundsboe hittu þeir Svinagrim; af hánum lét Sigurðr höggva hina vinstri hönd. Suðr á Mæri tók Sigurðr Heðin harðmaga ok Kálf kringluauga; Heðin drápu þeir, en eigi Kálf. En suðr í Herðlu átti Einarr sunr Laxapáls bú, hann var farinn til gagndagaþings í Hamarsfirði; þá tóku þeir Sigurðr fé hans alt, þat er heima var, ok langskip hálfsprítugt, ok sun hans fjögurra vetra gamlan, er hvildi hjá verkmanni hans. En verkmaðr kvað vera sinn sun, þá gáfu þeir lengar geymdir³ sveinsins. Verkmanni gaf Einarr, þá er hann kom heim, 2 aura gulls. Þeir fóru Sigurðr austr í Vik, ok tóku þar austr á Kvildum Finn sun Sauðaúlfss,

¹) rigtigere suðr ²) kept Sn. og de övr. Kongesagaer ³) rettet; engi geymdar A

er hann fór at heimta landskyldir Inga konungs. Finn festu þeir upp, ok fóru síðan suðr til Danmarkar.

Í þann tíma sendi rit Sigurði Ingi með áskoru mikilli, at hann 258. kvæmi til liðs við hann. En þat hit sama sumar eptir kvámu þeir Magnús konungr ok Sigurðr sunnan með 30 skipa nær vetrnóttum, bæði Dana lið ok svá Norðmanna. Þá fór Ingi ok Sigurðr á móti þeim með 20 skip allstór; en þeir hittusk sunnudaginn næst eptir Marteinsmessu í Hválum austan fjarðar við Hólminn grá, ok börðusk þar. Í hinni fyrstu hríð lögðu Danir ífrá 18 skipum heim suðr. Þá ruddusk skip Sigurðar ok Magnúss; þeir stóðu lengst fyrir Magnúsi, er hann hvildi í rekkju sinni: Hreiðarr Grjótgarðssunr ok Sauppruðr; en allir félum aðrir þar. Þar féll Brúsi stafnbúi Sigurðar, Hallvarðr fægir, ok Ívarr Kolbeinssunr. Ívarr gékk inn at Haraldi ok vann fyrst á hánum. Þar féll mikill hluti liðs Sigurðar ok Magnúss. Í hólminum félum meir en 60 manna; þar var drepinn Sigurðr prestr sunr Bergþórs Mássunar, ok Klemetr sunr Ara Einarssunar. Ívarr Kálfssunr komsk á skip Jóns Bergþórssunar, er þá átti Ceciliu dóttur Gyrðar Bárðarssunar, ok Arnbjörn ambi ok Ívarr dynta Starasunr. Fé var fest fyrir Arnbjörn, en Ívar dyntu drápu þeir.

En er þeir Ingi ok Sigurðr höfðu verit höfðingjar 6 vetr, þá 259. kom Eysteinn af Skotlandi bróðir þeirra; þat var i Þrándheim norðr. Þeir fóru eptir hánum, Árni sturla, Þorleifr Brynjúlfssunr, ok Kolbeinn hrúga. En hann var tekinn til konungs á Eyraþingi um gangdaga, at hann skyldi vera konungr yfir hinum þriðja hlut landsins, ok á þat sættusk þeir broeðr, þá er þeir hittusk. Engi váru skírsli gör Eysteini til faðernis, þvíat trúat var Haraldi um þat er hann sagði. En þeirra broeðra fór vel á meðal, meðan er þeir réðu fyrir riki. En eptir andlát Guðröðar, Ámundra, Þjóstólfss ok Óttars birtings, er átti Ingiríði móður Inga konungs, Ögmundar sviptis ok Ögmundar drengs sunar Kyrpingsorms, þá slitu þeir hirð sma Ingi ok Sigurðr. Ingi var hryggbrotinn ok var þó vinsælastr þeirra. Brátt eptir þat snérisk Gregorius, sunr Dags ok Ragnhildar Skoptadóttur, til landsgæzlu við Inga, ok varð hánum at mesta trausti alla sína æfi.

Í þann tíma kom Nikolás góði kardínáli í Noreg ok gaf pallium 260. Jóni Birgissyni, ok var hann fyrsti erkibiskup í Noregi; en er Nikolás kom suðr þá varð hann pávi, ok hét hann þá Adrianus. En þeir lögðu fund millum sín einn vetr á Upplöndum ok skyldu þeir sættask: Sigurðr hafði vegin 2 menn Eysteins konungs, Harald enn vikverska í Björgvin, en norðr í kaupangi Jóan prest tapparð sun Bjarna Sigurðarsunar. Þá sættusk þeir ok sátu lengi á máli. Kom þat upp af þeirra

rœðu, at þeim sýndisk at taka konungdóm af Inga, ok láta hann hafa 3* bú ok 20, ok 30 húskarla, þvíat þeim þótti hann eigi hafa heilsu til at véra konungr. Þeir ætluðu í Björgvin um sumarit at hafa at því fund, ef svá mætti vera. Þat mál kom fyrir Inga ok Gregorium, ok fóru þeir til Björgvinar með miklu liði. Litlu síðar kom Sigurðr þar ok með muni minna liði. Eysteinn var seinni til þeirrar stefnu en ætlat var. Ingi konungr lét blásu til þings í Hólmi út, ok kvámu þeir báðir þangat Sigurðr ok Ingi, ok var þingit fjölment. Gregorius gékk á þingit með hjálum gullroðinn, ok alt hans lið var hjálmat, óskrát níu tugir manna. Ingi konungr stóð upp ok sagði mönnum, hvat hann hafði spurt, hversu broðr hans höfðu ætlat at skipa við hann; hann bað sér liðs ok kvazk heldr vilja láta af lifi sínu en af föðurleifð sinni. Menn gerðu góðan róm at máli hans ok létusk hánum vilja fylgja. Þá stóð upp Sigurðr konungr ok taldi þá broðr ósanna at því, sem Ingi kendi þeim. Hann kvað Gregorium ljósta sliku upp, ok kvazk eigi skulu láta langt til, at hann myndi steypa hjálminum gullroðna; ok svá kvað hann at, at eigi myndi þeir lengi ganga. Gregorius svaraði stuttliga, ok lézk þess eigi trauðr, at þeir fyrdisk. En fám dögum síðar þá vá húskarl Sigurðar húskarl Gregorii, ok vildi Gregorius atgöngu veita Sigurði; en Ingi konungr latti, ok fór þat eigi fram. Í hinum sama aptni vá Sigurðr travali sunr Eysteins travala, hirðmaðr Sigurðar konungs, Sigurð skrúðhyrnu hirðmann Inga konungs, gamlan mann ok allvinsælan, ok kendu menn Sigurði konungi ráðin. Af þessum sökum bjoggusk þeir at veita Sigurði konungi atgöngu, ok var i því ákafastr Gregorius. Sigurðr konungr drakk í garði Sigriðar sætu fyrir innan Sandbrú litlu. Þessir menn yeittu atsókn Sigurði með Inga konungi: Gregorius, ok Árni Ívarssunr, ok Áslákr Erlendssunr. En Sigurðr ok hans menn géngu upp i loptit, þat er var i garðinum, ok skutu or gluggum, ok brutu upp ofna ok báru grjótit á þá. Þar fell Einarr Laxapálssunr af liði Sigurðar, ok Hallvarðr Gunnarsunr var skotinn i loptinu. Þeir Ingi hjoggu hús til þeirra, ok gékk liðit mjök til griða. Þá gékk Sigurðr konungr út, beiddisk hljóðs; hann hafði skjöld gullroðinn, ok kendu menn hann brátt ok vildu eigi hlýða hánum, ok skutu menn at hánum svá sem í drifu sæi. Þá er liðit var mjök gengit af hendi hánum, þá hjoggusk húsin fast. Þá gékk hann út, ok fyrir hánum þórðr húsfreyja; þeir vildu þangat til sem Ingi var, ok kallaði Sigurðr til griða við bróður sinn, ok hann vildi gesfa hánum grið, en því var eigi hlýdt, ok várū þeir þegar höggnir. Þá var illa um þetta verk rœdt, ok kendu menn

ráðin Inga konungi. En þat hafa flestir menn fyrir satt, at þat hafi engi hans ráð verit, svá sem váttar Einarr Skúlasunr:

Alls engi þarf Inga
úlfsgrennir¹ þat kenna,
(hverr [spyri satt af² snerru
seggr!]) at gram bitu eggjar;
bōð gataf stillir stöðvat
styrjarmildr þóat vildi,
fús var forspell³ ræsi
fylkis sveit at veita.

Þá spurðu menn at, hvern út léti bera merki konungsins. Einarr kvað þá vísu:

Út lét stöng á stræti
—sterk- dýrligra merkja
—dúðusk dörr af reiði—
Dagssunr bera fagra.
Hnigu menn í gný Gunnar
gagls fyr strengjar bagli,
bræðr hafa barzk í miðri
Björgvin fyr ósynju.

Enn kvað Einarr aðra vísu:

Myndiat seima sendir
svá brátt hafa látit
—spjót flugu langt í ljótri—
lif sitt -boga drifu-,
ef alkostigs⁴ austan
Eysteins flota leysti
beinn at Björgvin sunnan
byrr tveim dögum fyrri.

En þrim nótum síðar kom Eysteinn konungr or Vik austan með 30 skipa í Flóruvága; þá báru menn orð á meðal ok sættu þá, en þeir funnusk eigi. Sigurðr Haraldssonr var konungr 19 vetr, ok var grafinn at Kristskirkju í Hólmi út. En þá er Eysteinn lá í Flóruvágum, þá bauzk Gregorius til at veita hánum atlögu, þó at Ingi legði eigi til: lét eigi munu síðar betra. Þess löttu margir, ok töksk eigi. Þá fór Eysteinn í Vik austr, en Ingi norðr í Þrándheim; ok várú þeir þá sáttir at kalla, en þó fundusk þeir eigi. Gregorius fór austr í Vik, ok var at búi sinu á Bratsbergi. Þá gerði Eysteinn konungr fór at hánum ok vildi hann aftaka; en hann varð varr við, ok flýði undan á Upplönd með 9 tugu manna, ok sótti síðan fund Inga konungs norðr til kaupangs, ok kom norðr fyrir jólin. Ingi varð hánum feginn, ok

¹⁾ arngrennir *Morkinskinna* ²⁾ spyrr slíkt frá *Mork.* ³⁾ fjárpell vísa *Mork.*

⁴⁾ saal. *Mork.*; allkostes A

bað hann hafa af sínu fé, þat sem hann vildi. Þá brendi Eysteinn konungr bœ Gregorius ok hjó búit. Á þeim sama vetrí váru naust þau brend hin miklu ok hin góðu, er Eysteinn konungr hafði átt; þar brunnu skip með, er Ingi konungr átti. Þau ráð váru kend Eysteini konungi ok Philippúsi Gyrðarsyni, fóstbróður Sigurðar konungs.

261. En sumarit eptir hittusk konungar í Seleyjum, ok kom Ingi norðan en Eysteinn austan; þá váru þeir fjölmennir ok þó Ingi miklu fjölmennari. Þá var at komit, at þeir myndi berjask, en þó sættusk þeir at kalla, ok skyldi Eysteinn gjalda fé aptr Inga ok Gregoris; en þat kom eigi fram, ok raufsk sú sætt öll; þá fór Ingi konungr austr í Vík, en Eysteinn norðr í Þrándheim. Þá fóru ill orð á millum, ok lét hvárrtveggja drepa fyrir öðrum nökkrum menn. Í þann tíma spandisk mjök lið frá Eysteini konungi undir Inga konung, ok váru í þeirri sveit Bárðr standhali ok Símon skálpr sunr Hallkels húks. En þá er tveir vetrí váru liðnir frá falli Sigurðar konungs, þá sömnuðu báðir liði konungarnir, ok fór Ingi austan með átta tugum skipa, en Eysteinn norðan með hálfan fimta tug skipa. Ingi lá suðr í Mostr, en Eysteinn lá litlu norðar í Grøningarsundi. Eysteinn sendi Áslák unga ok Árna sturlu til fundar við Inga, ok höfðu eitt skip. En er Inga menn kendu þá, þá lögðu þeir at þeim ok drápu af þeim marga menn, ok tóku undan þeim skip; en þeir Áslákr ok Árni hljópu á land ok kómú á fund Eysteins, ok sögðu hánum hvat tit var. Eysteinn hafði þá húsþing, ok sagði hvern úfrið þeir buðu, ok bað menn at þeir skyldu duga hánum: „ok höfsum vér lið mikit ok gott, ok vil ek hvergi undan flýja, ef þér vilið fylgja mér.“ Þá varð engi rómr at máli hans. En um nóttina eptir réru þeir á brott mörgum skipum á laun, sumir til móts við Inga, en sumir til Björgvinjar, en sumir í fjörðu; en er ljóst var, þá váru 10 skip eptir með Eysteini. Þar lét hann eptir drekann mikla, er hann hafði látit gera, ok enn önnur skip, ok hjoggu drekann ok spiltu hánum mjök. Þá gékk Eysteinn á skip Eindriða Jóanssunar, ok fóru inn í Sogn, en þaðan ok austri í Vik.

262. Þá tók Ingi skipin ok hélt austri liðinu hit ytra í Vikina. Eysteinn var fyrir austan Foldina, ok hafði nær 12 hundruð manna. En er þeir sá skipalið Inga, þá ökuðusk þeir undan ok tóku á skógan, ok síns vegar hverr. Konungr var eptir með annan mann; þá leituðu Inga menn eptir hánum. Simon skálpr hitti hann, er hann gékk undan hrísranni einum; þeir Símon váru margir saman. En er þeir höndluðu konunginn, þá beiddi Eysteinn konungr at skjóta hánum undan, ok kvað þeim þat betr bera. Simon svaraði, kvað munu ekki verða. Þá beiddi konungrinn at hlýða messu, áðr en hánum væri bani veittr,

ok svá gerðu þeir. Siðan lagðisk hann niðr á grúfu ok breiddi hendi ífrá sér, ok bað höggva sik í kross meðal herða, ok þat fram fór; ok þótti konungr verða vel við. En Simon fékk þar illan orðróum af því málí, svá sem vástar Einarr Skúlasunr:

Man, sá er morði vandisk
margillr ok sveik stilli,
síð af slíkum ráðum
Símon skálpr of hjálpask.

Lik Eysteins konungs var jarðat á Forsi.

¹⁾) Her manglede 2 Blade i A.

ok var alt skipat til fylkingar. Þá kom Erlingi njósn, at þeir Sigurðr jarl væri uppi á Re. Býr þá Erlingr ferðina or bönum; ok hann hafði með sér alt liðit or bönum, ok alt þat er vápnum mátti orka, nema 12 menn váru eptir at gæta böjarins. Hann fór or bönum týsdaginn í annarri viku langaföstu eptir nón; fóru þá um nóttina, ok váru tveir menn um einn hest ok um einn skjöld, 13 tugir manna var talit. Ok þá kom njósn í móti þeim sú, at jarl var á Dynduxstöðum með 600 manna; lét þá jarl kalla saman liðit, ok sagði þat er hann hafði spurt. Liðit eggjaði, at þeir skyldi skunda ok berjask þar um nóttina. Erlingr talaði erendi ok mælti svá, at „þat man yðr þykkja líkara, at [várn fund¹] beri saman. Eru þar í þeirra flokki margir menn þeir, er oss mætti minnisamt vera þeirra handaverk, er þeir hjoggu niðr Inga konung eða aðra vini vára; ok er seint á þat tölum at koma. Gerðu þeir þat með fjándans verkum ok fulltingi ok niðingskap; því at þat stendr hér í lögum várum, at engi maðr hefir sá fyrriegört sér, at eigi heiti þat niðingskapr eða mordögjaverk, at menn drepask um nætr, en eigi undir sólu. Hafa þeir ok með þvílikri framkvæmd unnit þann sigr at stiga yfir þvílikan höfðingja, sem nú hafa þeir við jörðu lagðan. Höfum vér opt sagt þessa hluti, enda er nú at sjónum orðit um þeirra háttu. Skulum vér heldr hafa þat ráðit er oss er kunnara, at berjask um ljósá daga með fylkingu, ok stelask eigi á menn um nætr. Höfum vér lið oerit í móti eigi meira liði. Skulum vér biða dags at ok lýsingar, ok halda saman fylkingum ef þeir vilja.“ Eptir þetta settisk liðit niðr; tóku sumir í sundr heyhjálma ok gerðu sér af ból, sumir sátu á skjöldum sínum; en veðrit var svalt ok [var á² drífa. Þeir Sigurðr féngu njósn á, svá fremi er liðit kom mjök svá at þeim, ok stóðu upp ok vápnudusk, ok vissu ekki, hversu mikit lið er Erlingr hafði. Vildu sumir flýja, en sumir vildu bíða. Sigurðr einn var málsmjallr kallaðr ok eigi mikill tilræðismaðr; hann var þá ok eigi ófúsari at flýja, ok fékk hann af því mikit ámæli af liðinu. En er lýsa tók, þá hafði jarlinn fylkt liði sínu á brekku nökkurri fyrir ofan brúna á milli böjarins; þar féll á ein lítill. En þeir Erlingr fylktu annan veginn árinnar, ok á bak fylkingu þeirra váru menn á hestum. Jarlsmenn sá at liðsmunr var mikill, ok töldu ráð at leita á skóga. Jarlinn svarar: „þat segið þér, at mér fylgi engi kjarkr, ok skal þat nú reyna: gæli hvern sín, at engi flýi eða fálmí fyrr en ek. Vér höfum vígi gott: látum þá ganga yfir brúna, en er merkit kemr yfir brúna, þá steypumk á þá, ok flýi nú engi frá öðrum!“ Sigurðr hafði brúnaðan kyrti ok rauða skikkju, fitskúa á fótum; hann

¹⁾ rettet; var fyndr A ²⁾ rettet; våta A

hafði skjöld á hlið ok sverð í hendi, er Bastarðr hét, ok mælti: „Þat veit guð, heldr en þiggja gull mikil, vilda ek ná Bastarði at koma einu sári á Erling skakka.“

Lið Erlings vildi ganga fram at brúnni, en hann bað þá venda 265. upp með ánni, þar var svá gert. Jarls lið gékk upp með brekkunni ok á bakkana, er yfir ganga ána út. Þá bað Erlingr, at lið hans skyldi syngja pater noster ok biðja, at þeir hefði gagn, er guð vildi. Ok sungu þá allir kyriat hátt, ok börðu vápnum sínum á skjöldu sína. En við þann gný skutusk í brott ok flýðu 300 manna af liði jarlsins. Erlingr ok hans menn fylgðu þeim yfir ána. Þá brásk framhlautit fyrir brekkuna, ok mættusk menn á brekkubrúninni. Þá tóksk orrosta mikil: váru fyrst spjótalög, ok þegar brátt eptir höggorrosta, ok fóru á hæli merki jarlsins, ok kómusk Erlings menn upp á brekkuna. Varð skömm orrosta, áðr en jarlsins menn flýðu á skógin, er á bak þeim var. Þá báðu þeir jarlinn flýja; þá svaraði hann: „Fram vér nú, meðan er vér megum!“ ok hjó á tvær hendr; ok féll hann þar, ok með hánum Jón Sveinssunr ok nær 60 manna. Þeir Erlingr létu fátt manna ok ráku flóttann at skóginum, þá stöðvaðisk Erlingr ok hans lið, er þeir kómu at skóginum. Þá hvarf liðit aptr ok kómu at, þar þrælar vildu draga fót af Sigurði; ok var hann eigi örendr, ok vissi þó ekki, ok hafði fólgit sverðit í umgerðinni, ok lá þat þá iljá hánum. Erlingr tók þat upp ok laust þá þarmeð, ok bað þá á braut skriða. Eptir þat hvarf Erlingr aptr með sínu liði ok settisk í Túnbergi. Sjau nöttum síðar tóku þeir Erlings menn Eindriða unga; var hann drepinn ok öll hans skipsókn. Um várit eptir halda þeir Markús it efra til Víkriðar ok ráða sér þar til skipa. Um haustit eptir, er Erlingr spurði, ferr hann austr eptir, ok hittusk þeir í Konungahellu. Flýja þeir Markús upp í eyna Hísing; dreif þar landsfólk, Hisingsbúar, ofan ok ganga í fylking með Markúss mönnum. Þá skutu þeir á Erling, er hann réri at landi. Þá mælti Erlingr við sína menn: „Tökum skip þeirra, ok göngum eigi upp at berjask hér við landsher! Hisingsbúar eru illir ok bráðir ok óvitrir: munu þeir litla stund hafa flokk þenna móti sér, þviat Hísing er land lítit.“ Svá er gert, at skip þeirra eru tekin ok flutt yfir til Konungahellu. Erlingr settisk með sínu liði í Konungahellu. Markús ok hans lið fóru upp á Markir ok ætla til áhlaupa, ok höfðu hvárir njósn af öðrum. Erlingr hafði fjölmenni mikil ok tók lið or heruðum. Öndverðan vetrinn fór hann út í eyna Hísing með miklu fjölmenni, ok krafði þings; Hisingsbúar kvámu ofan ok héldu upp þinginu. Erlingr sagði sakar á hendr þeim, at þeir höfðu hlaupit í flokk með Markúsi; ok at lyktum festu þeir gjald; ok

gerði þeim þar til stefnudag á viku fresti í bönum, ok nefndi til menn 12 böndr. En er þeir kómu til Erlings, þá dœmdi hann á hendr þeim Hisingbúum 300 nauta. Nú fara böndr heim ok segja sina ferð eigi góða. Litlu síðar gerði frost mikit, ok lagði ís á ána, ok fraus inni skip Erlings. Þá héldu böndr gjaldinu, ok lágu í samnaði í Hising. Erlingr var í bönum ok hélt jólaveizluna, en Hisingsbúar héldu samöl ok sveitir í Hising um jólin. En daginn eptir fimm tanda dag þá fór Erlingr at þeim út í eyna, tók húsín ok brendi, ok drap hann menn, ok fór aptr við svá búit til bœjar. Markús snérisk þá til Upplanda; ok dvaldisk þar um hrið. Þá föru þeir norðr it efra til Þrándheims, ok var þeim þar vel fagnat, ok réðu sér þar til skipa. Var Sigurðr þar til konungs tekinn. Kómu þar til flokks margir dugandi menn, ok er á leið várit, héldu þeir norðan Sigurðr ok Markús.

266. Erlingr bjósk ok austan um várit; hafði hann lið mikit ok stór skip. En er hann kom norðr í Vikina, fékk hann andviðri, ok lá hann þar mikinn hluta sumars; en sumt lið hans fór norðr til Björgvinjar til landvarnar. Var þar Nikulás Skjaldvararsunr, Nökkvi Pálssunr, Þórólfr dryllr, Þorbjörn gjaldkeri, mart annarra lendra manna. Þeir Markús sigldu hit nörðra útleiðina fyrir Björgvin. Höfðu menn þat mjök á máli, at þeir höfðu byr þangat er þeir vildu, en Erlings menn féngu andviðri. En er Markús kvam austr á Lista, þá spurðu þeir, at Erlingr hafði her úvigan í Vikinni. Venda þá aptr, ok ætla at leggja til Björgvinjar; en er þeir kvámu fyrir bönn, þá sjá þeir mörg langskip ok stór róa á móti sér, ok sjá þá engan sinn annan en róa undan, ok svá gera þeir. Nikolás ok hans félagar róa eptir þeim ok elta þá; Markús gékk upp ok flest alt lið hans suðr í Skorpu, sumir réru suðr í Sund. Þar taka þeir skip, ok drepa slikt af er þeir fá. Nökkurum dögum síðar fann Eindriði heiðafylja þá Sigurðr ok Markús; váru þeir fluttir til bœjarins. Var Sigurðr höggvinn á Hvarfsnesi, en Markús hengðr út ifrá Grafdal. Þá var Magnús einn konungr fyrir Noregi. Erlingr skakki hafði þá einn landráð með höndum ok alla konungseign; en aðrir lendir menn sátu í veizlum sínum, sem fyrr hafði verit um Inga konungs daga. Erlingr hóf upp mjök frændr sína ok gaf þeim mörgum jarðir. Erlingr var stórvitr maðr ok orrostumaðr mikill, var auðigr ok málsnjallr maðr, grimmr ok refsingafullr. Þat var siðr hans um óvini sína, at alt stórmenni gerði hann landflóttá. Af þessu varð ríki hans mjök herskátt, fyrir því at þeir höfðingjar, er verit höfðu með Hákoní konungi eða Sigurði, flýdu til Danmarkar eða upp á Gautland, ok herjuðu þaðan í Vikina. Þar var Ögmundr Simonarsunr ok Friðrekr kœna, Örnúlfur skorpa, ok Bjarni hinn illi, ok

margir aðrir. Þá er Erlingr var í Túnsbergi, spurði hann til þeirra í Vík austr, at þeir ræntu. Þá fór hann austr at leita þeirra, ok fékk tekit Friðrek ok Bjarna með 2 skipum; ok lét hann Friðrek binda við akkeri ok steypa hánum fyrir horð; ok Bjarni var hengðr, ok var þat engum manni harmunda; en Friðrekr var ættstórr maðr, ok var hann mjök harmaðr í þroendalögum, sem síðar verðr getit.

Valdimarr Danakonungr ok Erlingr skakki gerðu þau einkamál 267. meðal sín, ok váru þau með svardaga bundin af hendi Erlings ok hans hinna ágætustu manna: at ef Magnús Erlingssunr yrði konungr yfir Noreg, þá skyldi Valdimarr konungr eignask alt landit, þat er liggr milli Líðandisness ok Danmerkr at sköttum ok skyldum, sem at forneskjú höfðu haft Danakonungar. Valdimarr konungr skyldi veita hánum Erlingi ok hans flokk styrk til at vinna Noreg, ok hafa friðland í Dammörk sinu liði. Þá sendi Danakonungr menn sína með bréfum til Erlings ok krafði landsskiptis, sem svardagar váru til. Þat mál bar Erlingr upp við landráðamenn sína, þá er ríkastir váru, ok mestu skyldu ráða af hendi Magnúss konungs; ok þá váru þau bréf uppliesin á þingum ok á mótum, svá at öll alþýða heyrði; ok var þat allra manna einmæli, at þeir léту skusk eigi vilja landvörn hafa fyrir útlenskum her, eða þjóna Danakonungi, ok eigi tvískipta Noregi; ok létu skusk hánum munu fylgja. Erlingr veitti þau andsvör at lyktum, at alt landsfólk reis á móti ok neitaði at ganga undir Danakonung; bauð hánum sina vináttu ok fégjafar, en kvazk eigi mega ráða við landsfólkiniu at skipta hánum af landinu. En er Danakonungr spurði þat, þá likaði hánum illa, ok galt fyrir fjándskap, ok kallaði Erlings menn ok sun hans eiðrosa.

Einum vetri eptir fall Hákonar konungs kom í Noreg Stefanus 268. legáti; var hánum vel fagnat af hendi Magnúss konungs ok biskups. Þá var Eysteinn erkibiskup. Eysteinn fór í sýslu sína norðr á Hálogaland. Þá leitaði hann við böndr, at þeir skyldu auka rétt ok sakeyri, þann er biskupi skyldi gjalda. En með því at Eysteinn biskup var snjallr maðr mikill, ok ættstórr, auðigr at fé ok vinsæll bæði (nú fylgði því máli Eysteinn mjök, ok kom til með sér mönnum ríkum, frændum sínum ok vinum): þá var þat framkvæmt er hann krafði, at þat fékk sk af bóndum, at allr sakeyrir sá er hann átti at taka, þá skyldi vera silfrmetinn eyrir. En áðr var sakeyrir biskups slikr sem konungs lögeyrir; en þess verðr helmings munr þeirra auralaga. En þó at engi væri til at neita af búanda hendi, þá fékk Erlingr af því mikinn¹ við alla þá menn, er þetta mál styrktu. Ok um várit eptir kom Erlingr skakki norðr til kaupangs; kærðu þá þetta margir menn fyrir hánum.

¹⁾ her synes et Ord at mangle.

Erlingr veitti því engi andsvör, ok hlýddi til hvat menn mæltu; en er hann kom á málstefnu, þá røddu þeir marga þá hluti er til landráða horfðu. Þá mælti Erlingr skakki: „Herra!“ sagði hann, „kunnigt man yðr vera um lögskrá þroenda; nú þat alt er þar er álagt, munuð þér vilja brjóta lög hins helga Ólafs konungs.“ Erkibiskup svarar: „Eigi eru þá brotin lög hans, í því at aukinn er réttir hans; hitt er lagabrot, at eigi er sá konungr yfir Noregi, er í lögum stendr.“ Erlingr svarar: „Eigi var þat gert mjök í móti yðru ráði, er Magnús var tekinn til konungs, ok játtuðu því allir, svá biskupar sem annat landsfólk.“ Erkibiskup svarar: „Eigi vil ek því í móti mæla, at Magnús megi konungr vera, ef þú veizt, at eigi þykkir þróendum vera raskat í því sinum lögum, at sá er konungr, er eigi er konungssunr. En því vættir mik, at eigi verði allir á eitt sáttir, ef nökkurir koma þeir er sannir eru, ok beiðask lands ok rikis.“ Erlingr svarar: „Með því, herra, at eigi er ritat í öllum lögbókum, at sá skuli konungr vera, er eigi er konungssunr, ok væri þat at yðru ráði ok annarra biskupa, at Magnús væri til konungs tekinn yfir alt landit: þá meguð þér svá styrkja hann ok hans riki, at þat sé guðs lög, at hann sé konungr. Vildið þér smyrja hann ok kóróna ok gefa hánum konungsvigslu, þá má eigi því neita, þyiat eru bæði guðs lög ok manna; en hann ok ek skulum veita yðr fullan styrk til allrar framkvæmdar, er þér vilið kraft hafa.“ Erkibiskup hugsaði þetta mál ok talaði við Erling, þar til er þat var alt ráðit; ok var sá fundr lagðr um sumarit í Björgvin. Kom þar þá Magnús konungr, ok legátinn, Eysteinn erkibiskup, ok mart annarra góðra manna.

269. Vígsla Magnúss konungs var gör, ok var hann þá 7 vetrar gamall. Valdimarr Danakonungr var nú mikill úvinr Erlings, fyrir því at hann hafði svarit lagaeið ok þó öllu þeirra sáttmáli brugðit.

270. Um haustit eptir ok þó öndverðan vetrinn kómu til Þrändheims menn Danakonungs með bréfum; fluttu þeir bréfin fyrir rikismenn ok vingjasir með, er Danakonungr hafði sent þeim. En þat var í bréfum, at Danakonungr ætlaði at fara með her sinn í Noreg ok vill leggja land undir sik ok kallar þat frændleifð sína, heitr þróendum vingan sinni, ok at þeir skuli vera slikir menn í Noregi, sem fyrr hafa þeir verit í forneskju, ok þeir eigu ætterni til; lætr meiri ván, at hann muni einnhvern þeirra til konungs taka eða landshöfðingja.

271. Margir skipuðusk hér vel við, ok gera í móti jartegnum hans bréf, ok heitask undir hann; ok fásk þau andsvör at lyktum: „Ef Erlingr skakki verðr svá djarfr, at hann kemr inn um Agðanes, þá skal hann eigi með fjörvi á brott fara.“

